

# JÓN ÁRNASON

áttæður

ÚRVAL  
ÚR GREINUM HANS  
OG AFMÆLISKVEÐJUR  
FRÁ NOKKRUM  
VINUM



Aðalumboð  
Bókaforlag Odds Björnssonar  
Akureyri



**Jón Árnason musterisriddari**

INDRÍÐI INDRÍÐASON

bjó til prentunar

Printed in Iceland

AKUREYRI

PRENTVERK ODDS BJÖRNSSONAR H.F.

MCMLV

## Efnisyfirlit

Bls.

Fáein formálsorð - - - - -	5
<b>AFMÆLISKVEDJUR FRÁ NOKKRUM VINUM</b>	
Í heimsókn hjá stjórnulesara - - - - -	7
Jón Árnason og reglustarfsemin - - - - -	19
Ávarp alþjóða-hátemplars - - - - -	25
Ávarp frá yfirmanni Co-Frímúrara á Norðurlöndum - - -	25
Ávarp frá æðsta manni Reglu musterisriddara - - - - -	26
Jón Árnason guðspekingur - - - - -	28
Jón Árnason prentari - - - - -	28
<b>ÚRVAL ÚR GREINUM JÓNS ÁRNASONAR</b>	
Gagnsemi dulfræða - - - - -	35
Táknfræði - - - - -	40
Táknfræði kirkjunnar - - - - -	46
Rök stjörnuspekinnar - - - - -	51
Bindindi – framþróun - - - - -	54
Sjálfstæði - - - - -	56
Þjónusta - - - - -	60

## Fáein formálsorð

Tilgangur þessarar bókar er að kynna mönnum Jón Árnason, prentara og táknafræðing, sem nú er átræður.

Íslensk þjóð hefur fyrr og síðar alið marga kynlega kvisti, er af meðfæddum hæfileikum og stakri andans mennt hafa vakið á sér alþjóðar athygli. Jón Árnason er einn þeirra.

Jón Árnason er að sumra hyggju einn hinn merkilegasti maður okkar samtíðar. Hann sameinar á svo einkennilega skemmtilegan og óvenjulegan hátt eldhvassar og skarpar gáfur og það sem oft er kallað óraunhæft hugmyndaflug, svo sem kenningar hans um táknafræði, stjörnufræðing og annað skylt efni sýna. Trú okkar er sú, að þetta síðarnefnda sé eðlileg og raunhæf afleiðing hinna miklu og sérstæðu gáfna hans. Ástæðunnar fyrir því, að mörgum kann að finnast það óraunhæft og fjarstæðukennt, er að leita í því, að menn skortir forvitni eða kunnáttu til þess að laða huga sinn að þeirri bylgjulengd andlegra athafna, sem þessi starfsemi byggist á. Við hyggjum það vafalausan sannleika að vinur okkar Jón Árnason sé ekki aðeins mjög óvenjulegur og sérstæður persónuleiki, heldur einnig mikill spámaður.

Af þessum ástæðum langaði okkur til að minnst hans með ofurlítið sérstök um hætti á þessum tímamótum.

Í fyrsta lagi með því að gera nokkra grein fyrir ævi hans og störfum, og í öðru lagi með því að birta lítið sýnishorn af því, er hann hefur ritað um hugðarefni sín síðastliðin fjörutíu ár.

Við væntum þess, að eftirfarandi sýnishorn af greinum hans verði til þess að auka mönnum forvitni um sum þau fræði er kenningar hans og lífsviðborf grundvallast á, og það geti orðið hleypidómalausum lesendum hagnýtur áfangi að auknum sjálfsþroska.

Þessar ritgerðir hans hafa allar áður birt á prenti. Þær birtast hér lítið eitt breyttar á stöku stað, sumar hverjar, með tilliti til birtingar í riti þessu, en efnislega óbreyttar.

Megi, lesendur njóta þessa og nema af nokkuð gott, þá er tilgangi okkar náð.

Indriði Indriðason.

Sigurður O. Björnsson.

**AFMÆLISKVEDJUR FRÁ  
NOKKRUM VINUM**

**INDRÍÐI INDRÍÐASON**

**BJÖRN MAGNÚSSON**

**RUBEN WAGNSSON**

**MARIANNE MÖRNER**

**THORLEIF HANSSEN**

**JAKOB KRISTINSSON**

**STEINGRÍMUR GUÐMUNDSSON**

INDRÍÐI INDRÍÐASON

## Í heimsókn hjá stjörnulesara

Það er gengið baka til við húsið og upp sjö þrep inn í anddyrið og síðan krappan stiga með 14 tröppum. Þegar upp er komið, eru dyr á hægri hönd. Ég drep högg á dyrnar, og hvatleg rödd býður mér inn að ganga. Þetta er meðalstórt herbergi, gluggi á stafni andspænis dyrum og veit í norðvestur. Annar hliðarveggur herbergisins þakinn bókum. Við gluggann er skrifborð. Þar situr maður og er að skrifa. Á borðinu liggur opin bók, meðal postilla. Hún er öll þéttprentuð talnadálkum, brotatölum og bókstöfum.

Heimamaður lítur snögglega upp við komu mína og stendur á fætur. Hann er maður við aldur, hár og herðibreiður, beinn og hvatlegur. Hárið er silfurhvítt og stuttklippið yfirskegg. Augun eru blá og snör, andlitið fremur stórleitt en sviphreint, festa og andleg reisin í fasi og framkomu. Hér er hefðarmaður.

Við tókum tal saman, og ég segi honum frá erindi mínu, að mig langi til að eiga við hann tal um ævi hans og störf, ef honum sé það ekki á móti skapi. Hann kveður já við því eftir stutta umhugsun. Ég spyr, hvort ég sé ekki að trufla. – Onei, hann var að reikna stundsja fyrir kunningja sinn. Það getur beðið.

Þessi stóra skræða? Hvaða vísdom hefur hún að geyma? Ég lít á titilsíðuna: Casting the Horoscope, eitt af mörgum bindum um stjörnuspeki eftir Alan Leo.

Svo snúum við okkur þá að efninu, - manninum Jóni Árnasyni fyrrum prentara, táknfræðingi, talnaspekingi, stjörnulesara, og upphafi hans.

## ÆTT OG UPPVÖXTUR

Ég er fæddur í Miklholtshelli í Hraungerðishreppi í Árnassýslu 5. júní 1875. Ég var elzta barn foreldra minna, er höfðu gifzt árið áður og hafið búskap í Miklholtshelli, er var ein af mörgum hjáleigum prestssetursins í Hraungerði.

Árni faðir minn var sonur Jóns bónda á Snotru í Þykkvabæ, Ólafssonar bónda á Seli í Holtum, Jónssonar bónda á Ægissíðu, Þorsteinssonar. Kona Jóns á Ægissíðu var Guðrún Brandsdóttir bónda á Felli í Mýrdal, Bjarnasonar á Víkingslæk, Halldórssonar.

Móðir mín var Þorbjörg Filippusdóttir bónda á Þórunúpi í Hvolhreppi, Jónssonar bónda á Gaddstöðum, Sveinssonar.

Móðir mín missti móður sína, þegar hún var barn að aldri, og er faðir hennar kvæntist öðru sinni, var hún tekin í fóstur af Jóni Halldórssyni presti að Breiðabólstað í Fljótshlíð. Þá var hún sex ára. Ólst hún þar upp síðan. Þegar Sæmundur, sonur séra Jóns, er verið hafði aðstoðarprestur föður síns um skeið, fékk veitingu fyrir Hraungerðisprestakalli og fluttist að Hraungerði árið 1860, fór hún þangað með Sæmundi presti;

Hún var síðan í Hraungerði, unz hún giftist föður mínum haustið 1874, og voru þau þá bæði vinnuhjú Sæmundar prests. Vorið eftir fengu þau ábúð á einni af hjáleigum heimajardarinnar,

Miklholtshelli, og þar fæddist ég, eins og áður getur, á því sama vori. Þá stóðu þau hjón bæði á þrítugu.

Foreldrar mínir bjuggu í Miklholtshelli í tólf ár. Þar eignuðust þau sjö börn og dóu fjögur í bernsku, áttunda barnið eignuðust þau eftir að þau fluttust til Reykjavíkur. Þau voru fátæk. Kotið framfleytti ekki nema einum þrjátíu, fjörutíu kindum og einni eða tveimur kúm. Faðir minn fór til sjós, er hann fékk því við komið. Hann var alltaf meira gefinn fyrir sjóinn en búskapinn.

### **Hvaða fræðslu fékkst þú á barnsárunum?**

Það var lítið um kennslu barna í þann tíð. Ég var einu sinni hálfan mánuð í skóla hjá séra Sæmundi við reikningslærdóm. Hann kenndi mér margskonartölur, brot og í tugabrotum. Sæmundi þótti ég efnilegur og sagði, að ég ætti að fara í skóla, og hann bauð foreldrum mínum að styrkja mig til þess. Ekki varð þó af því. Því var svo einkennilega háttað, að mig langaði ekki í skóla, til þess að læra það, sem helzt var um að ræða og átt var við, að læra til prests. Þó langaði mig til þess að læra, - en það var annars konar lærdómur, ég vildi verða verkfræðingur. Foreldra mína skorti alla getu til þess að þiggja boð prestsins, og ég varð að láta mér nægja með reikninginn að sinni.

Vorið 1886 fluttust foreldrar mínir til Reykjavíkur með okkur þrjú börn sín. Faðir minn festi kaup á torfbæ, er hét Tóftir, af manni þeim, er þar hafði búið og hét Einar Arason. Bæ þessum fylgdi allstór skiki af grýttu holti, þó var Einar búinn að taka undan nokkurt horn af holtinu og byggja í þeirri skák, litlu norðar og vestar, lítið steinhús, og fluttist hann þangað. Sá bær stendur enn og er nú númer 11 A við Lindargötu. Tóftir stóðu á hér um bil á sama stað og húsið nr. 15 við Lindargötu sem við feðgarnir byggðum 1904, er bærinn var rifinn. Þar á ég enn heima og hef átt heima á þessum sama stað frá því að ég kom hingað til bæjarins. Sigurður bróðir minn á þetta hús, en hann er yngstur okkar systkinanna.

### **Hvernig var þá umhorfs þarna í Skuggahverfinu, er þið komuð að Tóftum?**

Því verður ekki lýst í stuttu máli, en þá var engin Lindargata til. Ekki heldur nein Hverfisgata né Smiðjustígur neðan þess, sem nú er Hverfisgata, svo nefndar séu þær götur, sem eru í næsta umhverfi. Næsta gata var Klapparstígur, sem var engin gata, heldur réttnefndur stígur þá. Hann náði úr fjöru og upp að Laugavegi. Tóftaland náði austur að Klapparstíg.

Faðir minn eignaðist smábát fljótlega eftir að hann kom til bæjarins og stundaði róðra. Það var honum að skapi. Einnig vann hann við fiskþurrkun, er á milli féll, - og ýmsa aðra atvinnu, er honum bauðst.

Annan veturinn að Tóftum fékk ég tilsögn hjá Árna Gíslasyni leturgrafara. Hjá honum lærði ég reikning, skrift og kristin fræði. Árni var greindur maður, fróður og vel lesinn. Hann bjó neðst við Skólavörðustíg. Veturinn eftir átti ég að vera í barnaskólanum seinni part vetrarins, frá áramótum 1888-89 til vors, en ekki gat þó af því orðið, því að seint í marz veiktist ég af rauðum hundum, og var þá dvöl minni lokið í skólanum, og þar með lauk skólagöngu minni. Þá var barnaskólinn í húsi því, sem nú er lögreglustöðin, og var Helgi Helgasen skólastjóri.

Um vorið var ég fermdur af Hallgrími Sveinssyni dómkirkjupresti. Hallgrímur varð biskup þetta sama vor, og var fermingin eitt af allra síðustu embættisverkum hans í prestsembættinu.



Stuttu eftir ferminguna réðist ég til sendiferða Og afgreiðslu í Reykjavíkur Apótek til Tvede lyfsala, og var ég þar í þrjú misseri. Stuttu síðar komst ég að Ísafoldarprentsmiðju sem sendill og blaðadregur hjá Birni Jónssyni, og vann ég við það í tæp tvö ár.

### ÉG GERIST PRENTARI

Við snúningana í prentsmiðjunni hafði ég komizt í snertingu við það, sem var ofarlega í huga mínum, hið prentaða orð. Og eftir margs konar heilabrot og umhugsun ákvað ég að gerast prentari, ef þess væri kostur, og haustið 1893, 9. október, hóf ég nám Ísafoldarprentsmiðju. Náms tíminn var fjögur ár.

Ekki var á þessum tímum neitt það til, er hétu iðnskóli, og kennsla fór engin fram, nema einföldustu skýringar á stökum undirstöðuatriðum við borðið og starfið í prentsmiðjunni. Ég fór frá Birni vorið 1897 og átti þá eftir rúma þrjú mánuði af náms tímanum. Bar okkur ýmislegt á milli. Björn þurfti og vildi öllu ráða, jafnt því, er hann þekkti, og hinu, er hann bar takmarkað skyn á eins og prentstarfið, því það hafði hann ekki lært. Frá Birni fór ég til Einars Benediktssonar skálds, er var með prentsmiðju sína og blaðaútgáfu, Dagskrá, í pakkhúsi fyrir vestan gömlu Glasgow. Þar vann ég til haustsins, og hafði ég þá lokið náms tíma mínum og var orðinn fullnuma prentari, þótt ekki fengi maður neitt sveinsbréf sem sönnun fyrir réttindum sínum eins og nú tíðkast. Þá um haustið fór ég í Félagsprentsmiðjuna, er þá var til húsa á Laugaveg 2. Verkstjóri þar var Ólafur Ólafsson prentari. Það var raunverulega fyrsti verkstjórinn, er ég vann með og lærði af. Í Félagsprentsmiðjunni var ég í rúmt ár. Þar vann ég mest við setningu á Fornbréfasafninu. Í ársbyrjun 1899 réðist ég til Aldarprentsmiðjunnar og var þar fram á vor að þingstörf hófust. Þá bað Björn mig að koma til sín í Ísafold. Þar var annasamt yfir þingtímann, því þar voru prentuð þingskjöl og fleira tilheyrandi þinghaldinu. Eftir þinglausnir var mér sagt upp í Ísafold. Undanfarið hafði verið minnkandi atvinna, haustið fór í hönd, og það var engin vinna fánleg, það þurfti enginn vinnu minnar við.

### FYRSTA UTANFÖR

Þetta haust ákvað ég að fara til Noregs í atvinnuleit. Ég þekkti Davíð Östlund, og hann lét mig hafa meðmælalabréf til stórrar prentsmiðju, er aðventistar áttu í Kristjáníu. Einnig fékk ég meðmælalabréf hjá Jóni Ólafssyni ritstjóra til Haakon Nyhus bókavarðar í Kristjáníu, en þeir Nyhus og Jón höfðu báðir verið bókaverðir við almenningsbókasafnið í Chicago fáum árum áður.

**Var þetta ekki í nokkuð mikið ráðizt, að fara til útlanda til þess að stunda prentverk, án þess að kunna málið til hlítar?**

- Blessaður vertu, það voru allir félagar mínir þess fullvissir, að þetta væri fullkomin forsending, en ég lét mig það engu skipta. Ég fékk far með einum af Vídalínstogurinum, er svo voru nefndir, til Englands, með áttatíu krónur upp á vasann. Frá Englandi fékk ég ferð með flutningaskipi til Kristjáníu.

Þegar þangað kom, ríkti mjög mikið atvinnuleysi í Kristjáníu meðal prentara og einnig í sumum öðrum atvinnugreinum. Olli því gjaldþrot stóriðnaðarfyrirtækis. Í prentsmiðju þeirri, er bréf Östlunds var stílað til, var enga atvinnu að fá. Tveir menn voru þar að nafninu til við

vinnu, en höfðu stuttu áður verið um fimmtíu. Var mér sagt það, að tæplega sex hundruð prentara væru atvinnulausir í borginni. Mér leizt nú ekki á blikuna, en ákvað þó að hitta Nyhus, þótt ólíklegt virtist, að það bæri nokkurn árangur. Það fór þó allt á annan veg. Nyhus tók mér hið bezta og gaf mér meðmæli til prentsmiðju nokkurrar, Gunnarsens Bog- og Node-trykkeri. Ekki veit ég, hvað hann hefur sagt, en það hefur verið eitthvað mergjað, því það hafði þau áhrif, að ég gat hafið vinnu þar þegar á næsta degi.

Erfitt reyndist í fyrstu að hafa í fullu tré við vinnufélagana í prentsmiðjunni, því olli málið. Ég hafði lært dönsku og norsku eingöngu af sjálfum mér og var raunar allvel að mér í þeim málum, en það, sem reyndist erfiðast, var hinn margbreytilegi ritháttur, sem notaður var þar. Þó varð ég furðu snemma hlutgengur í starfinu og undi hag mínum hið bezta.

Eftir þriggja missera dvöl í Kristjáníu vorið 1901 hugði ég á ný til heimferðar. Fékk ég far frá Túnsbergi með Barðanum, sem var eitt af flutningaskipum Ellefsens. Á leiðinni heim var komið við í Trangisvaag í Færeyjum og teknir þar bræðslukatlar, sem farið var með til Mjóafjarðar, en þá var Ellefsen að flytja starfsemi sína frá Sólbakka að Asknesi. Frá Mjóafirði var haldið suður um land til Reykjavíkur, en þaðan fór Barðinn vestur að sækja varning, er fara átti austur að Asknesi. Þessi ferð varð mér ódýr. Fargjald þurfti ég ekki að greiða, aðeins fæðiskostnað, sem reyndist ein króna á dag, eða fimmtán krónur alls.

## GUTENBERG

Árið 1904 ákváðum við tuttugu prentarar að stofna með okkur félag til þess að koma upp eigin prentsmiðju. Vitað var, að þetta nýmæli hlaut að mæta mótstöðu þeirra tveggja aðalprentsmiðja, er fyrir voru, Ísafoldar- og Félagsprentsmiðjunnar. Orsök þeirrar mótstöðu mátti kalla fullkomlega eðlilega, því ekki einungis kynni hin nýja prentsmiðja að verða hættulegur keppinautur, heldur voru líka flestir af væntanlegum stofnendum hennar prentarar úr þessum prentsmiðjum. Höfuðástæðan fyrir þessari ráðabreytni okkar var óánægja prentara með atvinnuástöðu sína og öryggi, og svo von um betri afkomu. Allur fyrsti undirbúningur fór fram með mestu leynd. Okkur tókst að útvega okkur lóð við Þingholtsstræti. Síðan var Magnús Th. S. Blöndahl trésmíðameistari, er þá var framkvæmdastjóri og meðeigandi Völundar, ráðinn til þess að byggja stórhýsi á lóðinni. Meginhluta vélanna fengum við erlendis frá. Í ársbyrjun 1905 var byrjað að starfa í prentsmiðju Reykjavíkur fyrir reikning hlutafélagsins Gutenberg, en svo hét hin nýja prentsmiðja, - en ekki var byrjað að vinna að prentun í hinu nýjaprentsmiðjuhúsi fyrr en seinni partinn í febrúar það ár, og var þá frá öllu gengið. Hefur prentsmiðjan verið þar til húsa síðan sem kunnugt er.

Hér er hvorki staður né stund til þess að skýra nánar frá rekstri prentsmiðjunnar, þó að óneitanlega hefði verið gaman að rifja upp ýmislegt, sem fyrir kom á fyrstu árunum. Óhætt er að segja, að rekstur prentsmiðjunnar gekk yfirleitt vel, og vann Gutenberg sér skjótt álit fyrir vandaða vinnu, enda var hún í byrjun, og um langt skeið síðan, búin betri vélakosti heldur en hinar prentsmiðjurnar. Þorvarður Þorvarðsson tók við stjórn hennar í upphafi og var fyrir henni um aldarfjórðungs skeið eða til 1930, að hún var seld ríkinu og Steingrímur Guðmundsson tók við stjórn hennar. Ég varð þegar í upphafi fastur starfsmaður, og í Gutenberg vann ég í full fjörutíu ár, eða til vorsins 1945, að ég varð sjötugur. Hlaut ég þá nokkur eftirlaun úr starfsmannasjóði prentsmiðjunnar. Þó er tengslum mínum við Gutenberg

ekki að fullu lokið ennþá, því síðan hef ég haft það starf með höndum að bræða og hreinsa hinn notaða málm frá setningarvélum prentsmiðjunnar.

Auk prentiðnarinnar lærði ég aðra iðn viðkomandi prentverki, en það er fastaletrun (stereotype). Það lærði ég 1908 og vann nokkuð að því um tíu, tólf ára skeið. Er sú iðn nú með öllu niður lögð, og aðrar aðferðir notaðar í þess stað. Það er seinlegt verk og vandunnið, en það var í því fólgið að gera afsteypur af því, er sett var með lausu lettri (handsett) eins og allt var í þá daga, og geyma þurfti til endurprentunar. Einnig kom það fyrir, að ég gerði leturafsteypur af etsingum, áður en prentmyndagerð var stofnuð hér. Þannig var það á fyrri stríðsárunum, að ég gerði afsteypu eða myndamót af stirnpilmerkjum fyrir landsstjórnina, er þá voru fyrst tekin í notkun. Ríkarður Jónsson gerði teikningu af merkjunum og skar hana út, en ég gerði síðan mótin og steypiti plöturnar. Eru flest þessara móta notuð enn og prentað eftir þeim eftir meira en þrjátíu ára notkun. Geta má þess einnig til gamans, að ég lærði hjá Sigmundi Guðmundssyni í Ísafold að setja grískt letur, og kom það ekki ósjaldan fyrir, að ég þurfti að grípa til þess, en það kunnu fáir.

### ANNAD LÍF Í ÞESSU LÍFI

Þá er lokið í stuttu máli að skýra frá starfsferli Jóns Árnasonar, en með því er þó saga hans ekki hálfsgöð. Því er svo varið með suma menn, að þeir eiga sér hugðarefni, sem oft kunna að vera fjarskyld atvinnu þeirri, er veitir þeim lífsframfæri. Hefur það reynzt mörgum mannum erfitt að rækja hvort tveggja svo að vel færi, en þeim vanda var Jón vaxinn. Hann hefur ætíð reynzt hinn vandaðasti verkmaður í iðn sinni, traustur og heill, - og með ástundun hugðarefna sinna hefur hann komizt langt í menntun og sjálfsþroska og um sumt náð merkilegum árangri. Áhugamál Jóns hafa verið, þegar frá er skilin góðtemplarareglan, - stjórnuspeki, táknfræði og dulspeki.

Jón komst snemma á árum, við inngöngu í reglu góðtemplara, í samband við táknfræði og dulspeki, og alla daga síðan hefur hann verið að leita og spyrja.

### REGLA GÓÐTEMPLARA

Það var á Þorláksmessu árið 1888 sem Jón gekk í barnastúkuna Æskan nr. 1, og þar hefur hann verið félagi síðan, - nú um langt skeið sem heiðursfélagi. Gæzlumenn í Æskunni þá voru Gestur Pálsson skáld og Magnús Zakaríasson. Þá þegar á barnsaldri varð margt í fyrirkomulagi og fundarsíðum reglunnar til þess að vekja hjá honum forvitni. Hví er þetta svona? Einmitt svona? Jafnframt því, er hann spurði sjálfan sig þessara spurninga, var hann þess fullviss, að þessu réði ekki hending ein, heldur lægi þessu til grundvallar orsakir, ástæður, lögmál, sem væru sér dulin sökum þekkingarskorts. Úr því vildi hann bæta með því að fræðast um þann grundvöll, er siðakerfi reglunnar byggðist á. Löngun hans til fræðslu um þessi efni mun fyrst og fremst hafa stafað af hneigð til dulspeki, en jafnframt koma þarna í ljós þau skapgerðareinkenni, sem ætíð hafa verið sterkur þáttur í lífi hans og starfi, vandvirkni hans og heiðarleiki. - Að kynna sér til fullrar hlítar það, sem hann vildi eða hlaut að eiga nokkur afskipti af. Hann leit á regluna sem góðan og mannbætandi félagsskap, þess vegna bar honum að kynna sér siði hennar og venjur og það, er að baki lá hinni þögulu táknfræði, er birtist í tilhögun og framkvæmd fundarstarfsins.

Eftir að Jón hafði starfað tvö ár í Æskunni, gekk hann í undirstúkuna Verðandi. Þar var hann fá ár, flutti sig þaðan í Eininguna og var þar um skeið og síðar í stúkunni Bifröst. Árið 1927 var hann einn af aðalstofnendum stúkunnar Freyju og hefur starfað þar síðan.

Þegar Jón fór til Kristjáníu um aldamótin, eins og fyrr getur, komst hann fljótlega í kynni við góðtemplara þar í borg. Sótti hann að jafnaði fundi þeirra og tók drjúgan þátt í umræðum. Varð þetta honum mikil hjálp í prentiðninni til þess að fullnuma sig í málinu. Með þátttöku sinni í reglustarfinu í Kristjáníu fékk hann aukna fræðslu um grundvöll og táknafræði reglunnar, því þar kynntist hann sumum helztu forvígismönnum hennar, svo sem Johan Hvidsten, er síðar var um langt skeið stórtemplar Norðmanna. Þar gafst honum einnig betra færi á að fá bóklega fræðslu um margt af því, er hann hafði hug á að fræðast um.

Sumarið 1900 sat Jón stórstúkuþing Norðmanna og tók þar hástúkustig 8. ágúst, en það er æðsta stig, sem til er innan góðtemplarareglunnar. Hafði einn íslendingur tekið það stig áður, Jón Jónsson læknir, er hafði verið veitt stigið í London 1897.

Þegar Jón kom heim til Íslands aftur vorið 1901, var hann með umboð frá Edward Wawrinsky, þáverandi hátemplar, til þess að veita hástúkustig. Á stórstúkuþinginu um vorið í Reykjavík veitti hann stigið nokkrum mönnum, þar á meðal Indriða Einarssyni þáverandi stórtemplar og Guðmundi Björnssyni læknaskólakennara, síðar landlækni. Á því þingi var Jón kosinn í stjórn stórstúkurmar og sat þar síðan samfleytt um tuttugu ára skeið.

Árið 1910 tók Jón við ritstjórn Templars af Péttri Zophoníassyni. Var Jón ritstjóri blaðsins um tólf ára skeið og jafnframt afgreiðslumaður þess. Templar, sem var lengst af mánaðarblað, var gefinn út af nokkrum áhugamönnum með styrk frá stórstúkunni, en síðar tók stórstúkan við útgáfu blaðsins.

Jón ritaði mikið af blaðinu þessi tólf ár, sem hann var ritstjóri. Hann setti það að miklu leyti og las prófarkir, útvegaði auglýsingar og sá um afgreiðslu. Þetta vann hann sem áhugastarf, algjörlega kauplaust, og varð enda stundum að greiða drjúgan skilding í ofanálæg með blaðinu. Mjög var blaðið misjafnlega séð og liðið, en um hitt voru flestir sammála, að vel væri það ritað. Í orðabók Jóns Árnasonar fannst ekki orðið "afsláttur". Hann hafði tekið tryggð við málstað reglunnar og grundvallarlög. Hann var því lítt til þess hneigður að sýna nokkra linkind, jafnt mótstöðumönnum sínum andbanningum sem reglufélögum, ef honum þótti þeir sýna afslátt og undanlátssemi, er kynni að veikja siðferðisgrundvöll reglunnar. Er Spánarvínin voru lögleidd, birti hann gagnrýni á suma af forráðamönnum reglunnar, sem jafnframt voru áhrifamenn í stjórn máli, og lét í ljós vanþóknun á störfum þeirra, með því að þeir hefðu ekki staðið svo í ístaðinu sem þeim bar, fyrir málstað reglunnar. Vildu sumir, að Jón segði lausri ritstjórn blaðsins, en hann sá ekki ástæðu til þess. Kom það til umræðu í framkvæmdanefnd stórstúkunnar, hvort skipta skyldi um ritstjóra og láta Jón víkja. Tillaga um að Jón yrði ritstjóri áfram var samþykkt með sex atkvæðum gegn þremur, en tveir sátu hjá. Eftir það sagði Jón ritstjórn blaðsins lausri. Hann kærði sig ekki um að fást við það lengur, eins og máli var komið, en kærði sig á hinn bóginn ekki um, að hægt væri að segja, að hann hefði verið fældur frá ritstjórn blaðsins eða rekinn, nema það kæmi greinilega í ljós, að vilji og aðstaða væri til þess. En því er farið svo nákvæmlega út í þetta atriði hér, að sá orðrómur komst á, að honum hefði verið vikið frá, en það hefur hann aldrei hirt um að leiðrétta opinberlega fyrr en nú. Jón Árnason hefur lengst af síðan um aldamót, að hann flutti

hástúkustigið til landsins, verið umboðsmaður hátemplars á landi hér og veitt hástúkustig í umboði hans, þeim er það hafa tekið.

### GUÐSPEKIFÉLAGIÐ

Það var á árunum 1912-13 sem Jón komst fyrst í kynni við kenningar guðspekinga. Á þeim tíma hélt Jón Aðils dósent fyrirlestra við háskólann í íslenskri sögu og bókmenntum. Var Jón að staðaldri áheyrandi á þessum fyrirlesturum, og með þeim hætti tókst kynning með þeim nöfnum. Guðspekifélagið var þá fyrir skömmu stofnað, og var Jón Aðils formaður þess. Fékk Jón að láni hjá honum bækur til þess að kynna sér þessi efni. Er hann hafði lesið allt það, er handbært var um þá hluti, var honum ljóst, að í þessu var að finna margháttaðan skyldleika við ýmislegt af því, er honum var áður meira og minna kunnugt í sambandi við nám sitt í táknafræði. Flest af því, er hann las um þetta efni, var á ensku, en hana hafði Jón lært að mestu leyti af sjálfum sér, þótt hann væri eitt sinn skamman tíma á námskeiði hjá Þorgrími Goodmundsen túlki. Erfiður reyndist lesturinn í fyrstu, er hann fór að plægja í gegnum fræðibækur um kenningar guðspekinga, en það erfiði margborgaði sig í tvennum skilningi. Bæði hvað snerti fræðslu þá, er hann hlaut, og svo hitt, hversu góður skóli þetta reyndist honum í enskunni, sem hefur verið lengst af síðan það tungumál, er hann hefur lesið mest á af fræðiritum alls konar. Síðan þetta var, hefur jón gefið sig mikið að námi í guðspeki og fræðslu um þau efni. Hann er þannig gerður, að hann þráir að fræðast og fræða aðra. Jón var um langt árabíl formaður Reykjavíkurstúku Guðspekifélagsins, og er þar enn sterkur og lifandi kraftur.

Þegar hann var kominn vel niður í enskunni, gáfust ólíkt fleiri tækifæri að fræðast um ýmislegt það, er þann hafði lítil tök á áður. Austræn dulspeki margs konar, stjörnuspeki, táknafræði og egyptalandsfræði varð honum nú aðgengilegt með því að pantu sér bækur frá Englandi varðandi þessi efni.

### RÓSAKROSSREGLAN, CO-FRÍMÚRARAREGLAN OG REGLA MUSTERISRIDDARA

Árið 1916 gerði Jón sér ferð til Oslóar. Höfuðerindi hans var tvenns konar og þó skylt. Hann vissi af austurlenzkri leynireglu, ævaforntri en fámennri, og vildi hann freista að fá inntöku í reglu þessa. Nafn hennar var Rósakrossreglan. Hitt erindið var að hlusta á fyrirlestra um stjörnuspeki (astrology), er hann vissi, að þar yrðu fluttir. Hvort tveggja fór eftir áætlun. Jón fékk inngöngu í Rósakrossregluna og hlýddi á þrjá fyrirlestra um stjörnuspeki. Sá háttur var viðhafður í sambandi við fyrirlestrana, að áheyrendur máttu gera munnlegar fyrirspurnir að fyrirlesturum loknum, og var Jón sá eini meðal áheyrenda, er notfærði sér það. Er hann kom heim úr þessari för, skrifaði hann til bókaútgefanda í London og fékk vísindarit og kennslubækur í stjörnuspeki og tók að lesa þessi fræði.

Það skeði einnig í þessari för, að Jón komst í kynni við Reglu Co-Frímúrara (L'ordre Masonic Mixte Internationale). Gekk hann þá í reglu þessa fyrstur manna hérlendis. Þar var að finna nýtt og merkilegt verkvið í siðaspeki og táknafræði allfrábrugðið því, er hann hafði áður kynnt, Tók hann þegar ástfóstri við kenningar hennar og siði.



Í byrjun ársins 1921 fór Jón þriðju ferð sína til útlanda. Fór hann þá til Kaupmannahafnar og Oslóar, og var tilgangur fararinnar sá, að fá Co-Frímúrararegluna flutta inn tillandsins. Gekk það að óskum, og varð Jón því til þess að stofnsetja reglu þessa hér á landi. Þá voru hér fimm menn aðrir, sem voru meðlimir reglunnar. Þess er rétt að geta, að til eru tvær greinar frímúrara. Önnur reglan vinnur eftir hinu sænska kerfi. Hún var stofnuð tveimur árum áður hér á landi. Co-frímúrarar vinna eftir hinu forna skozka siðakerfi, og eru höfuðstöðvar þeirra í Frakklandi.

Allt frá 1921, að Jón flutti reglu þessa hingað tillandsins, hefur hann verið einn af forustumönnum hennar hérlendis og enda til margra ára í aðalstjórn hennar á Norðurlöndum. Hefur Jón farið utan fjórum sinnum til þess að sitja stjórnarfundir reglunnar og vinna að málum hennar, árið 1928 til Stokkhólms og árið eftir til Stokkhólms og Kaupmannahafnar og síðan 1946 og 1950 til Stokkhólms.

Árið 1949 varð Jón til þess að flytja inn og stofna hér á landi Reglu musterisriddara. Það er regla, sem hefur ævibindindi að inntökuskilyrði. Hún er ævafornt að stofni til, upphaflega stofnuð árið 1118 í Jerúsalem af krossferðariddurum. Er góðtemplarareglan að nokkru sniðin eftir henni.

Þá hefur Jón lagt fyrir sig um alllangt skeið (20-30 ár) talnaspeki (cabalistic-astrology).

## STJÖRNUSPÁR

Þess hefur stuttlega verið getið hér að framan, að Jón hafi frá 1916 stundað stjörnuspeki. Mun óhætt að fullyrða, að hann sé öllum núlifandi mönnum hérlendis fróðari í þessum efnum, og ef til vill hefur enginn Íslendingur nokkru sinni verið jafnlærður í þeim efnum.

Stjörnuspeki er ævafornt fræðagrein og miklum mun eldri en sögur kunna skil á. Voru fræði þessi í miklum hávegum höfð fyrir á öldum. Orðlagðastur íslenzkra manna í stjörnuspeki var Oddur biskup Einarsson í Skálholti, er nam fræði þessi hjá hinum heimsfræga stjörnu-speking og fræðing Tyho Brahe á eyrni Hveðn um 1580-90.

Jón hefur gert allmikið að því um dagana að "spá í stjörnur", eins og kallað var í gamla daga, en það er að reikna út eftir gangi himintungla spádóma um óorðna atburði almennt og það, er viðkemur einstökum mönnum.

Að reikna út liðna og ókomna ævi einstaklinga og gefa af því lýsingu, er kallað að gera stundsja (hóróskóp), og eru enn varðveittar ýmsar stundsjár frá fyrri öldum, samdar fyrir keisara og preláta þeirra tíma af Brahe og ýmsum fleiri spékingum.

Stjörnuspekin byggist á miklum útreikningi og flóknum formúlum. Til þess að reikna út stundsja þarf mikla færni. Allt er reiknað út í þríhyrningafræði. Undirstaða alls þess útreiknings, sem fram fer, er gagnger stjarnfræðileg þekking.

**- Er nokkur leið til þess að segja öðrum frá þessu í fáum orðum, með þeim hætti, að þeir verði nokkru nær, hvert verið er að fara? verður mér á að spyrja.**

Jón réttir sig í sætinu og lítur kviklega til mín. Síðan rennir hann sjónum út á sundin, sem speglast glælygn og gulli mnerluð í geislum kvöldsólarinnar. Augun blika, líka hið ósýna auga hans, - og mér flýgur í hug, að með því muni hann sjá "of heima alla", þá er okkar sjáandi

augu ekki ná til, en Jón hefur verið einsýnn sem hinn alvísi Óðinn í rösk þrjátíu ár, og fór þá utan til þess að freista að fá sjóninni borgið, þótt það tækist ekki. Er það áttunda utanferð Jóns sem hér um getur.

- Stjörnuspekikerfið er byggt á sveifluáhrifum, er sól, tungl og plánetur senda frá sér til jarðarinnar. Ennþá eru áhrif þess ekki sönnuð eftir þeim leiðum, er raunvísindin fara, eða réttara sagt, vísindamennirnir hafa ekki enn fundið þess! áhrif, en líklegt er, að ekki líði langt um þangað til þeir verða að viðurkenna þau. Í þá átt benda M-geislarannsóknir þeirra. Um áhrif sólar og tungls er ekki að efast, því þau eru öllum kunn.

**- En hvernig má það ske, að samband geti verið á milli sólkerfisins og mannsins? Hvernig er unnt að lesa skapgerð og líf manns út úr hinum ytri afstöðum í sólkerfinu á því augnabliki, sem hann fæðist?**

- Það verður ekki skýrt til fullnustu í stuttu máli. Það er allt of örðugt að koma mönnum inn í hinn dýpri skilning á því. En aðalatriðið er það, að á því augnabliki, sem fæðing manns fer fram, er fullkomið samband milli áhrifasambandanna í sólkerfinu á þann stað á jörðu, sem hann fæðist á, og hans sjálfs. Skapgerð hans og uppistöður lífs hans eru til staðar í honum sjálfum. Hann kemur með það með sér frá fortíðinni. Það er veganesti hans á þessari nýju vegferð hér á jarðríki. Hann getur ekki fæðzt nema á því augnabliki, sem þetta samræmi er til staðar, og því er mögulegt að lýsa skap gerð hans og örlögum og lesa þau út úr afstöðu sól kerfisins gagnvart fæðingarstað hans og fæðingartíma.

Stundsja eða ævisja er eins konar uppdráttur af himninum og sýnir afstöður dýrahings, sólar, tungls og pláneta gagnvart ákveðnum depli á jörðu hér á ákveðinni stundu og mínútu.

Afstaða sólar, tungls og pláneta í dýrahingnum er reiknuð og sett inn í ævisjána, miðað við þá stund og stað, þar sem maðurinn fæddist, sem ævisjain er gerð fyrir. Dýrahingurinn, sem umlykur og inniheldur stundsjárformið, skiptist í fjóra reiti, austursjóndeildarhring, hádegismark, vestursjóndeildarhring og miðnæturmark.

Þessi fræði byggja á samvinnuheild altilverunnar og lífi manna fyrir og eftir þessa jarðvist. Væri þetta lögmál ekki fyrir hendi, er enginn grundvöllur til fyrir stundsjainni eður öðrum spádómsútreikningum þessara fræða.

### ÞAD, SEM ÞESSI FRÆÐI KENNA

Tilgangurinn með iðkun þessara fræða mætti segja í stuttu máli að væri sá að sýna, að öll tilveran er ein samvinnandi heild, þar sem engu er ofaukið og ekkert vantar. Af þessari heild er sérhver einstaklingur óaðskiljanlegur partur. Mannkynið er enn við upphafið að óendanlegri leit, því þekking okkar er aðeins agnar lítið brot móts við hið óþekkta.

Með þá skoðun að grundvelli, að tilveran sé ein allsherjarorka, allsherjarlíf og vitsmunir, reiknar stjörnuspekin út stundsja manna. Í þeim útreikningi er sundurgreind skapgerð einstaklingsins, sálarlíf hans og öll einkenni og örlög þau, er fólust í því pundi, er hverjum og einum var fengið að vegarnesti. Stundsjaín leggur drög að spá um það, með hverjum hætti einstaklingurinn ávaxti sitt pund, - þegar tekið hefur verið tillit til þeirrar afstöðu og aðstæðna, er mestu réðu í hinni samvinnandi vitsmunaheild alheimsorkunnar - þegar einstaklingurinn hóf sitt hérvistarskeið.

## ÞEKKTU SJÁLFAN ÞIG!

Það, sem mest á ríður, er að læra að þekkja sjálfan sig og sínar eigin takmarkanir, jafnframt því sem við verðum að læra að skilja, að við erum óaðskiljanlegur partur af sjálfum guðdómnum og eigum fyrir okkur að ná margvíslegri fullkomnun.

Frá löngu liðnum öldum hafa verið til vissar aðferðir til þess að kenna mönnum þessi fræði. Það voru launhelgarnar egyptzku.

Allar þær reglur; er á hefur verið minnzt hér að framan, eru mismunandi skólar í þessum fræðum, þar sem menn eru undirbúnir með líkingum, kenningum og fræðslu til að skilja þessa hluti, svo þeir verði til þess færir að lifa hófsömu vitsmunalífi sjálfum sér og öðrum til blessunar sem jákvætt afl í framvindu tilverunnar. Áhrifamesta kennslutækið, sem allar leynireglur hafa yfir að ráða, er táknmálið. Það er hið upprunalega allsherjarmál, sem án orða opinberar hverjum þeim boðskap sinn, sem í auðmýkt og einlægni vill opna huga sinn og skilning fyrir þögulli fræðslu þess.

Upphafið að þessari fræðslu fékk ég á unga aldri, er ég fór að kryfja til mergjar það, er lá að baki táknmáli og síðum góðtemplarareglunnar. Síðan hef ég stöðugt verið að leita og spyrja. Kenningar guðspekinga og hið leynda starf Co-Frímúrara-, Rósakross- og Musterisriddarareglanna hefur allt, hvert með sínum hætti, aukið skilning minn og þroska á þessum sviðum. Jafnframt hefur það verið mér óbeinn stuðningur í rökvísri fullvissu um gildi stjórnspekinnar sem hinnar raunverulegu og ályktunarhæfu afleiðingar þeirra sanninda, er táknfræðin felur í sér. Allir þessir straumar renna að einum. og sama ósi, - ósi hinna fornhelgu egyptzku fræða.

## OG ÞÁ ERU ÞAÐ STJÓRNMÁLIN

**- En hvað um stjórnmálin? Einhvers staðar hefur þú væntanlega verið í flokki um dagana, og ekki hjá því farið, að þú hafir myndað þér skoðanir um stjórnmálin fyrr og síðar?**

Jú, sitt hvað hefur maður hugsað um þau mál líka, eins og gengur. Ég hugsaði lítið um þau framan af árum. Um alllangt skeið stóð ég næst stefnu Framsóknarflokksins, en nú hin síðari ár er mér stefna Alþýðuflokksins hugstæðari, en annars hef ég aldrei tilheyrt neinum flokki. Ég hef viljað vera frjálslýndur í þessum efnum og ætíð reynt að vinna aðalatriðin frá aukaatriðunum. Aðalatriðið er að reyna að meta þetta frá hagfræðilegu og sannpraktísku sjónarmiði (og á ég þar við að miða yfirleitt ekki við stundarhagnað, því slíkt stofnar til hrossakaupa með samvizkuna) og umfram allt að vera sjálfum sér samkvæmur, þar eins og annars staðar.

**- Hvað viltu þá að endingu segja mér um þessa "síðustu og verstu tíma" hér innanlands, svo við sleppum nú þeim stóra heimi?**

Þessir tímar eiga að kenna okkur, hvernig ekki á að gera hlutina. Kjarkleysi stjórnmálamannanna nú um nokkurt árabil við að gera hlutina eins og þeir vissu þó réttast, er höfuðorsökin í núverandi ástandi. Og undirrot þessarar orsakar ætíð, er hræðslan við



augnabliksfylgissmissi kjósenda. Og þetta halda stjórnámálamennirnir yfirleitt að geti blessað, - en þvílíkum athöfnum getur engin varanleg blessun fylgt.

Að vinna ekki eftir sínum takmarkaða skilningi og beztu getu að úrlausn sérhvers máls, er að bregðast lífinu og svíkja sjálfan sig. Þetta er að vísu ekkert sérstakt með stjórnámálamennina, því þetta býr í okkur öllum meira og minna, - en þeir virðast ekki gera sér grein fyrir þeirri ábyrgð, sem á þeim hvílir. Það er ekki hægt að skipta við lífið, alheimsorkuna, guðdóminn, eins og prangara. Það hittir mann alltaf aftur, ef maður svíkst um. Guð skilar alltaf réttum reikningi, þar hallast ekki á, - að lokum.

\*\*\*\*\*

Það er orðið síð kvölds. Rökkvuð sumarnóttin umvefur hið sofandi hús. Ég geng niður stigann með tröppunum fjórtán og þreppunum sjö, og ég er að hugsa um hinn hára þul að baki hinum lokuðu dyrum. - - Í huganum sé ég hann allt í einu uppi í Gutenberg. Hann stendur yfir eldslogandi potti og kastar í hann svörtum málmi. Hann bræðir málminn og síar og hellir honum síðan silfurskærum og sem nýjum í mótin til þess að þjóna allt öðru hlutverki, - til þess að verða farvegur fyrir nýja hugsun, ólíka þeirri, er áður var í málminn greipt. Þetta starf krefst nákvæmni og samvirkusemi. Á vissu hitastigi, á stöku augnabliki, hefur sorinn skilið sig frá. Þá verður aðskilnaðurinn að ske, annars laðast það saman aftur.

Og ég eignast á þessari stundu, við sjöunda þrepið, þá öruggu vissu, að ef heimurinn væri kominn í pottinn til Jóns, þá væri engum betur til þess trúandi en honum að aðskilja kjarnann og hismið á réttu stigi og stundu og skila okkur Í hendur miklu fegurri mannheimi en þeim, er við lifum nú í.

Dómkirkjuklukkan slær tólf.



**Jón Árnason, umboðmaður hátemplars í Góðtemplarareglunni**

BJÖRN MAGNÚSSON

**Jón Árnason og reglustarfsemin**

Þess er getið í æviágripi Jóns Árnasonar í riti þessu, að hann hafi fengið allmikið við dulspæki og starf í ýmsum reglufélagsskap. Sökum þess, að þessi þáttur í lífsstarfi hans er í senn einn hinn veigamesti og sérkennilegasti, verður hér gerð tilraun til að lýsa honum nokkru nánar, eftir því sem þekking nær til og unnt er að greina frá.

Regla er hver sá félagsskapur nefndur, sem hagar störfum sínum eftir föstu, reglubundnu kerfi, hefur um hönd á fundum sínum ákveðnar siðaathafnir, sem oft eru að meira eða minna leyti táknlags eðlis, notar tákni - hluti eða hreyfingar, sem hafa táknlaga merkingu -, og er lokaður félagsskapur, er engir fá aðgang að, nema þeir, sem gangast undir sérstaka inngöngusiði eða vígslu, vinna ákveðin heit og taka á sig þagnarskyldu um allt hið innra starf félagsins eða jafnvel um allt, er snertir félagsskapinn. Sumar leynireglur gefa jafnvel ekkert upp um tilgang sinn eða það markmið, sem félagsskapurinn stefnir að, svo að þeir, er fyrir utan standa, geta af engu markað, hvað fyrir mönnum vakir með starfsemi reglunnar, annað en það, sem ráða má af mannkostum eða framkomu þeirra manna, sem regluna skipa, að svo miklu leyti, sem það er kunnugt, hverjir það eru. En einnig félagaskrár eru að jafnaði leyndarmál, þótt aðspurðum sé félögum heimilt að láta uppi þátttöku sína, ef þeir kjósa svo. Fljótt á litið getur því virzt, að fátt annað en forvitni geti mönnum gengið til að ganga í slíkt félag, sem þeir fá ekkert að vita um, hvað aðhefst eða hvert stefnir. Þetta er þó hótmyndni. Geri menn sér far um, má fræðast um það af alfræðibókum og víðar, að flestar eða allar munu hinar leyndu reglur hafa að markmiði andlegan þroska meðlima sinna, eflingu bræðralags, a. m. k. meðal félaganna, og oft að einhverju leyti sameiginlega hjálp eða tryggingu meðal félaganna. Í veraldlegum eignum. Um hitt getur svo vafalaust á ýmsu oltið, á hvað af þessu er lögð mest áherzla í þessari reglunni eða hinni, hvort þar gætir t. d. meira hinna siðferðilegu og andlegu sjónarmiða, eða þeirra, er lúta að ytri heill og velferð félaganna eða jafnvel mannkynsins alls.

Sennilega munu einnig flestar reglur láta þeim, er leita eftir inngöngu, nokkrar upplýsingar í té um markmið sitt og það, hvers krafizt er af félögum. Flestar þeirra krefjast ævilangrar þátttöku af félögum sínum, svo að ekki er unnt að segja skilið við regluna, eftir að menn eitt sinn eru orðnir félagar. Þess vegna er einnig reynt að búa svo tryggilega um, að ekki gerist aðrir félagar en þeir, sem líkindi eru til, og jafnvel nokkur víska fyrir, að muni reynast færir um að standa við þær skuldbindingar, sem reglan leggur þeim á herðar - og þá ekki sízt um algjöra þagnarskyldu.

Af starfsaðferðum reglnanna, siðastarfi, táknlægum athöfnum og dularmálum leiðir aftur, að ekki eru allir jafnt til þess fallnir að gerast meðlimir þeirra. Flestar munu þær að meira eða minna leyti byggja á viðurkenningunni á andlegum máttarvöldum, er tilverunni stjórna, og andlegri tilveru, utan við svið hins skynjanlega heims. Guðleysingjum og efnishyggju-mönnum er því að jafnaði ekki hent að gerast félagar þeirra. Dulspakir menn og hrifnæmir eiga þar aftur á móti gjarnan heima, en einnig hver sá, sem í alvöru og af einlægni og lítillæti vill leita sannleikans af opnum huga, viðurkennir takmarkanir mannlegrar þekkingar og skynjunar, og lætur samúð og góðgírni ráða afstöðu sinni til annarra manna.

Fjöldmargar reglur leyfa eingöngu körlum að gerast félagar þeirra, og mun það að miklu leyti byggjast á fornri hefð. Aftur eru aðrar, sem veita jafnt konum sem körlum inngöngu.

Reglufélagsskapur, af því tagi, sem nú hefur stuttlega verið lýst, er langt frá því að vera nýlegt fyrirbrigði í sögu mannkynsins, enda þótt fjölmargar reglur hafi verið stofnaðar eða endurskipulagðar á síðustu öldum. Það lítur helzt út fyrir, að þær hafi fylgt mannkyninu svo lengi, sem sögur verða raktar. Meðal frumstæðra kynþátta má finna vísi þeirra í ungmennavígslum, sem framdar eru um það leyti, sem unglingurinn verður frum vaxta, um leið og hann er tekinn í hóp fulltíða manna. Í trúarbrögðum fornþjóða voru hafðar um hönd vígslur, er veittu mönnum aðgang að dularfræðum, er eingöngu hinir innvígðu áttu aðgang að. Þar var einnig að finna mismunandi vígslustig, er menn hlutu fyrst eftir langan og strangan reynslutíma. Einhverjar hinar elztu sögur af slíkum vígslum höfum vér frá Forn-Egyptum. Saga hinnar egypzku fornmenningar nær nokkur þúsund ár aftur fyrir Krists burð, og þó má sjá þess merki, að á þeim tímum, sem elztu ritaðar heimildir eru til um, hefur sú menning staðið í fullum blóma og auðsjáanlega átt að baki sér afar langa sögu, sem nú er mjög lítt kunn. Dulspekingar telja, að hin egypzka fornmenning hafi verið arfur frá hinu horfna landi Atlantis, en hvað sem um það er, þá er eitt víst, að menningarsaga mannkynsins nær óralangt aftur fyrir þá tíma, er vér höfum af ritaðar frásagnir, og er rík ástæða til að ætla, að á öllu því tímaskeiði hafi einhvers konar reglustarfsemi, með vígslum og dularfræðum, er ekki voru gerð uppská nema fyrir hópi hinna vígðu, verið iðkuð og gengið að erfð kynslóð fram af kynslóð.

Frá Egyptalandi hafa hinar fornu reglur, eða öllu heldur hið hugsjónarlegainnihald þeirra, borizt til annarra menningarlanda fornaldar, svo sem til Krítar og áfram til Grikklands hins forna. Þar má finna þær í launhelgunum grísku, sem iðkaðar voru í Delfí, Elevsís og víðar, og í félagsskap Pýþagórasarsinna, er átti sér meginsetur í Króton á Suður-Ítalíu. Er sitthvað kunnugt um vígslur þeirra og síði, er bendir til náinis skyldleika við leynireglur síðari alda.

Önnur grein frá hinum egypzku launhelgum liggur til norðausturs, til Arabíu, Sýrlands og Palestínu, og jafnvel einnig austur til Kaldea í Mesópótamíu, nema þeirra speki hafi átt sér sjálfstæðan uppruna, sem hér skal ósagt látið.

Móses var, sem kunnugt er, alinn upp við egypzku konungshirðina, og hefur vafalaust verið fræddur í speki hinna egypzku launhelga. Eftir fyrri flóttu sinn frá Egyptalandi sezt hann að hjá presti einum í Mídíanslandi, og gekk að eiga dóttur hans. Prestur þessi, sem ýmist er nefndur Jetró eða Regúel, var af kynþætti Keníta, en þeir voru harðgerður hirðingjakynþáttur, er jafnframt stunduðu smíðar, og virðist hafa varðveitt launfræðslu, eins og þekktist með fleiri handverksmönnum fornaldar. Lítt er oss annað kunnugt um Kenítana, en af kynþætti þeirra var kominn Rekab, sem Rekabítarnir eru við kenndir, en þeir eru hin elzta leyniregla meðal Gyðinga, sem nokkuð er kunnugt um að ráði, og er frá þeim sagt í 35. kap. Jeremíaritsins. Það, sem sérstaklega einkenndi Rekabítana, var það, að þeir neyttu ekki víns. Þeir héldu sig að öðru leyti einnig að síðum hirðingja, höfðu ekki fasta bústaði, heldur bjuggu í tjöldum, sáðu ekki sæði, né plöntuðu víngarða. Hafa þeir sennilega tekið þetta allt að erfð frá Kenítum, forfeðrum sínum, sem þá eru ein hin elzta nafngreinda bindindisregla. En fastlega má gera ráð fyrir, að einnig í hinum ævafornu launhelgum hafi bindindis verið krafizt. Um Rekabítana er það tekið fram, að þeir hafi í öllu farið eftir skipunum Jónadabs Rekabssonar, ættföður síns, enda þótt þeirra væri freistað, og fyrir það hlutu þeir það fyrirheit, að þá skyldi aldrei skorta fulltrúa frammi fyrir drottni.

Eftirmenn Rekabítanna og arftakar voru Essearnir, er voru allfjöldmenn leyniregla á Gyðingalandi á dögum Jesú. Einnig þeir höfnuðu nautn allra áfengra drykkja. Margir fræðimenn eru þeirrar skoðunar, að Jesús hafi a. m. k. haft allnáin kynni af Esseum, og jafnvel

verið vígður í félag þeirra. Er ýmislegt, sem styður þá skoðun, þótt ekki verði það rakið hér. Jesús virðist líka hafa haft ýmislegt að fræða lærisveina sína um, sem ekki var ætlað almenningi, eins og ráða má m. a. af orðunum: "Yður er gefinn leyndardómur (mysterion) guðsríkis, en hinir, sem fyrir utan eru, fá allt í dæmisögum." (Mark. 4, 11). Og fram eftir öldum varðveitti kirkjan hulda lærdóma (arkana), sem ekki voru gerðir kunnir þeim, sem fyrir utan stóðu.

En innan kristninnar eru það fyrst riddarareglurnar, sem stofnaðar voru á tímum krossferðanna, er kunnar eru sem sérstakur reglufélagsskapur meðal kristinna manna. En enda þótt oss sé nú ekki kunnugt um þráðinn, þá liggja tengslin vafalaust frá hinum fornu launhelgum og ekki sízt hinum gyðinglegu reglum áfram til riddarareglanna. Ein hin kunnasta þeirra, og um leið um skeið hin völdugasta, var Regla musterisriddara. Sú regla var stofnuð í Jerúsalem árið 1118 af tveimur riddurum, Gotfred frá St. Omer og Hugo af Payns. Fyrir öfund og valdagræði Filippusar fríða Frakkakonungs, er fékk páfa á sitt band, var reglan lögð niður og bönnuð árið 1311, fyrir sakir, er á fyrirmenn hennar voru bornar, en síðari rannsóknir hafa sannað, að voru upplognar. Konungur sölsaði undir sig mest af eignum reglunnar, en forystumenn voru margir af lífi teknir. Síðasti stórmeistari reglunnar, Jakob Molay, var brenndur á báli árið 1314.

Þrátt fyrir þetta þykir fullvíst, að margir riddaranna hafi sloppið við líflát, og að lærdómar reglunnar hafi varðveitt áfram að nokkru, þó hún væri formlega leyst upp. Aðrar riddarareglur voru og áfram við lýði, og eru jafnvel enn í dag, eins og Jóhannesarriddararnir, er sinna hjúkrunar- og líknarmálum.

En sá aðili, sem fremur öllum öðrum varðveitti hina dulfræðilegu arfsögn á miðöldum og allt fram til þess, er nútímareglur voru vaktar til starfa, var iðnfélögin, og þá einkum stétt steinhöggvara og múrara. Það voru hinir lærðu handverksmenn, er reistu hinar óviðjafnanlegu kirkjur miðaldanna, sem enn í dag eru meðal hinna stórfenglegustu listaverka, sem heimurinn hefur eignast. Vegna starfs síns og stéttar urðu þeir að mynda lokaðan félagsskap, sem varðveitti leyndardóma byggingarlistarinnar, en samhliða því bjuggu þessi iðnfélög yfir huldum fróðleik og siðaathöfnum, sem vafalaust hafa geymzt frá grárri forneskju. Af rótum þeirra voru síðan runnin samfélög hinna frjálsu múrara (Freimaurer, Free Masons), er árið 1717 stofnuðu Reglu frímúrara í London. En í Skotlandi höfðu frímúrara einnig starfað óslitið síðan á miðöldum, og er fram liðu stundir, greindust frímúrara í tvær megingreinar, hið skozka kerfi með 33 stigum, og hið sænska, sem er útbreiddara, og starfar á 12 stigum.

Hér verður ekki gerð tilraun til að telja upp hin mörgu reglufélög, sem starfað hafa síðustu aldirnar, og flest munu vera meira eða minna skyld frímúrarafélagsskapnum. Fæst þeirra eru kunn hér á landi, og þeim, er þetta ritar, er ekki heldur kunnugt um nema fæst þeirra. En þó skal vikið nokkru nánar að þeim reglum, sem hafa bindindisheit sem skilyrði fyrir félagsskap, því að sá, sem þetta rit er helgað, hefur starfað mikið í sumum þeirra, og telur sjálfur, að albindindi sé óhjákvæmilegt skilyrði hverjum þeim, sem vill komast hátt í andlegum þroska og vinna að háleitu reglustarfi.

Eins og áður er að vikið, var albindindi á áfanga drykki krafa hinna fornu reglna meðal Gyðinga til meðlima sinna. Ekki er mér kunnugt um, hvort þetta skilyrði hefur haldizt við í nokkrum af reglum eða iðngildum miðaldanna. Á síðustu áratugum 18. aldarinnar kom upp sterk bindindishreyfing í Norður-Ameríku, og var forvígismaður hennar Benjamin Rush,



kunnur læknir og stjórnmalamaður. Með "Washington-mönnunum" sex, er hófu bindindisboðun sína árið 1840, fékk þessi alda stóraukinn styrk, og upp af þeirri öldu reis bindindisreglan "**Sons of Temperance**" 1842. Sú regla hefur náð mikilli útbreiðslu, og er enn starfandi. Er talið, að flestar eða allar bindindisreglur, er síðan hafa verið stofnaðar, eigi rætur sínar að rekja til hennar.

Af þeim skulu hér aðeins nefndar tvær, Góðtemplarareglan og Regla musterisriddara, en af þeim báðum hefur Jón Árnason haft mikil afskipti og góð. Frá starfi hans í Góðtemplarareglunni er sagt allnákvæmlega í ævisögubáttum hans, og verður hér litlu einu við bætt. Saga Góðtemplarareglunnar er einnig svo kunn almenningi hérlendis, að ekki er þörf að rekja hana hér. Það skal aðeins rifjað upp, að Jón var næstfyrsti Íslendingur, er tók hið æðsta stig reglunnar, hástúkustigið, árið 1900. Næsta ár kemur hann heim til Íslands með sérstakt umboð hátemplars til að veita hástúkustigið hér á landi, og veitir það sama ár 8 félögum. Umboðsmaður hátemplars í Stórstúku Íslands var þá Ólafur Rósenkrans, en hafði ekki hástúkustig fremur en aðrir, er verið höfðu það á undan honum. Á stórstúkuþingi 1903 var mælt með Haraldi Níelssyni sem umboðsmanni háternplars, og hafði hann tekið hástúkustig á þingi Alþjóða-hástúkunnar í Stokkhólmi 1902. Veitti hann þá stigið, og einnig á stórstúkuþinginu 1905. Á stórstúkuþingi á Akureyri 1907 var Jón Árnason kjörinn umboðsmaður hátemplars í Stórstúku Íslands, og gegndi hann því embætti síðan óslitið til 1915, og aftur 1919 - 21. Allan þennan tíma veitti hann einnig hástúkustig á hástúkufundum, er haldnir hafa verið í sambandi við stórstúkuþing. Á þessu sama tímabili, 1901 - 1922, var Jón einnig óslitið embættismaður stórstúkunnar, fyrst sem stórgæzlumaður unglíngastarfs 1901 - 1911, þá stórritari 1911 - 1917, aftur stórgæzlumaður unglíngastarfs 1917 - 1921, og loks stórgæzlumaður kosninga 1921 - 1922. Vegna afstöðu sumra ráðandi manna reglunnar til Spánarsamninganna lét Jón af ritstjórn "Templars" 1922, og mun ekki heldur hafa kært sig um að eiga sæti í framkvæmdanefndinni áfram. Dregur hann sig nú um skeið nokkuð í hlé í störfum góðtemplarareglunnar út á við. En 1927 stofnaði hann, ásamt Helga Sveinssyni og ýmsum öðrum þeim, er hvað fastast hafa haldið á málum reglunnar, stúkuna Freyju.

Árið 1939 mælir stórstúkan aftur með Jóni Árnasyni sem umboðsmanni hátemplars, og hefur hann síðan gegnt því embætti allt til þessa dags, og jafnframt veitt hástúkustig á hástúkufundum. Munu mörgum þær stundir harla minnisstæðar, er þeir hafa tekið hið æðsta stig reglunnar undir hans forsæti, og einnig þeim öðrum, er nærstaddir hafa verið. Í allri framkvæmd fundarsíða er hann snillingur af Guðs náð, auðmjúkur og einbeittur í senn, og geislar af honum krafti og innfjálggi.

Í sambandi við Norræna bindindisþingið, sem haldið var í Reykjavík 1953, og til viðurkenningar fyrir hans mörgu og miklu störf fyrir Góðtemplararegluna, sæmdi æðsti maður reglunnar, Ruben Wagnsson háternplar, Jón Árnason heiðursmerki reglunnar úr gulli, sem aðeins er veitt fyrir frábæra þjónustu við málefni reglunnar.

Riddarakrossi Fálkaorðunnar var Jón sæmdur fyrir nokkrum árum.

Maður er nefndur Oskar Snare, Norðmaður, búsettur í smáþorpinu Vágámo nyrzt í Guðbrandsdal. Rísa þar skammt frá í suðvestri hrikalegustu fjöll Noregs, Jötunheimur, með hæstu fjallatindum landsins. Nálægt áramótum 1946 - 47 sá hann þess getið í Morgunblaðinu íslenska, sem einhvern veginn hafði borizt í þennan fjarlæga fjallakrök, að Jón nokkur Árnason ætlaði að flytja erindi á góðtemplarafundi. Einhvern veginn kemur það í hug þessa

Norðmanns í afskekktu fjallaþorpinu, að skrifa þessum Íslending, er hann vissi engin frekari deili á, og láta hann vita, að til væri regla, er hann væri sjálfur meðlimur í, en ekki var enn til á Íslandi. Bréf þetta ritaði hann 27. jan. 1947. Það kom til skila, og hinn 1. marz sama ár skrifar Jón honum til baka, þakkar fyrir gefnar upplýsingar, og vill gjarna fá að vita meira. Fara síðan nokkur bréf á milli þeirra, og eftir að Jón hafði gengið úr skugga um eðli og tilgang reglunnar, eftir því sem heimilt var að láta honum í té fræðslu um þá hluti, og er hann hafði eftir sérstakri fyrirspurn fengið að vita, að reglan krefðist mjög ákveðins bindindisheits af félögum sínum, ritar hann Oskari sitt þriðja bréf, þar sem hann lætur í ljós ákveðna ósk um að ganga í regluna. Oskar Snare sendi þetta bréf áfram til æðsta manns þessarar reglu í Noregi, og hann kemur því svo fyrir, að Jóni var heimilað, ásamt öðrum manni íslenskum, er Jón hafði kynnt málið, að leita upptöku í deild reglunnar í Færeyjum. Verður það síðan úr, að þeir halda til Færeyja í nóvembermánuði 1947, og eru þar vígðir inn í Reglu musterisriddara.

Þess er áður getið, að Regla musterisriddara, í sínu núverandi horfi, ætti uppruna sinn að rekja til "Sons of Temperance", Sú regla var nokkuð laus í reipunum, og kom brátt upp sú ósk innan hennar, að byggja ofan á hana hærri stig, þar sem safna mætti kjarna, er veitti meiri festu. Ýmsir félagar hennar voru einnig meðlimir í hinni amerísku grein frímúrara, er nefndust "Knight Templars". Þeir undirbyggju stofnun þessarar "yfirbyggingar", vafalaust með hliðsjón af kerfi frímúrara, og 1845 var stofnað "heiðurs-musteri" (Temple of Honor), sem þannig var upphaflega hugsað sem viðbót við regluna "Sons of Temperance". En þegar á átti að herða, voru ekki allir innan þeirrar reglu á einu máli um nauðsyn þvílíkrar viðbótar, og varð það þá að ráði, að "Temple of Honor" varð sérstök regla, og skömmu seinna var nafninu breytt í "Temple of Honor and Temperance", og er það enn alþjóðaheiti reglunnar, enda þótt hún sé á Norðurlöndum nefnd Regla musterisriddara.

Hér verður ekki rakin nánar saga þessarar reglu, en aðeins þess getið, að 1887 var fyrsta deild hennar stofnuð á Norðurlöndum. Hefur hún hlotið þar all-mikla útbreiðslu, og eftir síðustu heimsstyrjöld var yfirstjórn hennar flutt frá Ameríku til Norðurlanda, þar sem hún nýtur mikillar virðingar allra, er einhver kynni hafa haft af henni eða félögum hennar. Ekki sízt er það vegna þess, að hún krefst af félögum sínum algjör bindindis, jafnframt því sem hún vill einnig reynast trú því sem felst í heiti hennar, að félagarnir séu í sannleika heiðursmenn.

Jón Árnason lét ekki við það sitja, að hafa sjálfur ásamt öðrum íslending vígzt inn í reglu þessa. Hann sá, að hún átti mikilvægt erindi við landa sína, og taldi það hlutverk sitt, að koma henni á fót einnig hér á landi. Yfirstjórn reglunnar féllst á það, og að loknum nauðsynlegum undirbúningi komu fulltrúar æðstu stjórnar reglunnar til Íslands til að stofna deild hennar í Reykjavík 1949. Var Jón frá upphafi forystumaður þeirra mála og hefur verið það jafnan síðan. Hefur hann tekið miklu ástfóstri við þessa reglu, og fórnað henni miklu, enda mun ekki fjarri sanni, að hann telji það eitt hið mikilvægasta hlutverk, er honum hefur verið falið á hendur um dagana, að eiga frumkvæði að því að Regla musterisriddara var stofnuð og staðfest á Íslandi. Hann er mjög bjartsýnn á vöxt hennar og viðgang, og ekki í neinum vafa um það, að æðri mögn, er hafa valið hann til þessa hlutverks, muni sjá svo um, að ávextirnir af brautryðjandastarfi hans á þessu sviði verði bæði góðir og ríkulegir, þjóðinni til handa og raunar mannkyni öllu.

Þótt hér hafi nú verið fjölyrt sérstaklega um störf Jóns Árnasonar fyrir bindindisreglunnar, er það ekki af því, að hann hafi ekki einnig unnið mikilvægt starf á sviði annarra reglna. Þess er getið, að hann hafi árið 1916 fengið inngöngu í Rósakrossregluna. Það telur hann eina hina

stórfenglegustu reynslu, er hann hafi hlotið á vegum hinna huldu fræða og vígslna. En regla þessi reyndist of þung í vöfunum fyrir framhaldandi starf, eins og nú standa sakir, og mun a. m. k. sú grein hennar, sem hér um ræðir, hafa verið lokuð um all langt skeið. Sama árið gerðist Jón einnig félagi Co-Frímúrarareglunnar, er starfar eftir hinu forna skozka kerfi. Starf hans fyrir þá reglu hefur jafnan síðan verið mjög mikið og merkilegt, enda hefur hann hlotið öll stig hennar, og er hið æðsta (33.), aðeins veitt með sérlegri útnefningu alheimsstjórnar reglunnar, fyrir sérstaka yfirburði í reglustarfi.

Jón Árnason er einstæður maður. Ýmsir munu líta svo á, að starf hans við stjórnspeki og siðaathafnir í leynireglum sé einber hindurviti og hégómi. Útásetningum slíkra manna tekur Jón með góðlátlegu brosi. Sjálfur veit hann, að hið gagnstæða er raunin. Hið ytra, sýnilega og áþreifanlega form þessarar tilvistar er blekking, nauðsynleg að vísu, meðan það er hlutverk mannanna að fást við hana fyrst og fremst, en jafnvíst er hitt, að það sem að baki býr, svið andans og orkunnar, er hið raunverulega, sanna, varanlega. Siðaathafnir og reglustarf er leið til að veita til jarðarbarna straumum andlegrar orku. Mál tákna er mál eilífðarinnar, torskilið að vísu, krefst einbeitni, athugunar og sjálfstæðs skilnings. en jafnskiljanlegt á öllum tímum og með öllum þjóðum. Öll tilvera er ein, samstæð heild, runnin frá sömu uppsprettu, flýtur að sama ósi, í úthaf allífsins. Á vegferð einstaklinganna milli þessara tveggja skauta verða margar hindranir, en einstaklingsþroskinn eflist við að sigrast á þeim. Í þeirri baráttu varðar miklu að hljóta kraftinn frá hæðum, vera næmur fyrir að dráttaraflí hinnar guðlegu elsku. Reglustarfsemin er ein leið til að opna þessari himnesku orku leið til mannanna, gerast samverkamenn þeirra reginmagna, er sett eru sem þjónustubundnir andar til umsjónar með þróun jarðarbarna. Því háleita starfi hefur Jón Árnason helgað krafta sína, trúr því kjörorði, að æðsta dyggðin er þjónusta.



RUBEN WAGNSSON

## Ávarp alþjóða-hátemplars

Alþjóðaregla góðtemplara stendur í mikilli þakkarskuld við Jón Árnason. Í nærfellt 65 ár hefur hann verið góðtemplari og í 55 ár hefur hann haft hástúkustigið. Mikið af þeim tíma hefur hann verið umboðsmaður hátemplars. Þar að auki hefur hann innt að höndum mikilsverða þjónustu í ábyrgðarmiklum embættum í Stórstúku Íslands. Þess vegna var mér það mikil gleði að geta veitt honum æðsta virðingarmerki Reglunnar, heiðursmerki úr gulli, sem veitt er fyrir langa þjónustu.

Þegar bróðir Jón Árnason fullnar nú hinn áttunda áratug, hylli ég hann fyrir afburðagöfugt og ágætt starf. Hann verðskuldar að vera á margan hátt fyrirmynd hinar yngri kynslóðar góðtemplara. Hann hefur fórnað tíma og störfum fyrir Regluna, og hann hefur barizt ótrauður fyrir hugsjón hennar. Ég þakka honum og hylli hann hjartanlega á þessum merku tímamótum ævi hans.

## Ávarp frá yfirmanni Co-Frímúrara á Norðurlöndum

Kæri Jón Árnason!

Það er mér sönn ánægja að fá tækifæri til í afmælisriti þessu, að færa þér kveðjur hinna mörgu vina þinna í Norðurlandasambandi Co-Frímúrara, - Universella Sam-Frimurare-Orden Le Droit Humain, þar sem þú hefur frá upphafi og ætíð síðan verið hinn stóri og mikilsmetni íslenski bróðir. Við öll, sem höfum þekkt þig persónulega í mörg ár, skoðum þig sem fyrirmynd í trúmennsku, skyldurækni og bróðurlegri vináttu sem er takmarkalaus.

Regluráðið nr. 4 í Stokkhólmi.

Undirráðin, nr. 8 í Kaupmannahöfn, nr. 15 í Reykjavík, nr. 16 í Þrándheimi, nr. 18 í Osló og nr. 20 í Stokkhólmi.

Yfirstúkur og stúkur í Danmörku, Íslandi, Noregi og Svíþjóð.

Stokkhólmi, í janúar 1955.

Marianne Mörner.

THORLEIF HANSEN, SGM.

## Ávarp frá æðsta manni Reglu musterisriddara

Þegar ég í fyrstu fékk orðsendingu frá Jóni Árnasyni í Reykjavík, þess efnis að hann væri fús til þess að stofna Reglu musterisriddara á Íslandi, lét ég í ljós ákveðnar efasemdir um, að jafn aldurniginn maður gæti tekið að sér svo mikið og erfitt viðfangsefni.

Við nánari kynningu af honum í gegnum bréfaskipti skildist mér, að það hlaut að vera eitthvað sérstakt við þennan mann. Bréf hans báru ekki vott um neina aldurdomshnignun, þau voru þvert á móti svo lifandi og skemmtilega orðuð, að mér kom til hugar, að máske hefði ég fengið skakkar upplýsingar um fæðingarár hans.

Því betur fékk Jón Árnason vilja sínum framgengt. Hann ferðaðist til Þórshafnar og hlaut þar vígslu í Reglu musterisriddara. Síðar fékk hann umboð frá SGM til þess að þýða siðbók fyrir VS, og þar með hófst landnám Musterisriddarareglunnar á Íslandi.

Þegar ég kom til Íslands fyrsta sinni árið 1949, í þeim erindagerðum að stofna VM í Reykjavík, hitti ég bróður Jón í fyrsta skipti. Ég varð samstundis hrifinn af þeim viljakrafti, sem frá honum stafaði, og samfara því fannst mér sem einhver óskilgreinilegur góðlyndishjúpur umvefði hann. Ég fann ósjálfrátt, að ég stóð andspænis sterkum persónuleika og einstaklingi, er vildi öllu mannkyni vel.

Það, með hverjum hætti hann hafði valið sér samstarfsmenn og hafið starfið, sýndi mjög ljóslega, að hann átti sterka skipulagningarhæfileika og að stofnun Reglu vorrar á Íslandi hefði ekki getað verið í betri höndum.

Það mikla starf, sem fólgði er í þýðingu siðbókanna á íslensku, er ekki til lykta leitt, en byrjunarstarf hans hefur verið ómetanlegt. Vegna Musterisriddarareglunnar hlýt ég að vona, að honum endist kraftar til að ljúka því starfi, sem yrði honum óbrotgjarn minnisvarði innan Reglunnar.

Þegar allir meðlimir SGC heimsóttu Ísland í tilefni þess að VM Hekla var hækkað upp í ÞM, létu þeir í ljós einlæga undrun við kynni sín af hinni reisnarfullu norrænu víkingshetju sem var á ferli seint og snemma til að vinna að gæfu og gengi musterisins.

Regla musterisriddara og þeir mörgu vinir, er bróðir Jón hefur eignast innan vébanda hennar, - og er það stolt mitt að teljast í hópi þeirra, - skulda honum miklar þakkir fyrir brautryðjandastarf hans og óhvikulan áhuga fyrir velferð hennar. En ég er þess einnig fullviss, að bróðir Jón telur sig standa í mikilli þakklætisskuld við Musterisriddararegluna, sökum þess að í henni hafi hann fundið verðmæti, sem hafi verið þýðingarmikil í lífi hans og veitt honum margar ógleymanlegar ánægjustundir.

Ég sendi hjartnæma kveðju fyrir hönd Reglu musterisriddara og frá sjálfum mér og læt í ljós einlæga gleði yfir þeirri hamingju, sem mér hefur veitt með því að stofna til vináttu og bróðernis með jafn sannarlega góðum manni.

Ég hylli hann með Reglukveðju vorri FSV.



**Jón Árnason Co-Frímúrari**

JAKOB KRISTINSSON

## Jón Árnason guðspekingur

### I

Jón Árnason, prentari, hefur um marga áratugi verið landskunnur maður. Hann hefur marga hildi háð í fundarsölum landsins, á vettvangi blaða og tímarita og í einkaviðureign við mikilsmetna menn og aldrei farið hálloka svo kunnugt sé, en hitt hefur spurzt, að andstæðingar hans hafi stundum farið hinar verstu hrakfarir. Hin ágæta barátta hans fyrir Góðtemplarareglunni og gengi bindindismála á Íslandi er alkunn.

Frægð Jóns er að litlu leyti bundin við störf hans um áratugi í þágu Guðspekifélags Íslands. Ekki sökum þess, að þau störf væru svo fá og smá eða félagsskapurinn svo lítilvægur, heldur blátt áfram vegna þess, að það er fámennnt félag. Mannmærgð félags er oftast drýgri til fylgis því en göfgi málefnsins, sem það flytur.

Fyrir því má búast við, að ýmsum þyki sem talað sé út í bláinn, þegar rætt er um störf Jóns Árnasonar í þágu Guðspekifélagsins. Þeir vita varla, hvað guðspeki og guðspekifélag er, þótt reynt hafi verið að kynna það á undanförunum árum.

En sígandi lukka er bezt. Og gengi guðspekistefnunnar er þó hlutfallslega meira hér en í nokkru öðru landi.

Sjálfsaginn krefst venjulega óskaplegrar þrautseigju og þolinmæði. Það gengur erfiðlega fyrir mönnum að venja sig af víni og tóbaki, og þá er ekki að undra, þótt seint gangi að venja sig af öllu smáu og stóru, sem gerir þá að minni mönnum. En Guðspekifélagið vill einmitt reyna að halda slíkri viðleitni vakandi í hugum manna. En stefnu þess og skipulagi má í örfáum orðum lýsa á þessa leið:

Guðspekifélagið er alheimsfélagsskapur, sem starfar nú, árið 1955, í 56 deildum og jafnmörgum þjóðfélögum á hnettinum, og er ein deild þess hér á landi. En guðspekideild verður ekki löglega stofnuð í neinu landi nema þar séu sjö eða fleiri guðspekistúkúkur, en í hverri stúku sjö eða fleiri félagar. Einn allsherjar-forseti er æðsti maður allra félagsdeilda og kosinn af þeim, en hver deild velur sér deildarforseta en stúkúkur stúkuformenn. Forseti Íslandsdeildar Guðspekifélagsins er Grétar F. Ells, rithöfundur.

Helzti tilgangur félagsins er í fæstum orðum þessi: að móta kjarna bræðralags meðal mannanna, hvetja þá til að leggja stund á samanburð trúarbragða, heimspeki og náttúruvísindi, og að rannsaka óskilin náttúruvísindamál og öfl þau, er leynast með mönnum. Guðspekin er fyrst og fremst safn meginsanninda, sem eru undirstaða allra helztu trúarbragða veraldar, en ekkert þeirra getur talið sína einkaeign. Hún lætur í té skiljanlega skýringu á tilgangi lífsins og leiðir rök að því, að kærleikur og réttlæti stjórni þróun þess. Hún skipar dauðanum á sinn rétta stað, svo að hann verður þróuninni nauðsynlegt og margendurtekið atriði á vegum endalaus lífs, og opnar dyrnar á fyllri og fegurri tilveru. Hún endurreisir andleg vísindi í heimi hér og kennir manninum að skoða sjálfan sig sem ódauðlegan anda, en huga og hold sem þjóna hans. Hún varpar ljósi yfir dulræn orð og kennisetningar trúarbragðanna, og réttlætir það fyrir dómi skynseminnar eins og innsýn mannsins hefur ávallt réttlætt það.

Innsti kjarni guðspekinnar er sannleikurinn sá, að mönnum sé unnt að þekkja Guð, fá sjálfsreynslu um Guð, sökum þess, að eðli hans er í þeim og þeir lifa og hræst í honum. Og við slíka sjálfsreynslu ganga þeir gersamlega úr skugga um að allir eru af sömu rót runnir, að allir eru bræður. Hið guð dómlega líf býr í öllu, frá hinu smæsta til hins stærsta, í eilífri þróun. Inngróin vissa um faðerni Guðs og bróðerni manna varðar mestu.

Svo lítur guðspekin á. Jón Árnason og aðrir forgöngumenn hennar hér á landi veittu henni brautargengi vegna þess, að þeir voru sannfærðir um, að hún gæti orðið þjóðinni til blessunar, eins og hún hafði orðið þeim sjálfum. Og þeir hafa ekki skipt um skoðun.

Nýlega komu eftirfarandi línur til mín í bréfi frá Jóni Árnasyni:

"Í guðspekinni hef ég fundið hina fullkomnustu og rökföstustu heimsmynd, sem enn þá hefur birt, en hefur frá örófi alda verið kunn hinum miklu hásætisörfum mannkyns. Og þessari heimsmynd eða þróunaráætlun reyni ég að fylgja og henni stend ég á, þangað til ég fæ aðra betri og réttari. Þetta er lífshugsjón mín."

## II

Það virtist hending ein, að Jón Árnason kynntist guðspekni.

Skömmu eftir að Jón Aðils hóf sögukennslu sína við Háskóla Íslands, tók nafni hans Árnason að sækja fyrirlestra hans og mun hafa haldið því áfram um fjögurra ára skeið. Það sem einkum hvatti hann upphaflega til þess að sækja erindin, var von hans um að fá gögn nokkur og fræðslu í táknafræði (symbology), sem þá hafði árum saman verið eftirlætis viðfangsefni hans. Þessar vonir rættust þó að litlu leyti, en hins vegar veittist honum mikill sögufróðleikur og ágæt kynni af prófessorum. Ræddust þeir oft við í fyrirlestraferðum Jóns Árnasonar, og bar þá margt á góma, og meðal annars guðspeki. Því að Jón Aðils hafði á Hafnarárum sínum kynnt guðspeki í Danmörku, fengið miklar mætur á henni og var fús til að fræða þá, sem eftir leituðu. Árið 1912 var fyrsta guðspekistúkan stofnuð á Íslandi. Var Ludvig Kaaber bankastjóri aðalhvatamaður þess, en Jón Aðils, prófessor, stúkuformaður. Þá hafði Jón Árnason ekki kynnt sér guðspeki, en vegna viðræðna við Jón Aðils, fór hann nú að gefa henni gaum, og ekki sízt eftir að góðkunningi hans benti honum á, að í guðspekinni mundi hann fá ósk sinni um frekari táknafræðslu fullnægt. Tók hann þá að stunda guðspekina af kappi, fékk bækur hjá Jóni Aðils og las þær samkvæmt vali hans og leiðbeiningum. Jón Árnason hóf lestur sinn vorið 1913. En á þorra veturinn 1914 skýrði prófessorinn honum frá, að hér eftir væri hann nú einfær um að lesa hvaða guðspekibók, sem væri, án allrar aðstoðar. Hefur Jón Árnason jafnan verið þakklátur Jóni Aðils fyrir þá tilsögn og leiðbeiningu, er hann lét honum í té.

Eftir þetta fór Jón að fást við þyngra guðspekinám. En samt tókst honum á tiltölulega skömmum tíma að fá allgott yfirlit um öll aðalatriði þróunarkerfis guðspekinnar, þar á meðal svonefndar hnattkeðjur, sem ýmsum hafa þótt nokkuð strembnar. Og allt það, sem þyngst var í fræðum þessum, virtist Jóni Árnasyni vera leikur einn að skilja og muna. Var oft líkara því að hann væri að lesa upp gamalkunnug fræði en að tileinka sér ný.

Árið 1914 gekk Jón Árnason í Reykjavíkurstúku Guðspekifélagsins, og munu fáir nýliðar hafa verið jafn vel undir slíka inngöngu búnir. Fyrir utan stúkuformanninn munu þeir Sigurður Kristófer Pétursson og Jón hafa lagt mest fundarefni til.



Sumarið 1920 voru guðspekistúkur á Íslandi orðnar sjö og var þá unnt að stofna sérstaka Íslandsdeild 12. ágúst samsumars. Fyrr á sumrinu hafði félagið orðið fyrir miklum missi, er Jón prófessor Aðils féll frá eftir 8 ára formennsku Reykjavíkurstúkunnar. Urðu menn þá einhuga um að kjósa Jón Árnason eftirmann hans, og var hann síðan endurkosinn í samfleytt 17 ár. Hefur enginn stúkuformaður félagsins setið jafn lengi að völdum. Hann mun og hafa setið í stjórn Íslandsdeildarinnar um skeið. Stúkuformennskuna leysti Jón af höndum með miklum myndarskap. dugnaði og samvizkuserni, svo sem önnur störf sín. Hann flutti sæg fræðandi erinda, bæði í Reykjavíkurstúkunni og annars staðar, á Akureyri, í Hafnarfirði og Borgarfirði og nú síðast í Kópavogi og Hveragerði. Eftir að hann varð formaður Reykjavíkurstúkunnar mun hann og flest eða öll árin hafa haft á hendi forustu eins svonefndra fræðsluflokka, en þeir leitast við að lesa til þrautar einhverja af þyngri guðspekibókunum eða velja ákveðið efni til að velja fyrir sér og reyna að skilja til hlítar með tilhjálpi formannsins. Jón ritaði og fyrr og síðar allmargar greinar í Ganglara. En auk þessa hvíldi svo á honum geysimikil, margþætt og vandasöm forusta og störf í öðrum félögum, sem getið er sérstaklega hér í ritinu. En á seinni árum hefur Jón Árnason þó, ef til vill, allra mest og bezt kynnt mönnum, bæði utan félags og innan, fræði guðspekinnar og athuganir í sambandi við þau með samræðum og einkaviðtölum. Og auk alls þessa rækti Jón hið fasta prentstarf sitt svo vel, að varla féll úr nokkur dagur, nema þá þegar hann fór sem fulltrúi félaga til útlanda.

Í sambandi við guðspekinám sitt komst Jón í kynni við fræði og leyndardóma stjörnuspekinnar og er hiklaust langbezt að sér allra héraðsra guðspekinga bæði fyrr og síðar í þeirri fræðigreini. Hefur hann haft hið mesta yndi af þeirri speki og samið stjörnuspár fyrir fjölda manns. En þeim, sem minni áttu verkflýti, orku og dug, var fullkomin ráðgáta, hvernig hann fór að anna þessu öllu saman.

### III

Jón Árnason hefur alla ævi verið atkvæðamikill, einbeittur og hressandi. Hann er maður sterkgáfaður og fjölfróður, skilningsskjótur og stálminnugur. Hann er ágætur ræðumaður, röddin full og þróttmikil, sköruleg og skýr. Enginn gat sofið undir ræðum hans. Stöku sinnum kann efnið að hafa verið í þyngri lagi fyrir þá, sem miklu vissu minna en hann, og þeir munu stundum hafa verið nokkuð margir. Alloft kom fyrir í ræðum hans að hann fylltist eldlegum áhuga og mælsku, svo að tilheyrendur urðu stórhreifnir og næstum lyftust upp í sætum. Hann talaði langoftast blaðalaust og naut krafta sinna þá bezt. Hann var rökvis og hittinn í umræðum og oft eldfljótur til svars. Rödd og rök gerðu menn orðlausa.

Sennilega hefur Jón gaman af að rökræða, en hann er enginn ýfingamaður, hvorki á umræðufundum né annars staðar, en barðskeyttur er hann og gefur ekki grið, ef hann er beittur óheiðarlegum bardaga-aðferðum, og mun fleiri en einn hafa lagt á flóttu undan honum, bæði í bókstaflegri og óeiginlegri merkingu. Líklega er bardagaeðlið talsvert ríkt í honum og ekki, ólíklegt, að hann hafi verið rismikill hershöfðingi í einhverri fyrri jarðvist.

En þessi stóri og sterki maður getur líka verið ljúfur og blíður eins og barn, sem gleðst innilega við fáein þakkar- eða aðdáunarorð einlægs vinar. Hann er djúpur alvörumaður, en venjulega alúðlegur og glaður.

Jón Árnason er einn örfárri manna, er hafa gersamlega hafnað venjulegu skemmtana- og nautnalífi heimsins, sem flestum þykir öllu eftirsóknarverðara. Hann neytir aldrei víns, notar aldrei tóbak, hefur aldrei sótt eftir auði og allsnægtum, aldrei stofnað til heimilis- og

fjölskyldulífs. Hið eina, sem hann hefur sótt eftir alla ævi, er sjálfsagi og að þjóna af lífi og sál og járnsterkum vilja háleitum hugsjónum. Og þess hefur Guðspekifélagið notið í ríkum mæli.

STEINGRÍMUR GUÐMUNDSSON

## Jón Árnason prentari

Jón Árnason var fullra 18 ára að aldri, er hann hóf að nema prentið. í Ísafoldarprentsmiðju, haustið 1893. Var því allmiklu eldri en tíðkaðist um prentnema á þeim tímum. - Ekki segist Jón vita, hver ástæðan var til þess, að prentiðnin var valin honum að ævistarfi. En enginn vafi er á því, að ferill Jóns hefði orðið annar, einnig á öðrum sviðum, ef lífsstarf hans hefði verið annað.

Að námi loknu vann Jón í Dagskrár-prentsmiðju, hjá Einari Benediktssyni, og síðan í Félagsprentsmiðjunni og í prentverki Jóns Ólafssonar. En um aldamótin hleypir Jón heimdraganum og leitar utan sér til frama og frekari menntunar. Ekki fór hann í því efni troðnar götur. Flestir Íslenzkir prentarar, fyrir og síðar, hafa leitað til Kaupmannahafnar, er þeir hugðust afla sér aukinnar menntunar í iðn sinni og svipast um í heiminum. Jón fór aftur á móti til Noregs, og vann hann þar hálf tanna ár. Gætir áhrifa verunnar í Noregi enn hjá Jóni. - Það er ekki fyrir en allra síðustu árin að aðrir Íslenzkir prentarar hafa fetað í fótspor Jóns og leitað sér aukinnar menntunar hjá frændum okkar Norðmönnum.

Eftir heimkomuna vann Jón í Félagsprentsmiðjunni, til þess er prentsmiðjan Gutenberg var sett á laggirnar, en hann var einn af stofnendum hennar. Þar vann Jón svo óslitið og síðan í ríkisprentsmiðjunni, er keypti "Gutenberg", þar til hann lét af störfum um sjötugsaldur, árið 1945.

Þetta er í stuttu máli ferill prentarans Jóns Árnasonar. En bak við liggur meira en hálf ar aldar starf og strit fyrir daglegu brauði og auknum þroska andlega og líkamlega. - Ekki munu hin fjölmörgu önnur störf Jóns hafa orðið honum neinar tekjulindir, - prentiðnin miklu frekar skapað honum möguleika til þess að eyða bæði tíma og fé vegna annarra hugðarefna og í þarfir þeirra félagsmála, er hann helgaði frístundir sínar.

Í starfi Jóns við prentiðnina hefur mest gætt tveggja eiginleika, kappsemi og trúmennsku. Af því hefur leitt, að honum hafa verið falin sérstök störf, er áður voru óþekkt héraendis, en komu til sögunnar með þróun iðnarinnar. Hann lærði snemma á árum prentsmiðjunnar Gutenberg fastaletrun (eftirsteypu) og leysti þar af hólmi erlendan mann, er fenginn var hingað um leið og tæki til þessa starfs voru keypt. Og er ríkisprentsmiðjan, á fyrsta starfsári sínu, fékk fullkomin tæki til málbræðslu vegna setningarvélanna, tók Jón að sér að sjá um starfrækslu þeirra. Hefur hann haft það starf með höndum æ síðan, einnig eftir að hann hætti öðrum störfum í prentsmiðjunni.

Framan af ævi mun Jón hafa tekið allmikinn þátt í félagsstarfi prentara, en dregið sig í hlé frá því, er á hann hlóðust störf vegna afskipta hans af öðrum félagsmálum þjóðarinnar og síðar alþjóðlegum. Einnig í félagsmálum kom fram trúmennska Jóns við hvert það starf, er honum var falið, - en kappsemin mun þar frekar hafa skapað honum erfiðleika, því hann er enginn

málamiðlunarmaður, en berst ávallt með hörku fyrir því, er hann álitur rétt, og er ekki gjarnt að láta hlut sinn fyrir neinum.

Aldrei var Jón Árnason í stjórn hlutafélagsins Gutenberg, en það hef ég fyrir satt, að er það fyrirtæki átti í erfiðleikum, fjárhagslega, var jafnan leitað til Jóns og beðið stuðnings hans.

Ekki mun Jón þó hafa verið svo styrkur fjárhagslega, að hann hafi getað veitt beina aðstoð, en á hinn bóginn var það álit lánsstofnunar þeirrar, er prentsmiðjan skipti við, að Jón myndi sjá um að það yrði efnt, er hann átti þátt í að lofa. En hag prentsmiðjunnar bar Jón alla tíð mjög fyrir brjósti.

Er ég renni huganum yfir þau meira en 40 ár, sem liðin eru síðan ég kynntist Jóni Árnasyni fyrst, verður mér það minnisstæðast, hve óskiptur hann gengur jafnan að hverju verkefni, er hann tekur á. Þetta hefur bæði kosti sína og ókosti. Og ókostirnir verða jafnan meira áberandi en kostirnir. Jón virðist oft mjög ómildur í dómum um andstæðinga sína eða þá, er hafa aðrar skoðanir en hann. En þetta stafar af því, að fyrir Jóni er aðeins eitt í hverju máli rétt og satt - allt annað rangt, það er engin miðleið til í augum hans. Á hinn bóginn vill Jón allt gera fyrir vini sína og samherja og er ætíð reiðubúinn til að halda skildi fyrir þá, ef á þá er ráðizt.

Ég mun ávallt minnast Jóns Árnasonar sem eins hins sérstæðasta manns, er ég hef hitt á lífsleiðinni, - og þegar hann nú nálgast fyllingu áttunda tugar jarðarævi sinnar, á ég enga ósk betri honum til handa en þá, að hann megi vaxa að vizku og stillingu, þar til yfir lýkur héra megin.





Jón Árnason um þrítugt

## ÚRVAL ÚR GREINUM JÓNS ÁRNASONAR

GAGNSEMI DULFRÆÐA  
TÁKNFRÆÐI  
TÁKNFRÆÐIKIR KJUNNAR  
RÖK STJÖRNUSPEKINNAR  
BINDINDI – FRAMPRÓUN  
SJÁLFSTÆÐI  
ÞJÓNUSTA

JÓN ÁRNASON

**Gagnsemi dulfræða****HVAÐ ER DULFRÆÐI?**

Í fljótu bragði virðist óþarft að varpa fram þessari og henni líkum spurningum. Flestir lesendur gera sér fulla grein þess, hvað átt er við með henni. Er í venjulegu máli átt við allt það með orðinu dulfræði í tilverunni, sem menn almennt hvorki sjá né þreifa á. Við þekkjum því sáralítið af tilverunni, aðeins eina vistarveru af mörgum.

Dulfræði er fræðslan um hinar vistarverurnar og um lífið í þeim. Einnig um þau öfl, sem vinna í hverri þessara vistarvera og einnig hvernig þau birtast í öðrum vistarverum - tilverusviðum og stigum. Dulfræðin fræðir menn enn fremur um öfl þau, sem vinna í allri tilverunni eða benda á þau og líkurnar fyrir þeim að svo miklu leyti sem þau eru kunn.

Í greininni Birting lífsins í Ganglera 1943 er sýnt fram á, að tilveran sé sveifluhræringar, hún sé byggð upp með sveiflum, henni haldið við með sveiflum og henni eytt með sveifum. Því er hann, guðdómurinn, einnig nefndur skaparinn, viðhald arinn og eyðirinn, Brama, Vishnu, Shiva.

Sú þekking, sem smátt og smátt fæst með því að kynna sér hin duldu fræði, ætti því að vera nothæf til þess að ná frekari tókum á náttúrunni og öflum hennar og vinna með þeim og láta þau fleyta sér æ lengra í áttina til fyrirheitna landsins, fullsælunnar, hins eilífa friðar eða fullkomnunar.

Með aðstoð þessarar þekkingar má lyfta öllum greinum mannlegra viðfangsefna í ætíð hærra veldi, svo sem trúarbragðastarfsemi, vísindum og listum og hverskonar veraldlegum viðfangsefnum. Og þetta er gerlegt vegna þess að allir hlutir eiga rót sína í hinu eina og sanna lífi, lífi guðdómsins, hinni eilífu speki.

Rétt er að taka það fram, að dulfræði er í raun rétttri ekki til. Við gefum því nafnið dulfræði og dularöfl, sem almenningur hvorki skilur né skynjar og raunvísindin hafa enn þá eigi komið auga á. Frá æðra sjónarmiði er allt veruleiki, þekking, vitsmunir, speki.

Vil ég nú gera tilraun til þess að gera þetta verkefni að frekara umtalsefni, hvernig unnt sé að færa sér í nyt, betur en enn er raun á orðin, hina æðri og dulrænu þekking og gera hana að mun nothæfari en ella í þjónustu manna og á þann hátt færa þá einu skrefi nær innsta kjarna hlutanna og síns eigin lífs.

**TRÚ OG TRÚARBRAGÐASTARFSEMI**

Trúmenn segja: Við þurfum engar sannanir, því við vitum og trúum. Það er allt saman gott og blessað og trúin er góð það sem hún nær, en frá sjónarmiði tilverunnar er trú mannsins aðeins ein leið til sálhjálpur eða fullkomnunar. Væri hún ein og engin önnur, yrðu margir eftir ósjálfbjarga við veginn og kæmust eigi lengra. Maðurinn er margþættur og einn eða fleiri þessara þátta eru sterkastir í hverjum einum. Trú er tilfinningin fyrir því sem er. Væri eigi veruleikinn til, sem trúin byggist á, væri hún eigi til að heldur. En trúmanninum skilst það eigi eða hann virðist eigi skilja það, því hann þarf þess eigi með, að tilveran er einnig og eigi síður

vitsmunir. Þeir menn, sem hafa í sér ríkt vitsmuna eða fræðimannseðli, geta eigi komist til þekkingarinnar að trúarinnar leið. Þeir verða því að leita hennar að sinni eigin leið. Þess vegna er tilveran einnig heimspeki og vísindi. Pýþagoras sagði: Guð reiknar. Hann er líka vísindamaður og áreiðanlega sá eini og ábyggilegi. Sumir halda því fram að tölvísinn sé sú eina ábyggilega fræðigreinin og má vel vera að svo sé, en hún byrjar samt og endar á óendanleikanum. Hún byrjar í raun og veru á núlli og hún endar einnig á núlli. Hún stækkar allt með núlli og hún minnkar allt með núlli. Er þetta ofureðlilegt, því núllið er tákni eilífðarinnar. Allt kemur út úr eilífðinni og hverfur til hennar aftur. Trúmenn og trúarbragðaflytjendur ættu því að notfæra sér allt það, sem vísindin hafa til brunns að bera, sem færir líkur fyrir kenningum þeirra og staðhæfingum, því bæði kennimenn og vísindamenn verða að skilja það, að trú og vísindi eiga rót sína í hinu eina og sama lífi.

Ef kirkjunnar menn ættu að stíga feti framar. Þeir ættu að notfæra sér alla þá þekkingu, sem þegar er fengin af lífinu eftir dauðann fyrir atbeina sálarrannsóknarmanna, og vitna í þær sem stuðning staðhæfinga þeirra um lífið og ódauðleikann. Þetta þurfa þeir ekki að gera vegna þeirra, sem eru þegar sannfærðir um þetta, heldur hinna, sem eru enn þá vantrúaðir, því eitthvað þarf að gera fyrir þá. Heilbrigðir þurfa eigi lækningar við, heldur þeir sjúku. Gagnvart öllum þeim mörgu mönnum, sem hugsa heimspekilega og fræðilega, þurfa kennimenn að bera fram einhverjar sennilegar ástæður og þeir vitnisburðir, sem sálarrannsóknarmenn hafa birt, eru mikill og ómetanlegur stuðningur kirkjunni í viðleitni hennar til þess að sannfæra menn um framhald lífsins og um ódauðleikann. Þegar sú sannfæring er orðin rótföst í hjörtum fræðimanna, er opin leiðin til þess að gera þá að nýjum og betri mönnum. En kirkjunnar menn eiga ekki að láta við svo búið standa. Þeir eiga einnig að notfæra sér þá þekkingu á hinu innra og æðra lífi og hinum innri og æðri vistarverum, sem dulspekimenn og sjáendur allra alda hafa gefið mannkyninu og nota þessi vísindi, dulvísindin, til þess að gefa mönnum líkur fyrir þeim starfsaðferðum, sem kirkjan hefur með höndum og að þær eigi rót sína í vísindalegum notkunum æðri náttúruafla. Á þann hátt má benda á ástæðurnar fyrir notkun náðarmeðala og vígslna þeirra, eða sakramenta, sem kirkjan hefur um hönd, því þau eru byggð á dulvísindalegri þekkingu. Með því að notfæra sér til fullnustu þessa þekkingu, getur kirkjan gert starf sitt að lifandi krafti, sem lífgar og endurnærir og eykur stöðugt andlegan vöxt mannsálarinnar. Nú eru þeir margir, sem ekki trúa á athafnir kirkjunnar vegna þess að þeir botna ekkert í þeim, þeir vilja fá að vita hvers vegna þetta sé haft um hönd og ef þeir fá eitthvert svar og einhverjar sennilegar ástæður, þá gera þeir sig ánægða.

### Vísindin

Áður fyrr, á blóma öld Egypta og Kaldea, voru raunvísindin eða hin veraldlega þekking og hin dulrænu fræði í nánari samvinnu en nú á sér stað. Þau voru í rauninni eitt og hið sama, voru ekki aðskilin, eins og nú. Launhelgarnar, mysteria, voru æðstu mennta- og menningarstofnanir þeirra tíma og að sumu leyti eins og háskólar nútíðar eru nú, en þó með þeim mismun, að raunvísindi og dulvísindi voru samverkandi og mótuðu þá eina heild. Þá var efnafræði og dulefna ein námsgrein og stjörnufræði og stjörnuspeki. Hljómlistin var ein merkasta námsgrein þeirra í launhelgunum, ekki einungis fyrir þá sök að menn gætu lært að leika á hljóðfæri eins og nú og þekkja notkun tóna í nútíðarskilningi, heldur vegna hins, að þarna voru menn að kynnast hinum raunverulega skapandi öflum tilverunnar og starfsemi þeirra. Þar lærðu menn reiknilist, en ekki einvörðungu í þeim tilgangi að kynnast hinum ytri

hlutföllum í náttúrunni, mismun stærða og vegalengda, ummáls og þyngdarhlutfalla, heldur aðallega og engu síður hlutföllunum í hraða og magni hinna æðri og fíngerðari sveiflna, sem berast í efninu, ekki einungis þessa heims, heldur hinna hærri veralda, sveiflna, sem eru mörgum sinnum hraðari en ljósið, sem er sá mesti hraði, sem nú þekktist almennt. En stærðfræðin og þó sérstaklega ýmsar aðalformúlur hennar eða rúmmálsmyndir eru einnig tákfræðilegs eðlis og eru líkingarfrásagnir um hin hæstu fyrirbrigði, sem gerast í alveru, má þar benda á einföldu rúmtáknin, sem notuð eru í ritgerðinni Birting lífsins. En þessar líkingafrásagnir eru einnig skýring á eðli rúmsins og rúmstiganna, hinna æðri rúmstiga.

Ef vísindamenn gerðu sér það almennt ljóst, að þeir eru daglega að meðhöndla hluti, sem þeir ekki vita hvað eru, eins og t. d. raforkuna, þá mættu þeir einnig minnst þess, að þeir standa andspænis óráðnum gátum. Það væri því vissara að fara gætilega og beita að jafnaði ekki fullyrðingum um að þetta eða hitt, sem þeir skilja ekki, sé vitleysa, heilaspuni, kerlingabækur, jafnvel ósannindi og blekkingar. Þessar og þvílíkar staðhæfingar eru ekki vísindalegar. Þegar menn hafa til hlítar kynnt sér það, sem um er að ræða, þá eru þeir fyrst færir um láta upp álit sitt á málinu. Þeir ættu að kynna sér hvað hin duldu fræði hafa um þetta eða hitt að segja og reyna svo að finna, hvort það muni vera að einhverju leyti nothæft. Í læknisfræði mun þetta koma mjög til greina, enda mun notkun æðri geislastrauma, sem enn þá eru jafnvel ekki fundnir, koma að miklu gagni í sambandi við þau fræði. Þess ber að geta, að ljós og litalækningamar eru einmitt vísirinn að þessu. Þar kemur til greina notkun hærri sveifluorku í þarfir mannanna til þess að eyða bólgu, kýlum og öðru þess háttar, hvort sem það er útvortis eða innvortis. Með aðstoð sálarrannsóknna hefur þegar verið notuð orka frá hærri tilverusviðum til þess að lækna með fyrir milligöngu lækna, sem komnir eru í annan heim. Hafa í þessu efni gerst hinir undraverðustu hlutir, sem væru sannarlega þess verðir, að lækna almennt reyndu í einlægni að kynnast þeim - og gæti það þá orðið til þess að þeir hættu að fordæma þessa hluti. Hvað mætti segja um það, þegar Egyptinn Thara Bey lá á skurðarborðinu hjá Sir William Crooks og fleiri kunnum vísindamönnum og lét þá stinga í sig fleinum, lét blóðið renna og stöðvaði það eftir vild og lét sárin gróa á augabragði, og þetta gerðist að þessum mönnum ásjáandi, svo að þar var ekki um að villast. Þessi maður hlaut að hafa vald á náttúruöflum, sem þessir vísindamenn þekktu ekki og einnig á starfseminni í líkama sínum.

Í glettni og hótmyndni hafa menn talað um straum og skjálfta og á þann hátt gert tilraun til þess að gera hlægilegar lækningaaðferðir þær, sem gerðar hafa verið með aðstoð sálarrannsóknarmanna .. En í augum þeirra, sem eitthvað hafa kynnst þeim árangri, sem þegar er fenginn í þeim efnum, hefur þetta engin áhrif haft.

En þeir, sem mest hafa talað um straum og skjálfta, hafa áreiðanlega ekki varað sig á því, að á bak við flest fyrirbrigði læknaaðgerðanna eru einmitt straumar og skjálftar að verki, vegna þess að allt er í raun og veru sveifluverkanir. En með því að hafa vald á þessum sveiflum, geta menn útrýmt nálega hverri sýklategund, sem berst í líkamann og þar á ekki að vera, með því að hækka í honum sveiflumagnnið og hitann með hugsanaorku, svo að þessir óboðnu gestir hafi þar ekkert viðnám.

En vegna þess að þetta er ekki á allra færi, þá verður : að nota ytri aðferðir og meðal þeirra eru ljós-, lita og straumalækningar.



Maðurinn er það eina áhald, sem straumsveiflur hinna hærri veralda og jafnvel alverusveiflur geta komist í gegnum í nothæfu ástandi. Maðurinn er slíkur straumsafnari og straumbreytir og hann er stöðugur farvegur fyrir þessi hærri öfl hinna hærri veralda. En mennirnir eru á mjög mismunandi þroskastigi, gæddir mismunandi skapferli og fara mismunandi þróunarleiðir. Afleiðing þess er sú, að þeir eru mismunandi góðir farvegir fyrir þessar orkutegundir. Þeir eru mismunandi góðir farvegir fyrir þessar strauma- og skjálftategundir og eru því almennt talað gæddir mjög mismunandi miklum lækningakrafti.

Því andlegri sem menn eru því opnari eru þeir fyrir hinum æðri orkustraumum og því meiri lækningakrafti hafa þeir yfir að ráða. Reyni menn að hugsa hátt og vítt, frjálsmannlega og með skilningi og reyni að verða öðrum að liði án umhugsunar um endurgjald, fer ekki hjá því að þeir verði smátt og smátt opnari farvegur fyrir hina guðlegu orku, sem ævinlega er tilbúin til þess að flæða þar inn, sem henni opnast farvegur, og því einlægari sem viðleitni mannsins er, því opnari farvegur verður hann og því meiri orka fer í gegnum hann. Þegar slíkur maður leggur hönd sína á annan mann, á stað, sem hann hefur kvöl í eða verk, mun hann dvína eða hverfa með öllu og sé hinn sjúki næmur, mun hann finna greinilega orku þá, sem honum berst og fer um hann og í gegnum hann við handa-yfirlegginguna. Þetta er notkun hærri afla til þess að hjálpa mönnum ef svo ber undir. En sama máli er að gegna með þetta eins og allt annað í tilverunni, það á sín takmörk, því að ekkert, sem mennirnir fást við, er alfullkomið. Þetta ættu lækna og vísindamenn að athuga, en eigi fordæma, heldur reyna að notfæra sér þennan möguleika, eins og allt annað, sem þeim berst í hendur, sjúkum mönnum til hjálpar. Það stendur óhaggað það sem postulinn sagði: Rannsakið allt og haldið því, sem gott er.

## LISTIR OG LISTAMENN

Þess gerist tæplega þörf að minnast á listir og listamenn í þessu sambandi, því að listamenn virðast í raun réttir vera svo samgrónir náttúrunni og starfsemi hennar, að fátt eitt er ástæða til að benda á í þessu sambandi. Í raun réttir er listamaðurinn alltaf að reyna að skapa, hafa náttúruna sem fyrirmynd og uppistöðu, en bæta svo við formið nýjum atriðum eða breyta því í samræmi við sína eigin skynjun.

Margir málarar nútíðar skynja fleiri liti og litasambönd en áður átti sér stað. Þeir sjá liti hinna hærri veralda að meira eða minna leyti, bæði vitandi og óafvitandi. Þeir hlaupa ekki fram hjá hinni hærri tilveru og litum hennar og litasamböndum. Það er t. d. vitað, að menn sjá misjafnlega mikið af útrauða litnum og einnig þeim útfjólubláa. Þeir, sem sjá þá liti, sjá út fyrir takmörk hinnar jarðnesku veraldar. Myndhöggvarar sumir eru líkingasmiðir og sýna hinar hærri veraldir í táknum í myndkerfum sínum. Þetta gera málarar í hugmyndamyndum. Skáldin segja einnig frá þessu í líkingum og jafnvel í einföldum frásögnum og ef til vill án þess að hafa gert sér þess grein hvað þeir sögðu. Húsagerðarlistamenn sýna byggingu tilverunnar - eða ákveðinn hluta hennar - í byggingastílunum. Þeir, sem eru raunverulegir listamenn í þessari grein, blanda ekki saman fleiri ósamkynja stílum og purpa ekki í sundur þá stíla, sem þeir byggja eftir og fella ekki burt verulegar heildir, svo að líkingakerfið, sem stíllinn sýnir, verði sundurtætt og í molum og birti ekki þá listaheild og innri veruleika, sem það á að sýna.

Því nær náttúrunni sem listamaðurinn lifir, því fullkomnari skapari verður hann og hjálpar mönnum til þess að skilja og skynja hinn innri veruleika lífsins, tilgang þess og tilhögun.

## VERALDLEG VIÐFANGSEFNI

Margir líta á þennan hinn jarðneska heim sem eitthvað alveg óviðkomandi andlegu lífi og viðfangsefnum þess. En þessi heimur er þó aðalskilyrðið til þess að menn geti öðlast skynjun og kynnst hinu innra lífi hinna hærra veralda, tilgangi þess og viðfangsefnum. Er hann grundvöllur tilverunnar neðan frá séð og enginn getur orðið fullkominn, nema hann hafi náð algerum tókum á verkefnum og viðfangsefnum þessa heims. Og því andlegri sem menn eru, því hyggjari eru þeir í meðhöndlun jarðneskra verðmæta. En það verður að taka strax fram, að hvorki nirfillinn né eyðsluseggurinn eru þess umkomnir að fara réttilega með hin jarðnesku verðmætin.

Dulfræðin er í mörgum greinum nothæf í jarðnesku lífi manna.

Stjörnuspekin er í raun rétttri byggð á æðri þekkingu, og aðaluppistöður hennar eru til vor komnar frá elstu fornaskju. Hinir miklu meistarar Kaldea og Egypta hafa áreiðanlega þekkt grundvöll þann, sem stjörnuspekin byggist á. Þeir hafa þekkt hina innri og æðri starfsemi tilverunnar og vitað, að hún byggist á sveifluverkunum, og því töluðu þeir um samhljóma hnatta og heima. Stjörnuspekin á tvær hliðar, aðra innri og æðri og hina ytri og vísindalegu. Þess vegna skiptast þeir, sem fást við stjörnuspeki, í tvo flokka, þá sem fást eingöngu við sálræna og dulræna stjörnuspeki. og þá, sem fást við þá ytri og veraldlegu og vísindalegu.

Stjörnuspekin er því nothæf til margra hluta, og sé hún meðhöndluð á réttan hátt, má gera með henni mikið gagn í ýmsum greinum, enda er aðaltilgangur hennar að gefa mönnum ráð og bendingar. Þannig notuðu Kaldear hana t. d. í sambandi við dagleg störf. Þeir hófu ekkert verk- eða viðfangsefni án þess að leita leiðbeininga hinna lærðu stjörnuspekinga. Þeir settu niður jurtir og sáðu í jörðina á ákveðnum tíma, þegar plánetuafstöður og þá sérstaklega tunglafstöðumar voru góðar og gáfu bestar vonir um mestan vöxt og uppskeru. Þeir lögðu grunn að húsi á réttum tíma og þeir fluttu búferlum á þeim tíma er stjörnurnar bentu á hagstæðust skilyrðin. Þetta að til sé sá rétti tími til þess að framkvæma hvern hlut - þegar sveiflusambönd plánetnanna eru hagstæð og náttúruöflin vinna með viðleitni manna en eigi gegn henni.

Ýmsir stjörnuspekingar nútíðar hafa gert mjög mikilsverðar athuganir í þessum greinum og hafa komist að mjög árangursríkum niðurstöðum í tilraunum sínum, og eru þær alveg í samræmi við það, sem hinir fornu Kaldear héldu fram. Ég hefði aðeins minnst á þetta sem staðreyndir, en fer eigi lengra út í það í þessu sambandi.

Ég hefði átt að segja fleira um þetta efni, en verð að láta staðar numið. En vil taka það fram, að þegar athugunum og rannsóknum þessa heims lýkur, þá erum við komin að hliðum æðri veralda og þar halda viðfangsefnin áfram, og ef við komumst að raun um að viðfangsefnin leysast ekki í þessum heimi, þá eiga þau lausn sína í æðri heimum og orsakir þeirra eru þar. Þess vegna dugir ekki að ætla sér að slá striki yfir allt, sem menn fá ekki skilið svona allt í einu, því lausnin er til, en hún er í hinu óþekkta og hið óþekkta fáum við að þekkja undir eins og við erum því vaxnir, og þá verður það eins og hver eðlilegur og sjálfsagður hlutur.

# JÓN ÁRNASON

## Táknfræði

Táknin eða jartegn (symbol) er hinn elsti og víðtækasti frásagnarmáti, sem enn hefur þekkt. Hann er jafnhandhægur til kennslu barna og unglunga eins og þeirra, sem lengst eru komnir í þróun. Táknin eru alls staðar nothæf til þess að skýra og skilgreina málefni það eða hugmynd og hugmyndir, sem fyrir liggja til athugunar og úrlausnar.

Hvenær tákn hafa fyrst verið notuð er ógerlegt að staðhæfa. Öll líkindi eru til þess að þau hafi verið notuð undir eins og maðurinn var vaxinn svo frá frumstiginu, að honum var unnt að skilja lítils háttar skilgreiningar og veita fræðslu viðtöku. Þá hefur verið unnt að benda honum á hliðstæður nokkrar til þess að létta honum skilninginn. Tákn hafa verið notuð í sambandi við öll trúarbrögð og trúarbragðaheimspeki. Á bak við öll trúarbrögð, meiri og minni háttar, voru launhelgar, og í þeim voru tákn og táknkerfi notuð, til þess að skýra hinum innvígðu dýpstu sannindi tilverunnar, sem í innsta eðli sínu urðu aldrei til fulls skýrð með orðum.

Þannig voru egypsku launhelgarnar taldar fyrirmyndin fyrir öllum laun helgum fornaldar, og sóttu fornaldarþjóðir alla visku og þekkingu til Egypta. Þetta sýna uppgreftir fornaldarrústa og rannsóknir þeirra í Egyptalandi, á Krít, í Grikklandi og víðar.

Að öllum líkindum hafa Krítarlaunhelgarnar verið eldri en þær grísku. Þá koma grísku launhelgarnar, og er talið að ýmsir hinna grísku spekinga hafi verið þátttakendur í þeim, t. d. í Elevsís- og Díónýsos-launhelgunum. Hjá Gyðingum voru Essenar. Gríski spekingurinn Pýþagóras stofnaði launhelgar. Sumir segja að það hafi aðeins verið hálf-launhelgar, einkum þær, sem hann stofnaði á Sikiley. En heima fyrir mun hann einnig hafa haft aðallaunhelgar, líkt og reknar voru í Elevsís, því þar voru hvor tveggja rekin jöfnum höndum. Pýþagóras hafði öðlast megnið af þekkingu sinni hjá Egyptum, því það er kunnugt, að hann hafi farið þangað að minnsta kosti einu sinni, ef ekki oft. Sumir segja, að hann hafi fengið aðeins tvö stig í launhelgum Egypta, en aðrir halda því fram, að hann hafi fengið þau öll, og er það sennilegra. Tölvísindin mun hann hafa flutt frá Egyptum til Grikklands. Eru tölurnar í rauninni ein grein táknfræðinnar.

Þá fluttust launhelgarnar til Ítalíu, eins og áður er vikið að, eða til Rómarríkis. Koma þar til greina byggingameistararnir, Comacini. Þá eru riddarareglur miðaldanna áreiðanlega einn liðurinn í þessari viðleitni manna. Musterisriddarar, Jóhannesarriddarar, Rósakrossriddarar, Mölturriddarar o. fl. Eru byggingaiðnfélög miðalda einn liðurinn í þessari starfsemi. Það er sagt, að til séu á Englandi og Skotlandi stúkur verkmúrara, sem hafi starfað frá því á 10. og 11. öld og eigi rót sína að rekja alla leið til egypsku launhelganna.

Þannig erum við í stuttum dráttum komin allar götur fram til okkar daga. Því er og haldið fram, að ýmis atriði frá launhelgum fornaldar séu geymd í reglubræðralögum nútíðar og huldar í formi tákna og líkinga.

Í aðalatriðum skiptist táknfræðin í þessar greinar: Málshætti og gátur, goðsagnir, dæmisögur, helgiletur (hieroglýfur) og tákn.

Vil ég nú gera tilraun til þess að skýra stuttlega hverja þeirra fyrir sig.



## MÁLSHÆTTIR

Málshættir eru líkingar og eru því táknrænir mjög. Þeir segja í raun réttir frá allt öðru en því, sem þeir beinlínis fjalla um, eins og t. d. þessi einfaldi málsháttur: "Oft veltir lítil þúfa þungu hlassi." Þetta er líkingaumsögn og segir frá allt öðru en því, sem er beinlínis sagt og getur átt við mörg og margvísleg og óskyld atvik. En segði maður aftur á móti: "Þúfan velti hlassinu," þá hefur málshátturinn misst gildi sitt sem tákn og er aðeins frásögn um eitt einstætt atvik, sem fyrir hefur komið og hvorki meira né minna. Þetta er munurinn á beinni sérstakri frásögn um ákveðið atvik og táknrænni líkingu, sem er algild frásögn um allt, sem getur náð því að vera hliðstætt henni.

## GÁTUR

Eru þær í rauninni eitt atriði, sem geti talist þessum lið og eru að ýmsu leyti táknrænar. Má þar til nefna gátuna alkunnu:

"Sá ég lambið sjóinn vaða, svo það fékk af engan skaða, en fíllinn með sinn fótinn hraða féll og dó þar inni. Leystu úr minni, leystu úr gátu minni." Þetta er biblíugáta og segir frá því, er Ísraelsmenn fóru yfir Hafið rauða þurum fótum og eru þeir táknaðir með lambinu, en Faraó með sveitum sínum elti, en þá féll hafið saman á ný og allir drukknuðu og er hann táknaður með fílum. Gátur eru því táknrænar og eru að litlu leyti nothæfar á annan hátt.

## GOÐSAGNIR

Goðsagnirnar eru mjög markverður þáttur þessara fræða.

Eru þær frá mjög mismunandi tímum og mismunandi menningum. Er þær í raun og veru heil heimspekikerfi framsett á líkingamáli. Og ef farið er að bera þær saman, sumar hverjar, þá má finna, að sömu hugmyndirnar liggja á bak við þær, jafnvel þó að frásagnarmátinn eða formið sé gerólíkt. Þannig eru. mörg atriði sameiginleg í Osiris-sögninni í goðafræði Egypta, Elevis-sögninni í goðafræði Grikkja, í frásögn Nýja testamentisins um Jesú og í Ýmis-sögninni í goðafræði Norðurlanda. Þar að auki eru til sambærileg atriði í kínverskum sögum, sögnum. meðal Ástralíusvertingja og innfæddra á Kyrrahafseyjum, á meðal svertinga inni í Afríku, sumum atriðum frá Egyptum og í goðafræði Norðurlanda. Er ekki rúm til að rekja þetta nákvæmlega í þetta sinn. Aðeins er verkefnið að benda á þetta.

## DÆMISÖGUR

Eru þær að miklum mun kunnari og almennt skiljanlegri en goðsagnirnar og eru þær oft og tíðum mjög ljós siðræn hugvekja og leiðbeining um gott og göfugt lífverni. Hafa þær, eins og margar líkingar og tákn oft og tíðum, mörg hugmyndakerfi á bak við sig, og er það vegna þess, að það má lesa þær frá mörgum mismunandi sjónarmiðum eða sjónarhæðum. En aðeins verður að gæta þess, að hvert skýringakerfi sé rökrétt rakið út af fyrir sig. Dæmisögur Krists eru t. d. margfaldar að skýringum og má finna mörg kerfi út úr sömu sögninni; er það vegna þess, að sá, sem söguna sagði, sá allar skýringar hennar í senn og því hærra, sem lesandinn er kominn í þroska, því meira sér hann í dæmisögunni. Dæmisagan um hinn týnda son er einhver

merkasta sagan, sem sögð hefur verið og má skýra hana á fleiri en einn veg. Það má t. d. skýra hana á almenna siðferðilega vísu og mannlega. Þar sé átt við mann, sem vill út í heiminn, lífið, og heldur að þar muni hann betur njóta þess en heima, en lífsaðstæðurnar urðu honum örðugar og hann hverfur heim á ný, því hann skynjar, að alltaf er heima best. En það er til önnur miklu dýpri skýring, og er hún Í raun og veru um algilt náttúrulögmál. Er sögnin einnig frásögn um för andans um allan hinn langa veg þróunarinnar og allt þangað til að hann er kominn þangað sem hann hvarf frá í fyrstu og orðinn guðdómlegur. Hann er orðinn eitt með föðurnum á himnum. Skeiðið er á enda runnið. Er hér verið að segja frá þróunarskeiði, sem liggur í gegnum líf eins sólkerfis, sem varir jafnvel í þúsundir milljóna af árum eða meir, séð frá sjónarmiði okkar, sem lifum og hrærumst í þessum heimi, heimi takmarkana.

Þúsund og ein nótt eða arabísku sögurnar, sem öllum þykir svo vænt um, eru fullar af líkingafrásögnum og dulspæki. eru sumar sögurnar sérstaklega áberandi í þessu efni. Þeir, sem hafa kynnt sér dulfræði að nokkru ráði, munu eiga hægara með að skynja þetta en aðrir, því þeir finna samlíkingarnar.

Í sögunni Aladín er t. d. frásögnin um hellinn, sem töframaðurinn frá Afríku vildi fá Aladín til þess að fara niður í fyrir sig og ná í lampann. Það, sem sérstaklega ber að athuga, er þetta: Þegar Aladín er kominn niður í hellinn, þá opnast honum salur einn mikill. Er hann fullur af alls konar blómskrúði, Hann á í engu að skeyta því, því undir hverju blómi liggur höggormur. Er þetta nákvæm lýsing geðheima, og eru þar sagðar ekki minni hættur en hér og hætta á meinlegum skynvillum. Það er einmitt sérstaklega sagt um geðheima, að þar liggi höggormur undir hverju blómi. Í næsta sal, sem Aladín átti að ganga í gegnum, voru mikil auðæfi gulls og gersema, en hann átti að láta það allt afskiptalaust og ekki láta glepjast af þeim. Er þetta lýsing hugheima hinna lægri, þar sem hugurinn vinnur í formi. En þar fyrir innan var geymdur fornfálegur lampi og hann átti Aladín að hafa á brott með sér. Er lampinn tákn æðri hugsana og æðri hluta hug heima, þar sem hinn raunverulegi maður ríkir í öllum máttugleik sínum, visku og þekkingu. Lampinn er ljós hinnar miklu þekkingar, sem hefur vald á hinum miklu öflum náttúrunnar og getur unnið með þeim og það var hið eina eftirsóknarverða.

Kaflinn einn í sögunni Parísade er einnig mjög eftirtektarverður frá þessu sjónarmiði. Er það kaflinn um för Parísade upp á fjallið, til þess að ná gersemunum þrem: Fuglinum talandi, eikinni syngjandi og vatninu gjósandi. Margir höfðu farið þessa leið og reynt að ná gersemunum, en enginn hafði komið aftur. Tveir bræður Parísade gerðu einnig tilraun til þess að ná gersemunum, en allt fór á sömu leið. En Parísade komst alla leið, eins og sagan segir og náði gersemunum þrem. Eftir tilvísun fuglsins tók hún kvist af eikinni til þess að gróðursetja í garði sínum og í flösku tók hún af vatninu gjósandi og af því varð gos brunnur í garði hennar, og fuglinn hafði hún í búi í höllinni. - Þessar þrjár gersemar eru tákn þeirra hæfileika, sem sá hefur öðlast, sem klifið hefur fjall fullkomnunar. Vatn hreinleikans, sem þvær burtu allt gróm í tilfinningum, huga og athöfn. Eikin syngjandi er tákn þeirrar þekkingar, sem sá hefur öðlast, sem er fær um að hlusta á hinn mikla samhljóm lífsins. Fuglinn talandi er tákn þess máttar, sem sá er gæddur, sem hefur rétt til þess að tala eins og sá er vald hefur, sá, sem hefur náð tökum á hinu mikla máttarorði guðdómlegs lífs. Og fuglinn, þetta máttarorð, sagði henni að nota vatn endurlausnarinnar og stökkva af því nokkrum dropum á steina þá hina svörtu, er stóðu sinn hvorum megin við veginn og þá losnuðu allir þeir úr álögunum, sem höfðu litið til baka og orðið að steini. Parísade hafði náð valdi yfir þessum miklu náðargáfum og var orðin frelsari annarra.

Þetta er leið þess, sem klifrar fjall fullkomunar og stígur niður aftur til þess að hjálpa yngri bræðrum sínum áleiðis að sama marki og hann hefur þegar náð.

## HELGILETUR

Egypska myndletrið er á útlendu máli nefnt hieroglyphs og hef ég nefnt það helgiletur, því mikið af helgisiðum Egypta hefur einmitt verið skráð með því lettri og er að finna á veggjum musteranna. Er það hvort tveggja, að ein mynd tákna einn staf eða orð og setningu. Bók hinna dáu er t. d. skráð með egypsku myndletri, og hefur hún verið gefin út á Englandi af dr. Wallis Budge, forstöðumanni egypsku og kaldeisku deildarinnar í "British Museum". Kínverska lettrið var einnig hugmyndaletur (ideography). Hebreska stafrófið er einnig tákn. Hver stafur þess hefur þrefalda merkingu. Er hann í fyrsta lagi hljóðtákn. Í öðru lagi hefur hann tölugildi. Og í þriðja lagi er hann táknmynd. Er sú merking í raun og veru dýpsta og þýðingarmesta merking stafrófsins. Talnaspekin er í rauninni byggð á hebreska stafrófinu, því hver hinna 22 höfuðlykla hennar samsvarar hverjum staf. Hebreska stafrófið hefur jafnmarga eða 22 stafi. Og tölurnar eru tákn. Má með ýmsum aðferðum rekja tölugildi mannanafna og finna úr þeim ýmis atriði og eiginleika, sem sá er gæddur, sem á nafn það, er um er að ræða. Höfuðlyklar þessir eiga aftur hliðstæður í spilunum, tarot, sem flökkulýðurinn (zigeunar) hefur varðveitt, og eru háspilin 22, en lágspilin 56. eru þau upprunalega egypsk og má finna mikið af dulspeki Egypta í þeim. Fyrsti stafur hebreska stafrófsins Aleph er a og hefur tölugildið 1. Upp úr honum kemur krókur og veit til himins, en hinum megin er annar krókur og veit til jarðar, en miðhlutinn tákna marklínuna milli anda og efnis. Hann tákna því hina guðlegu orku, sem sífelld streymir niður í efnið og mótar það og heldur þannig við starfinu og þróuninni. Hann tákna einnig mann, sem hallar sér og réttir hægri hönd upp, en hina niður. Með hægri hönd veitir hann viðtöku hinna guðlegu orku og gefur hana aftur með vinstri hendi. Er þetta einnig sýnt í vígsluröð kirkjunnar í hæfileika þeim, sem prestar hennar og prelátar hafa til þess að veita vígslur og sakramenti. Í þessu sambandi má minna á hina heilögu ferstöfu (tetragammatan). Er hún mótuð af hebresku stöfunum Jod, he, vá, he, og er lesin Jehova. Er það heiti guðs, eins og það er sýnt í ritum gamlatestamentisins. Hefur orð þetta fjóra stafi og þrjár samstöfur og bendir á 7, töluna, sem er áberandi tala í þróuninni. Fyrsta atkvæði orðsins er: Je og þýðir, sá, sem var. Annað atkvæðið er: Ho, og þýðir, sá, sem er. Þriðja og síðasta atkvæðið er: Va, og þýðir, sá, sem verða mun. Má úr þessu rekja mjög mikla og merkilega fræðslu um lífið og starfsemi þess, því þetta er nafn hins mikla guðdóms, sem er almáttugur, alvitur og alls staðar nálægur.

Fyrsta spil tarot-spilanna er töframaðurinn. Er borð fyrir framan hann og á því liggja fjórar gersemar: Stafur, bikar, sverð og teningur. eru lágspilin 56 í fjórum flokkum, eins og í venjulegum spilum, en munurinn er sá, að 14 spil eru í hverjum flokki í stað 13, sem eru í venjulegum spilum. Stafirnir eru laufið, bikararnir hjörtun, sverðin spaðarnir og teningarnir tíglar. eru þessir fjórir flokkar endurspeglun af hinna heilögu ferstöfu og hafa þeir fjögur mannsspil hver um sig, sem einnig eru endurspeglun af því sama: Konungur, drottning, riddari og peð. Er því haldið fram af sumum, að manntaflíð eigi rót sína að rekja til tarot-spilanna. Alls eru spilin 78. Töframaðurinn réttir hægri hönd til himins og heldur á staf og sjást eldblossar út úr endum hans, en vinstri hendi beinir hann til jarðar. Er hann tákn hins guðlega lífs, sem flæðir stöðugt gegnum alla tilveruna og er farvegur þessa lífs í alveg sérstæðum skilningi. Er hann það sakir vitundarhæðar þeirrar, er hann hefur hlotið og stafurinn tákna.

Stjörnuspekina má í raun rétttri nefna í þessu sambandi. Er það fyrir þá sök, að hún notar tákni til þess að birta þau sannindi, sem er að finna á bak við hreyfingar himintungla og lýsa starfinu í sólkerfinu. Er hún einnig egypsk að uppruna. Það eru skiptar skoðanir á uppruna hennar. Því er haldið fram að hún sé kaldeisk, og má það vel vera. En um þetta er deilt af þeim, sem við þessi fræði fást. Merki þau, sem notuð eru til þess að marka dýrahinginn, eru táknræn, og sama er að segja um merki þau, sem notuð eru til þess að sýna plánetur sólkerfisins, tungl og sólu. En tákni þessi sýna eiginleika þá og áhrif, sem merki dýrahingsins og pláneturnar hafa á lífið hér á jörðu.

Það má segja um listirnar, að þær séu ein grein tákna, því listaverkin séu oft og tíðum táknræn. En þær eru það misjafnlega mikið og fer það nokkuð eftir meðferð þeirra og framsetningu. Listirnar eiga að túlka almenningi einhver andleg verðmæti og ef þær gera það, þá verða þær táknrænar, en séu þær bein frásögn um einhvern hlut og eigi annað eða meira" eru þær minna táknrænar og hafa eigi aðra og dýpri þýðingu en þá, að vera raunveruleg frásögn um einhvern hlut eða eftirgerð hans, að svo miklu leyti sem listamaðurinn hefur megnað að sýna hana. Einar Jónsson, myndhöggvari, er að mínum dómi yfirgnæfandi táknrænn og hefur mikið meira að segja en menn hafa hugmynd um. Og síðar verður hann miklu betur og almennt skilinn en nú á dögum. Þá verða menn vaxnir því að lesa verk hans og hafa raunverulegt gagn af þeim.

Skjaldmerkjafræðin (heraldik) er í raun og veru ein grein tákna, en er þó að öllu leyti sjálfstæð fræðigrein. Annars er hún að nokkru leyti önnur hlið og í eðli sínu andstæð hinni venjulegu táknafræði, þó að hún styðjist við hana, eins og listirnar, að hún er æfing í því að framsetja tákni og táknerfi og táknaambönd, frekar en að lesa úr þeim. Táknafræðin er lestur tálma, en hitt er sköpun þeirra og er í rauninni árangur af henni.

## ALMENN TÁKN

Er þá komið að síðasta og aðalatriðinu í þessum athugunum. Það eru hin almennu tákni eða sú grein táknafræðinnar, þar sem eingöngu er að ræða um rúmfræðitákni, eins og t. d.: Depil, hring, þríhyrning, ferhyrning, tening, fimmhyrnda stjörnu, sexhyrnda stjörnu, sjöhyrnda stjörnu, grískan kross, rómverskan kross, egypskan kross eða tékrossinn, þórshamar eða sigurkross (swastika). eru þessi tákni yfirgrípsmest allra tákna, því að þau eru frásögn um náttúrulögmál eða staðreyndir, sem gerast í náttúrunni, bæði þeirri sýnilegu og ekki síður í hinni ósýnilegu. Þau eru algild og eru skýranleg á öllum tilverustigum og á öllum víðáttum. Alls staðar þar sem andi og efni er sameinað, þar eru þessi tákni skiljanleg og skýranleg. Þau eru því margföld í eðli sínu. Það er engu líkara en að yfir þeim liggi margar blæjur, og telst hver blæja einu tilverustigi eða víðáttu. Verður þá verkefni nemandans eða lesandans að lyfta blæjunum smátt og smátt af táknuinu og skýra það eins og honum ber það fyrir sjónir í hvert sinn, en gæta verður hann þess, að skýringarnar séu rökrétt raktar og í fullu samræmi við heildarhugsun þá, sem í táknuinu felst. Á þennan hátt fær táknið ætíð nýtt viðhorf frá sjónarmiði lesandans, því hann lyftir ætíð hverri blæjunni af á fætur annarri og nýtt skýringakerfi kemur í ljós. Og hvers vegna gerist þetta? Það er ekki vegna þess að táknið hafi í raun og veru tekið breytingum, heldur hitt, að lesandinn hefur flutt sig á nýja sjónarhæð í hvert sinn sem hann lyfti nýrri blæju af og fékk nýja viðbótarskýringu. Til þess að vera

sæmilega fær um að lesa hið mikla dulmál tilverunnar, tákinn, verður nemandinn að vera gæddur samanburðargáfu og samtengingar og innsæi í sæmilega ríkum mæli.

Orðtæki eitt hljóðar svo: Málið er mannanna, söngurinn englanna og þögnin guðanna. Mælt mál er nothæft aðeins í hinum lægstu veröldum og sérstaklega hér í heimi. Söngurinn, tónarnir, litirnir, eru skynjanlegir á næstu tilverustigum eða víðáttum, en þegar enn hærra kemur, er ekkert af þessu nothæft, því þá gildir þögnin einvörðungu. Og þá er ekkert í rauninni nothæft nema tákinn, þau allra einföldustu þeirra, einmitt rúmfræðitákinn, til þess að gera sig skiljanlegan eða njóta skýringa og leiðbeininga. Það er í gegnum þögnina, þar sem allt er upphafið, sem við nefnum tíma og rúm, að hin dýpsta þekking er veitt um eðli, starfstilhögun og tilgang tilverunnar með aðstoð tákanna. Tákinn eru mál alverunnar og eru í eðli sínu jafneilíf og hún. Þau teljast því ekki frekar einu sólkerfi en öðru eða einni vetrarbraut frekar en annarri.

---

Hér að framan hef ég gert tilraun til þess að lýsa nokkrum aðalatriðum í þessu máli, til þess að menn gætu betur áttað sig á eðli þess og á þann hátt gert þeim greiðara að fást við þessi fræði, ef þeir skyldu hafa áhuga á að kynnast þeim nokkru nánar en áður hefur átt sér stað. Ég hef ekki í þessu sambandi ætlað mér að skýra tákni, heldur aðeins að geta þeirra. Má vera að ég geri síðar tilraun til þess að taka til nánari yfirvegunar nokkur tákni eða táknerfi og reyni að skýra þau að nokkru, til þess að menn fái dálitla hugmynd um aðferðir þær, sem notaðar eru í þessu sambandi og hvernig megi skýra tákni og táknerfi. Þetta verður þó aldrei tæmandi, vegna þess að hér er um eilífa þróun að ræða, eins og ég vék að hér að framan. Þetta geta því aldrei orðið annað eða meira en leiðbeiningar, því að lokum verður hver og einn að lesa og skýra tákni frá eigin sjónarmiði, en eigi frá sjónarmiði annarra manna. Í þessu liggur hið mikla og víðtæka gildi tákniþæðinnar, að hún er ótæmandi eins og tilveran sjálf er óendanleg og ótæmandi að þekkingu og visku.

## JÓN ÁRNASON

## Táknfræði kirkjunnar

Fyrir nokkrum árum reit ég grein um "töframagn helgisiða", sem kom út í blaðinu "Lögrétta". Gerði ég þar grein fyrir nokkrum atriðum í starfi og tilgangi siðaathafna, og lagði sveiflufræðina til grundvallar. Siðaathafnir væru notkun hærri náttúrukrafta, sem birtast í sveiflumagni, sem náð væri tókum á og flyti í gegnum athafnirnar, með því að sérhver hreyfing, sérhvert hljóð eða tónn og tónasambönd raskaði hinni háttbundnu hreyfingu efnisins og gæfi því nýja hreyfingu, sem ætíð hlyti að vekja afturkast eða svar, því að allt leitaði að jafnvæginu á ný. Benti ég á hita- og kuldahreyfingar í þessu sambandi, því að þegar hitastraumur leitar frá miðjarðarlínu til heimskautanna, hlýtur kuldastraumur óhjákvæmilega að berast frá heimskautunum áleiðis til miðjarðarlínu. Munurinn er aðeins sá, að í sambandi við siðaathafnir eru það aðallega sveiflur í æðri veröldum, sem eru vaktar til verka, en eigi í hinum jarðneska heimi.

Í eftirfarandi greinarkorni ætla ég að minnst stuttlega á nokkur tákn, sem birtast í sambandi við lútersku kirkjuna.

Það ætti í raun réttari að byrja á því að lýsa framgangsmáta þeim, sem viðhafður er í messunni, en það er að ýmsu leyti örðugt, því að hún er slitin út úr sambandi. Það vantar t. d. inngangsathöfn, sem sé hreinsunarathöfn o. fl. Það eru komnar eyður í siðakerfið, sem urðu þegar eftir siðaskiptin og fráhræfing frá kaþólsku kirkjunni, því að siðakerfi hennar er nákvæmlega byggt. Þó er nokkrum dráttum haldið enn í dag. Það má því segja, að í messum þeim, sem sakramentið er veitt, séu aðalatriðin til staðar. Dr. Annie Besant bendir á einum stað svo ljómandi vel á það, hvernig rétt byggt siðakerfi eigi að vera: "Sérhver mikilvæg siðaathöfn er frásögn um viðburðaröð í náttúrunni." (Every great ceremony indicates a process in nature). Við eigum því að geta haft ákveðin fyrirbrigði í náttúrunni eða með öðrum orðum, lögmál þau, er hún lýtur, sem mælikvarða á byggingu sérhvers siðakerfis, hvort sem það er stutt eða langt. Ákveðin atriði í fyrirbrigðaröð verða að vera eftirgerð eða eiga hliðstæður í siðakerfinu. - Við getum t. d. tekið manninn sem fyrirmynd.

Maðurinn fæðist, vex, kemst á ungdómsár, hann nær fullorðinsárum, eldist, nær elliárum og deyr. - Á sama hátt á athöfnin upphaf sitt, vex, nær hámarki sínu í sakramentinu, heldur síðan áfram og er loks að fullu lokið. - Ef við aðgætum vel, þá eigum við að finna sömu fyrirbrigðaröðina í öllum tegundum lífs, í sólarhring, árinu, lífi þjóðarinnar og mannkynsins í heild, lífi sérhverrar lífsveru, hvort sem líf hennar er langt eða skammt. Við sjáum að þarna birtist lögmál, sem sérhver mikilvæg siðaathöfn hlýtur að eftirgera, til þess að komast í samband við allsherjarlífið sjálft og þetta lögmál þess. Á meðan menn tóku þátt í athöfninni, gerðust þeir hlutir, að heilt tilverutímabil hóf göngu sína, náði fullum þroska, hrörnaði og dó. En eftir varð árangurinn af starfinu, hæfileikarnir, sem glæddir voru og þroskaðir á meðan athöfnin, lífið, starfsemi þessarar tilveru fór fram.

Sný ég mér þá að hinni hliðinni, því, sem er viðfangsefni mitt í þessu greinar korni.

Það mætti örlítið minnst á kirkjunnar, musterin, sem siðaathafnirnar, messurnar, guðspjónustan, fer fram í.

Í innsta eðli sínu á guðshúsið, eins og það er oft réttilega nefnt, að vera táknræn framsetning af byggingu tilverunnar.



Undir sumum guðshúsum eru gerðar grafhvelvingar. Eru þær tákn undirheima, eða þeirra heima, sem eru lægri en jarðríki. Kirkjugólfíð eða sá hluti kirkjunnar, sem söfnuðurinn hefst við í, er tákn þessa heims, súlurnar og veggirnir tákna geðheimana, en súlnahöfuðin, dýrlingamyndirnar og skrautið er tákn hins listræna og skapandi kraftar, og oddbogarnir eru tákn hugheimanna, en spíurnar og turnarnir eru tákn hinna æðri og andlegu veralda. Í gotneska stílnum eru beinar, óslitnar línur alla leið upp úr, og eru þær tákn þess andlega lífs, æðsta lífs, sem streymir upp og niður í gegnum alla þessa heima. Kristur sté niður til heljar og upp til himna - en hann gerir það ekki í eitt skipti, hann gerir það alltaf á meðan tilveran- er til og starfar meðal annars á þann veg að endurlausn alls og allra.

## KROSSINN

Er hann áreiðanlega eitt af elstu táknum, sem fundin eru í Egyptalandi eða tékrossinn, sem nefnist fullkonnunarkrossinn. Er krossinn því miklu eldri en kristna trúin. Er krossinn mótaður með tveim línnum, er önnur lárétt og er tákn efnisins, en hin er lóðrétt og er tákn andans, sem streymir niður í efnið og gefur því líf, gerir það starfhæft með snertingu sinni. Er það tónninn, hljóðið, ómurinn, sem smýgur í gegnum aflvana óskapnaðinn og setur hann í hreyfingu, gefur honum líf. Að öllum líkindum er átt við þetta með hinu heilaga sanskrítarorði: Om eða Aum, og er líklegt að norræna orðið ómur sé komið af þessu sanskrítarorði, og á það þá ekki einnig skylt við egypska orðið amen og Amen-Ra, sem er heiti hins æðsta guðs Egypta? Af ómur er líklega myndað orðið Ýmir, heiti Ýmis jötuns, úr hvers líkama heimurinn var gerður. Honum var fórnað á sama hátt og andinn fórnar sér með því að bindast efninu, er hann gegnumstreymir það, og bindur sig í því, til þess að tilveran geti orðið til, orðið starfandi og birst sem líf í ytri búningi, og er þetta svo greinilega sýnt og táknað í krossinum. Það mætti því segja: í upphafi var ómur, og ómurinn var hjá guði, og ómurinn var guð. Ég held, að með þessu sé maður kominn skör nær innsta kjarna hlutanna en áður. Í kórnum í sumum kirkjum er gert gólf, sem er samsett af hvítum og svörtum tíglum, sem raðað er á víxl. Eru svörtu tíglarnir tákn efnisins en þeir hvítu tákn andans. Bendir þetta á sömu hugmyndina og þá, sem falin er í krossinum um sameiningu anda og efnis, og er að því leyti ljósari framsetning, vegna þess að sameining anda og efnis mótar grundvöll hinnar starfandi tilveru á öllum stigum hennar, eins og tíglarnir móta og benda á grunn guðshússins, kórgólfíð.

## LJÓSIN

Í sambandi við allar helgiathafnir eru notuð fleiri eða færri ljós. Eru það annað hvort sprittlogar, vaxkertaljós eða sterínljós. Vaxljósin eru best og sprittlogi, en hann á í raun og veru að loga alltaf. Er hann tákn hins eilífa loga, sem alltaf verður til staðar í tilverunni alla tíð. Stundum er notað stórt aukakerti til þess að tákna þetta, og frá því eru svo altariskertin kveikt. Stundum eru notuð tvö stór kertaljós sitt hvorum megin við altaristöfluna, en á altarinu sjálfu tveir þriggja ljósa stjakar sinn hvorum megin. Við getum þá sagt, að tvö stóru ljósin tákni hinar miklu hliðar tilveru eða þætti, þann jákvæða og nei-kvæða, eða anda og efni, en hin ljósin tákni litina eða geislana, og má þá segja að miðljósið á milli hinna þriggja, sem eru sitt hvorum megin, sé biblían, sem liggur á altarinu, og sé hún aðalljósið og miðljósið af þeim sjö, og höfum við þá einnig á altarinu fulltrúa hinna sjö erkiengla, sem ráða yfir

höfuðskepnunum, og hinna sjö plánetulogosa, sem standa frammi fyrir hásetinu og hinna sjö karmadrottna, og eru allar þessar þrjár tegundir hinna völdugu anda, sem eru aðstoðarmenn logosa sólkerfisins, sýndar í ljósum altarsins. Einnig eru í þessum sjö ljósum sýnd öll stærri þróunarskeið. Því að þau skiptast öll í sjö sinnum sjö þróunartímabil.

## BRAUÐIÐ OG VÍNIÐ

Við altarisakramentið er notað brauð og vín. Er sagt, að brauðið sé Krists sannarlegur líkami og vínið hans sannarlegt blóð. Menn trúa þessu ekki - ekki allir - og því hefur þessu verið breytt sums staðar og sagt að brauðið og vínið sé tákn Krists líkama og blóðs. Frá almennu sjónarmiði virðist hið síðara vera réttara, með því að kirkjan heldur því fram, að Jesús hafi stofnað sakramentið í kvöldmáltíðinni, og því sé það endurtekið til minningar um þennan atburð í lífi hans.

Eins og svo margt annað, sem telst til helgiathafna, þá á sakramentið ekki uppruna sinn við þetta tækifæri í kvöldmáltíðinni. Það er miklu eldra. Í launhelgunum - einnig þeim egypsku - var sakramentið viðhaft og jafnvel í miklu stórfenglegri stíl en kirkjan notar það. En hitt gæti þó verið rétt, að kvöldmáltíðin hafi verið fyrirmyndin.

Frá sjónarmiði hinna dulrænu vísinda er fyrri skýringin réttari, að brauðið sé líkami Krists og vínið blóð hans. Er þetta eitt af þeim viðfangsefnum, sem örðugt er að skýra fyrir mönnum og ógerlegt að sanna að raunvísindalegri leið.

Þegar brauðið og vínið er vígt, fer fram innri efnabreyting, sem eigi er sýnileg í hinu ytra efni. Efnalög eða efnategundir hinna hærri veralda, sem einnig eru til staðar í þessum hlutum, eins og ljósvakaefnið t. d., eru að miklum mun hreyfanlegri en hið jarðneska efni. Það, sem gerist við vígsluna er það, að efnum hinna hærri heima, sem venjulega fylgja því jarðneska, er rutt í brott og inn koma efni, sem eru miklu hærri, það er að segja, efni, sem hafa miklu herra sveiflumagn en hin og eru því stöðugur farvegur fyrir þessar sveiflur. Á þennan hátt er opnaður farvegur fyrir þessar sveiflur. Á þennan hátt er opnaður farvegur fyrir guðdómlega orku í gegnum brauðið og vínið með vígsluathöfninni, sem eigi var áður til staðar. Og með því að Kristur er ávallt á bak við kirkjuna, þá veitir hann lífi sínu og krafti í gegnum sakramentið, er vínið og brauðið hefur verið vígt. Það er í raun og veru tengt honum þegar þessi breyting hefur farið fram. Þess vegna er það, að vínið verður að dulvísindalegri leið farvegur fyrir blóð hans, og brauðið farvegur fyrir hans líkamlegu orku. Það eru þessir tveir þættir í hans innra lífi, sem birtast í gegnum sakramentið, sem tvenns konar orkuflóð. Þetta orkuflóð verður að vera í samræmi við grundvöll sköpunarinnar, anda og efni. Er vínið tákn andans, samsvarar honum eða er hann, en brauðið er efnið. Þetta fyrirbrigði verður að vera í samræmi við lögmál náttúrunnar, ef það á að geta gerst, einnig hinnar æðri og innri náttúru.

## MESSUKLÆÐIN

Hin ýmsu messuklæði benda á stöðu þá, sem hlutaðeigandi hefur innan kirkjunnar, t. d. hvort hann er prestur eða biskup. Prestar bera t. d. ekki kápur eins og biskupinn. Í kaþólskum sið hefur hvert fat sína ákveðnu merkingu, og er við vígsluna gert að farvegi fyrir sérstaka tegund orku eða orkustrauma."

Í lúthersku kirkjunni eru messuklæðin þessi: Hempan, og er hún svört. Rikkilínið er utan yfir henni, og er það hvítt. En yfir því er hökullinn, og er hann fjólurauður með gylltum krossi á baki. Um hálsinn er prestakraginn, hvítar, stífaðar, opnar pípur, er víkka eftir því sem dregur fjær hálsinum.

Það virðist svo sem að þetta allt hljóti að hafa einhverja þýðingu - að öðrum kosti hefði það ekki verið notað eða fundið upp til notkunar. Búnaðurinn í heild á auðvitað að einkenna þann mann, sem starf þetta hefur með höndum, og sýna hvers konar stétt og stöðu hann telst. En þetta mun þó ekki vera aðalatriðið. Hér hljóta að liggja dýpri ástæður til grundvallar, og ein þeirra er sá orkufarvegur, sem messuklæðin eiga að vera. En þau hafa einnig táknræna þýðingu. Stuttlega má skýra þau á þessa leið:

Hempan táknar myrkur heiðindómsins og líf hinna lægri veralda. Rikkilínið táknar ljós kristindómsins og ljóma hinna hærra veralda, sem útrýmir myrkrinu. Hökullinn með krossinum gullna táknar kærleika Krists og trúna á hann, sem þetta ljós er þrungið af. Prestakraginn er af sumum sagður vera eftirlíking af ljómanum utan um höfuð Krists.

Búnaður prestsins er einnig sambærilegur við leið mannanna til Guðs og Krists. Hinn svarti litur hempunnar bendir á örðugleika þá, er mennirnir verða að stríða við, til þess að geta fengið inngöngu í Guðsríki, því að í gegnum þrautir og þjáningar ber yður að innganga í Guðsríki. Hið hvíta rikkilín er tákn þeirrar gleði, sem þeir öðlast, sem hafa yfirstigið þjáningar og örðugleika, öðlast gleði hinna trúuðu, sem eru jafnvel glaðir í hinum mestu örðugleikum. Purpuralitur hökulsins bendir á kærleika þann, sem slíkir menn hafa öðlast og stöðugt veita frá sér, ásamt áhrifum fórnfúsrar þjónustu. Og krossinn gullni er orðinn kóróna þess, sem takmarkinu hefur náð, sameiningu við Guð og Krist í hinu hæsta ástandi einingar.

## HREYFINGAR PRESTSINS

Áður en ég lýk við þetta greinarkorn, vil ég minnast stuttlega á eitt atriði. Eru það hreyfingar prestsins fyrir altarinu.

Ég var eitt sinn fyrir mörgum árum staddur í kirkju, og datt mér þá allt í einu í hug, að spyrja sjálfan mig að því, hver væri ástæðan til þess að presturinn sneri sér fyrir altarinu. Þegar fram í messuna kom, rann lausnin upp fyrir mér, að minnsta kosti ein lausnin. Þær geta þó verið fleiri en ein.

Ég veitti því sérstaka eftirtekt, að í hvert sinn, sem presturinn sneri sér til safnaðarins, birti hann honum boðskap drottins, en þegar hann sneri sér að altarinu, bað hann fyrir hönd safnaðarins.

Af þessu dró ég þá ályktun, að presturinn birtist meðan á messunni stendur í þrem persónum. Í fyrsta lagi er hann fulltrúi Guðs þegar hann snýr sér að söfnuðinum og birtir boð drottins. Í

öðru lagi er hann fulltrúi safnaðarins, er hann snýr sér til hátignarinnar og biður fyrir hönd safnaðarins. Í þriðja lagi er hann í bæði skiptin samanlögð meðalgangarinn milli Guðs og manna, eins og Jesús var það og er.

Blessun og birting krossmarksins eru mjög markverð og djúptæk. En það er í raun réttari mjög örðugt að gera það skiljanlegt frá almennu sjónarmiði.

Til þess að gera sér til fullnustu grein fyrir því, hvað gerist, þegar presturinn framkvæmir þessar athafnir, verða menn að hafa það í huga, að presturinn er farvegur fyrir sérstaka tegund orku, sem flæðir í gegnum kirkjuna, og þessi orka birtist í hinum lægri veröldum -- ekki sýnileg í hinum jarðneska heimi - sem ljósstraumar, sem ganga út frá höndum prestsins sem miðdepils í allar áttir, og þetta ljósflóð flýtur yfir allt umhverfið og verkar á stórum svæðum umhverfisins, og nær langa vegu út frá kirkjunni í allar áttir. Kemur þetta flóð ljóss og orku frá hinum hæstu sviðum tilverunnar, og er Kristur gjafi þess og miðlari, eins og vikið er að í sambandi við altarissakramentið. Á sama eða líkan hátt fossar þetta orkuflóð í gegnum krossmarkið, sem presturinn mótar í lok blessunarinnar. Og ekki einungis söfnuðurinn og allir þeir, sem búa í nálægð kirkjunnar, í bænum eða kaupúninu, sem hún er í, eða héraðinu, njóta góðs af áhrifum þessa mikla orkuflóðs, heldur einnig öll hin lægri náttúruríki, bæði þessa heims og hinna æðri heima.

Að lokum vil ég svo minnast á eitt atriði í þessu sambandi.

Það er mjög athyglisvert, að sá, sem fer með siðaathöfn, hafi djúpa andlega hneigð og beri ótakmarkaða lotningu fyrir verkinu, sem hann vinnur og að hann kappkosti að lifa grandvöru og heiðarlegu lífi gagnvart öllum og láti samúðar- og réttlætistilfinninguna ráða í hvívetna.

Sé þessu fullnægt í sæmilega ríkum mæli, er lítill vafi á því, að hann vex við starfið og verður æ víðtækari farvegur fyrir hin æðri öfl, eftir því sem árin líða. Hann verður að hafa það hugfast, að hann verður ætíð að gefa athöfninni, sem hann fer með, hluta af sínu eigin lífi. Á þennan hátt og hann einan verður hann til ætíð meiri og meiri blessunar fyrir aldna og óborna.

## JÓN ÁRNASON

## Rök stjörnuspekinnar

## UPPRUNI

Hvenær stjörnuspekin hóf göngu sína með mannkyni, er ekki kunnugt. Hitt er víst, að hún hefur hafið göngu sína hér langalöngu fyrir sögutíma. Sennilega hefur hún fluttst frá Atlantis til Forn-Egypta með innflytjendum, eins og öll menning Egyptanna hefur gert, því að ekkert er enn fundið í Egyptalandi, sem sýnir vöxt egypsku menningarinnar. Hið elsta, sem fundist hefur, sýnir hana á hádepli. Stjörnuspekin er í innsta eðli ein grein hinna miklu dulpekilegu fræða og hefur verið kennd í dulfræðaskólum fornaldar (mystéria) um ótölulegar aldaradur.

Á Indlandi var hún í fullu gengi 4500 árum fyrir Krist. Er hún rakin þar með nokkuð öðrum hætti en hér í Vesturlöndum og að miklum mun margbrotnari.

Frumrit það, sem einna elst er talið, um stjörnuspeki, er tetrabiblos (fjögurra bóka rit eða ferbinda) Claudiusar Ptólemeusar, sem uppi var í Alexandríu á annarri öld eftir Krist. Öll stjörnuspekipekking Vesturlanda byggist á þessu riti og hefur það staðið óhaggað alla tíð síðan. Reynslan hefur sýnt, að staðhæfingar þess hafa reynst ábyggilegar í öllum greinum. Ptólemeus var jarðmáls- og landfræðingur mikill, og eru frá honum komin jarðmælingakerfin um breiddar- og lengdarstigin, sem notuð eru enn í dag.

Sennilega hefur stjörnuspekin leitað austur á bóginn og farið til Indlands á sínum tíma og þá einnig til Mesópótamíu, og var hún mjög stunduð í Babýlon með miklum árangri í sambandi við gróður jarðar.

Til þess tíma var stjörnufræðin og stjörnuspekin ein og sama fræðigrein og hefur verið það um árþúsundir. Bendir hið forna tímatal okkur svo greinilega á stjörnuspekina, því gömlu mánuðirnir byrja einmitt á þeim tíma, sem sól fer inn í hvert stjörnumerki frá jörðu séð. Þess vegna hefst stjörnuárið á vorjafndægum, þegar sól er í hvirfildepli á miðjarðarlínu á norðurleið sinni. Er það talið áhrifamesta augnablik ársins.

Síðan hafa fræði þessi borist út um heiminn alla leið frá þessum frumdrögum og stöðum um Forn-Grikkir til vorra daga. Nú skipta þeir hundruðum þúsunda, sem stunda stjörnuspeki í öllum löndum heims. Til eru félög stjörnuspekingsa og skólar og útgáfufyrirtæki, sem vinna mestmegnis eða eingöngu að þessum málum. Mikið er til af bókmenntum um stjörnuspeki og handbækur hafa verið gefnar út á aðalmálunum þrem, ensku, þýsku og frönsku, og eru þær gerðar fyrir þá menn sérstaklega, sem leggja stund á stjörnuspeki sem atvinnugrein. Er því venja, að þeir taki próf í einhverjum skóla stjörnuspekingsa áður en þeir gerast atvinnumenn.

## TILGANGUR

Stjörnuspekin hefur í raun rétttri mjög víðtækan tilgang, því hún er í eðli sínu leiðbeining um þróunina, þróun einstaklinga, þjóða og mannkynsins í heild. Gerir hún lýsingu á sálarlífi manna, andlegu viðhorfi þeirra og jarðneskum aðstæðum. Hún bendir á kosti þeirra og galla og kennir þeim þá miklu og nauðsynlegu list að þekkja sjálfa sig, sem er fyrsta skilyrði þess að geta tekið þróun sína í eigin hendur. Þetta hefur verið eitt hið fyrsta viðfangsefni, sem kennt var í launhelgum fornaldar og hefur verið frumkrafa og ótvírætt skilyrði alls sjálfsþroska og andlegs og siðferðilegs vaxtar.

Og hvers vegna er þetta unnt?

Tilveran er ein samtvinnuð heild, órjúfanleg heild, og því eru öll þau lögmál, sem hún lýtur, til staðar alls staðar og í öllu. Þess vegna er náð samband á milli manns og tilveru. Þessum lögmálum lýtur alheimur, vetrarbrautir, sólkerfi, hnettir og allar þær verur sem í þeim búa. Þessi lögmál birtast sem orkumagn, sem er nánar tilgreint, tónar og tölur, litir og lögur, og á þetta má leggja mælikvarða tölvísindanna, því tónar og litir hafa ákveðinn hraða og öldulengd, og þetta tekur ótal breytingum eftir afstöðu og hreyfingum plánetnanna, sólar og tungls og þessir orkustraumar lenda á jörðinni og knýja svör frá þeim verum, sem á henni búa. Áhrifasambönd þessi eru nær óteljandi og hafa í sér fólgin ótal eðlisáhrif.

Þegar mannvera fæðist inn í þennan heim, á þessari jörð, þá gerist það nákvæmlega á þeim stað og stundu þegar áhrifasamböndin frá sólkerfinu eru í nákvæmu samræmi við þróunarstig það, sem hún stendur á. Þess vegna er unnt að lesa út úr þessum áhrifasamböndum alla eðliskosti og lesti þessarar veru og um leið má lesa hin góðu örlög, sem hún flytur með sér og einnig hin slæmu.

Á þessum grundvelli eru gefnar lýsingar þær, sem stundsjáin birtir, sem er eins konar landabréf eða teikning af afstöðu sólar, tungls, plánetna og dýrahringsins gagnvart þessum stað, sem hlutaðeigandi er fæddur á og á því augnabliki, sem hann fæddist.

Með þessari aðferð er unnt að gefa þessari veru leiðbeiningar um þessa aðstöðu hennar, og benda á hvernig hún skuli snúast við verkefnunum, svo að sem mest gagn verði að fyrir framtíðaraðstöðu hennar og þroska. Að þessari leið getur hún tekið þróun sína í eigin hendur og stýrt henni í samræmi við náttúrulögmálin, því "Hver er sinnar lukku smiður".

## HVER ERU RÖKIN?

Höfum við fengið sannanir fyrir réttmæti stjörnuspekinnar? Stjörnuspekin er meðal annars rekin sem samanburðarfræði.

Sumir stjörnuspekinga starfa að rannsóknum og samanburðum á fyrirbærum þeim, sem gerast t. d. í sólkerfinu og hliðstæðum fyrirbærum, sem búast má við að gerist hér samkvæmt þessu fræðikerfi, eins og Claudius Ptólemeus hefur gefið það í bók sinni tetrabiblos. Hafa þessar rannsóknir, samanburðir og athuganir leitt í ljós sannanir fyrir réttmæti þessara uppistöðusteina stjörnuspekinnar.

Úr þessum athugunum eru svo gerð rit, sem menn nota sem handbækur og námsbækur í stjörnuspeki.



Aðferð þessi er áþekk starfsaðferðum læknanna.

Þeir rekast á nýjan sjúkdóm, rannsaka hann, reyna að finna orsök hans, athuga hvernig hann hagar sér og gera tilraunir með, hvernig best sé að lækna hann, og er þeir hafa fundið þetta, skrásetja þeir árangurinn, og svo er hann birtur í lækna ritum og námsbókum lækna, svo allir þeir, sem hlut eiga að máli, geti fengið tækifæri til þess að notfæra sér árangurinn af starfi einstaklinga.

---

Stjörnuspekingar skiptast í tvo meginflokkka. Mætti nefna þá hinn efnislega flokk og hinn andlega eða hinn exoteriska flokk og hinn esoteriska. Fer hinn fyrrnefndi nokkru skemmra en hinn síðarnefndi. Fæst hann aðallega við hin jarðnesku og áþreifanlegu fyrirbrigði, en leggur minni eða enga áherslu á hin innri eða sálarlegu eða andlegu viðhorf. Hinn síðarnefndi bætir við sig sálrænum, andlegum og dulspekilegum fyrirbrigðum til athugunar.

Í raun réttari höfum við eigi enn þá fengið nema hina ytri eða exoterisku hlið stjörnuspekinnar til meðferðar. Hana má byggja á stærðfræðilegum og stjörnufræðilegum athugunum og er það fyrri hluti námsins, sem fjallar um það, hvernig stundsjá skuli gerð. Svo fjallar seinni hlutinn um það, hvernig eigi að lesa stundsjána og gefa skýringar á henni.

Þeir, sem upprunalega gáfu stjörnuspekina mönnum til meðferðar, höfðu engin nútíðarmælitæki til notkunar, því að þau voru þá að líkindum ekki til í þeirri mynd, sem við þekkjum þau nú. En þeir voru sjálfir mælitækin. Það var hin háa og víðtæka skynjun þeirra, sem gerði þeim kleift að athuga kerfið, eins og það er í innsta eðli sínu og lesa það, þar sem það birtist í hinum miklu alveruveröldum, og þeir þurfa því eigi á hinum ytri stærðfræðilegu áhöldum og hjálparmeðulum að halda og þar lesa þeir örlög manna og þjóða, hnatta og sólkerfa hvenær, sem þeir þurfa á vitneskju um það að halda.

Síðar munum við fá tækifæri til þess að kynnast þessum fræðum, eins og þau birtast í þessum veröldum og þurfum þá ekki lengur á hinum ytri fyrirbrigðum að halda okkur til stuðnings í viðleitni okkar.

## JÓN ÁRNASON

**Bindindi - framþróun**

Margir halda fram þeirri skoðun, að tilgangur lífsins sé framþróun, eilíf framþróun.

Mannkynið er í framför, áframþróunarskeiði.

En mjög mismunandi langt eru menn komnir áleiðis. Það má sjá nærri alls staðar. Í sama bænum eða þorpinu eru menn, sem eru svo stutt komnir í andlegum þroska, að þeir hafa litla yfirburði yfir hin þroskuðustu dýr, að því er virðist, en aftur eru þar menn, sem langt eru komnir í andlegum og líkamlegum þroska, eru snillingar hinir mestu í nærfellt öllum greinum, liggur allt í augum uppi, ef svo má að orði komast.

Það má sjá þennan mismun jafnvel enn betur, ef menn renna augunum yfir allt mannkynið er byggir þennan heim, sem við nefnum jörð.

Þroski sá og vitsmunir, sem menningarþjóðirnar hafa náð, er ekki fenginn á nokkrum árhundruðum né árbúsundum, heldur margfalt lengri tíma. Hann hefur komið smátt og smátt, en farið því hraðar sem lengra leið, því þá urðu menn færari um að stíga stærri og stærri skref.

Ýmsum getum má að því leiða, á hvern hátt þroskinn hafi unnist, en þó er ekkert líklegra, en að þeir mennirnir, sem lengst voru komnir, hafi sett markmiðið sem menn ættu að keppa að, til þess að ná sem fljótast og öruggast þeim þroska, sem mannkynið dreymdi um, og eftir því sem fleiri skrefum var náð, þá hækkaði markið að sama skapi, því alltaf kom meira og meira af fullkonnunarbrautinni inn fyrir sjóndeildarhringinn.

Þeir, sem settu mönnum markmiðin til að keppa að, sáu, að það var nauðsynlegt til þess að hvetja þá, og hefur slík starfsemi komið fram í mörgum myndum. Hún hefur meðal annars og ekki hvað síst komið fram í trúarbrögðunum á öllum öldum, í vísindum og listum, í stjórnámálum og þjóðfélagshreyfingum ýmiss konar. Allt hefur það miðað í þá átt að bæta og hefja mennina og þroska þá. Oftast nær hefur löggjöf síðuðu þjóðanna tekið í strenginn og stutt þessa viðleitni - en í fornöldinni voru það einvaldskonungarnir, sem réðu og gáfu lögin og studdu á þann hátt framþróunina.

Það má sjá, að siðferðiskröfurnar voru fram settar í trúarbrögðunum og kröfur trúarbragðanna hafa gilt og hafa víða lagagildi enn í dag, og í Móse-lögmálum er það sama að finna og þannig má rekja fram á vora daga. Og reglan verður þá sú, að á því herra þroskastig, sem þjóðirnar komast, því meira af lagaákvæðum og venjum, sem styðja framþróun manna.

Margir eiga í fyrstu erfitt með að fullnægja hinum settu kröfum, geta jafnvel ekki skilið þær, og brjóta í bága við þær. Fyrir þetta er þeim hegnt og þeir reka sig á afleiðingarnar af óhlýðni sinni og komast fyrr eða síðar á snoðir um að kröfurnar voru réttmætar og smátt og smátt þrýstist inn í meðvitund þeirra, að þetta sé gott og nauðsynlegt, og að lokum verða siðferðiskröfurnar hjá þeim að óskeikulum hæfileika.

Ein hin veigameiri grein framþróunarstarfseminnar á síðustu áratugum, er bindindis- og bannhreyfingin. Hún hefur átt mikinn þátt í því að þroska menn og lyfta þeim á herra stig menningar. Þetta er orðið viðurkennt af mörgum meiri háttar stjórnmálamönnum og spekingum vorra tíma.

Hlutverk hennar er að rýma úr götu þeim mikla steini sem er á vegi alls góðs og fullkomins siðgæðis. Það er ekki hugsanlegt, að heimurinn geti tekið neinum verulegum stakkaskiptum í siðferðisáttina á meðan áfengið situr í hásetinu og dregur milljónir manna niður í svaðið.

Þeir sem lengra voru komnir á þróunarskeiðinu og sáu, hve langt meðbræður þeirra voru orðnir á eftir þeim, hve langt þeir voru leiddir á drykkjubrautinni. fundu, að þeim gat ekki liðið vel nema þessum bræðrum þeirra yrði bjargað, og þeir reyndu að hjálpa þeim. Það gerðu þeir með félagsskap, fræðslu og löggjöf. Allt þetta verður að haldast í hendur, eigi þjóðunum að vegna vel. Eins og heimilið elur upp börnin með aga og umvöndun, eins elur þjóðfélagið upp góða og nýta borgara með félagsskap, fræðslu og löggjöf.

Góðtemplarareglan hefur sett bindindi og bann á stefnuskrá sína, til þess að lyfta þjóðunum upp úr þeim vesaldómi, sem þær voru komnar í vegna drykkjufýsnarinnar, svo þær gætu stigið hin stóru skrefin á þroskunar-, framþróunar- og fullkomnunarbrautinni, sem bíða þeirra í framtíðinni.

Bræðralagshugsjón mannkynsins er einn af framtíðardraumum þess. Og sú hugsjón verður ekki að veruleika, fyrr en mennirnir eru orðnir færir um að lifa í sátt og samlyndi hver við annan. Áfengið truflar og æsir tilfinningalífið og eyðileggur dómgreindina. Það er handhægasta verkfærið til þess að féfletta menn, og meðan það er á boðstólum, er ekki að búast við að friður og bræðrapel geti dafnað með mönnunum.

Þessa draumsjón á áfengisútrýmingin að gera að veruleika. Hún getur einna best stutt að því.

Hver maður hefur frjálrsræði til þess að velja um hið góða og hið illa - en afleiðingar illverkanna taka þó fram fyrir hendum á honum. Hann getur unnið með framþróunarlögmálinu og fært sér það í nyt, til þess að fullkomna sig og þroska, en hann getur líka unnið á móti því - um stundarsakir - en hann mun fyrir eða síðar komast að raun um að hann var að drýgja synd.

Allir vel hugsandi menn, allir sannir mannvínir, munu óska þess að fá tækifæri til að vinna mannkyninu gagn, og þeir munu gera það einna best með því að hjálpa til að létta af því einhverri af hinum þungu byrðum, sem þjá það, og þá er enginn vafi á því, hver muni vera þyngsta byrðin, að þeirra dómi, sem af því þurfi að létta.

Það er drykkjubölið.

## JÓN ÁRNASON

## Sjálfstæði

(Útdráttur)

Sjálfstæði er hugtak, sem oft er nefnt og mikil áhersla er lögð á, bæði af einstaklingum og þjóðinni í heild, og er það í raun og veru eðlilegt, því grundvöll íslensks þjóðernis er að finna einmitt í þessu hugtaki. Það var sjálfstæðisviðleitni og hvöt landnámsmanna, sem knúði þá til þess að flytjast af landi brott í Noregi og mynda hér í landi sjálfstæða lífsaðstöðu og ríki. Þeir vildu fyrir engan mun lúta yfirdrottun annarra. Og sú hugsun hefur ríkt með niðjum þeirra síðan.

En hugtak eða hugsjón er út af fyrir sig nauðsynleg til þess að keppa að. Hún er takmark, sem nauðsynlegt er að ná og svo að viðhalda og tryggja með öllu móti. Því er hugsjón, stefnumarkið. annað en framkvæmd þess. Og með því að sjálfstæði fornanna gat eigi haldist í framkvæmd, varð að endurvekja það og vinna að því, að það næðist á ný, og má segja, að í orði kveðnu sé nú svo komið, að þessu takmarki sé náð.

En mér finnst hugmyndum manna um sjálfstæði mjög ábótavant, og því vildi ég gera tilraun til þess að skýra það frá mínu sjónarmiði. Ég vildi reyna að benda á þau skilyrði, sem að mínum dómi er nauðsynlegt að fullnægja, til þess að unnt sé í raun og veru að skapa fullkomið sjálfstæði einstaklinga og þjóðar, svo að unnt sé að halda og viðhalda þessu sjálfstæði í nútíð og framtíð.

## HVAD ER SJÁLFSTÆÐI?

Áður en ég tek til við aðalefnið, vil ég gera ofurlitla tilraun til að svara þessari spurningu. Athuganir þær, er hér fara á eftir, eru óhjákvæmileg afleiðing af þessu svari mínu.

Grein mín, "Þjóðskipulag og þróun", sem birtist í Eimreiðinni 1934, er í raun réttir undirbygging eða grundvöllur þess, sem ég nú ætla að segja. Í henni eru faldar hugmyndir þær og skilyrði, sem nauðsynlegt er að fullnægja, til þess að skapa sjálfstæða einstaklinga og sjálfstæða þjóð.

Sjálfstæði er að vera hafinn yfir takmarkanir, hafa náð valdi yfir hugsunum, tilfinningum og athöfnum og vera kominn í samræmi við öll lög og lögmál og á þann hátt vaxinn upp úr þeim. Sú þjóð, sem er að miklu leyti samsett af slíkum einstaklingum, er fær um að halda og viðhalda sjálfstæði sínu. Því fámennari sem hún er, því meiri nauðsyn er á því, að hún og þegnar hennar fylgi þessum kröfum og geri þær sér að ófrávíkjanlegri meginreglu. Menn verða í öllum athöfnum sínum að kappkosta að fylgja stranglega þeim siðferðilegu kröfum í viðskiptum sínum við aðra, svo að þeir verði færir um að halda sjálfstæði sínu í öllum greinum.

Hver eru svo skilyrðin, sem þarf að fullnægja, til þess að þetta gullvæga hugtak, sjálfstæði, geti orðið að raunveruleika. Þá þarf að athuga stuttlega aðalatriði þessa mikla nauðsynjamáls í sambandi við afstöðu einstaklingsins og á þeim grundvelli afstöðu þjóðarinnar í heild.

## SJÁLFSTÆÐI EINSTAKLINGSINS

Í þessu máli, eins og öllum þeim málum, sem varða þjóðarheildina, verður fyrst að byrja á einstaklingnum, vegna þess að þjóðin er samsöfnun margra einstaklinga, sem móta eina sameiginlega heild. Það er því náíð samband á milli einstaklingsins og heildarinnar, og er þetta svo samofið, að eigi verður sundurskilið. Þess vegna verður að byggja upp heilbrigt og sjálfstætt þjóðfélag á því að gera fyrst kröfurnar til einstaklinganna og byrja á þeim að skapa þjóðarsjálfstæðið.

Vil ég þá minnast stuttlega á það, hvað einstaklingurinn þurfi að hafa í huga, ef hann vill í raun og veru vera sjálfstæður maður.

Sjálfstæði í athöfnum. - Hann verður að lifa einföldu, óbrotnu og heilbrigðu lífi. Bindindi og reglusemi í öllum greinum verður að einkenna allar athafnir hans. Einföld hagkvæm húsakynni, enginn íburður, allt látlaust og einfalt, en þó þægilegt og hagkvæmt. Mataræði einfalt og óbrotið. Helst að gæta þess að neyta þeirrar fæðu, sem er ný, hrein og óskemmd. Ofnautn í mat og drykk veikir líkamann og hindrar starfsemina, en á stöðugri starfsemi byggist að miklu leyti sjálfstæði einstaklingsins. Menn hafa í raun og veru ekki ráð á að eyða tímanum í aðgerðaleysi. Skipting vinnunnar er hvíld. Þegar menn hafa unnið þá vinnu, sem er skilyrði fyrir lífsviðurhaldi þeirra og framfærslu, þá á að nota frístundirnar til annarra gagnlegra starfa í sambandi við fræði- og listaiðkanir. Í þessu liggur hvíldin, að skipt er um viðfangsefni, en ekki í aðgerðaleysi. Við aukastörfin, listir og vísindaiðkanir, er hið hugræna og listræna líf manna æft og þroskað. En þetta nýtur sín svo best, að lifað sé einföldu og reglusömu lífi.

Í "Þjóðskipulag og þróun" benti ég á þá eiginleika, sem hinn góði þegn hefði til brunns að bera, og eru þeir allir þess eðlis, ef vel og nákvæmlega er að gáð, að þeir eru skilyrði fyrir því að geta orðið sjálfstæður í lífi og athöfnum.

Gæta verður þess ævinlega, að eyða aldrei meira en því, sem raunverulegar tekjur hrökkva til, því að öðrum kosti eru menn orðnir öðrum skuldugir áður en varir og eru þeim háðir í ýmsu tilliti. Athafnafrelsið er heft vegna skuldbindinga, sem aldrei hefðu átt að eiga sér stað.

Öllum loforðum verður að fullnægja skilyrðislaust, því að ef þeim er eigi fullnægt, er frelsið, sjálfstæðið, í voða og óþarfar sakir hvíla á mannum, svo lengi sem þeim er eigi fullnægt og þau afmáð.

Sanngirni í öllum viðskiptum verður að vera ófrávíkjanleg regla, því að öðrum kosti rísa upp kvaðir og óþægindi sem hefta sjálfstæðið að meira eða minna leyti.

Sérdrægni og svik eru afar hættuleg öllu sjálfræði manna og sjálfstæði og hefta hina raunverulegu framför þeirra.

Í öllum atriðum verða menn að hafa það hugfast, að "það sem þér viljið að mennirnir geri yður, það skuluð þér og þeim gera", eða, að það, sem þér viljið ekki að mennirnir geri yður, það skuluð þér ekki þeim gera.

Menn verða að kappkosta að temja sér fullkominn heiðarleik í öllum athöfnum smáum og stórum, til þess að þeir geti haldið og viðhaldið hinu efnalega og þjóðhagslega sjálfstæði sínu.

Siðrænt sjálfstæði. - Hið siðferðilega sjálfstæði er náskýlt og tengt athafna- og fjármunalegu sjálfstæði, því hið síðarnefnda á í raun rétttri stoð sína í því fyrri. Menn verða að byggja allt líf sitt á strangri siðferðiskennd, ef þeir eiga að halda og viðhalda fullu sjálfstæði. Siðferðileg framför og þróun er því nauðsynleg til þess að efla frelsi einstaklingsins, því að öðrum kosti er allt sjálfstæði rokið út í veður og vind fyrr en varir. - Maður, sem hefur áberandi siðferðisgalla, verður ævinlega hornreka í mannfélaginu og menn hliðra sér hjá því að eiga viðskipti við hann. Því er það oft og tíðum lokapáttur lífs hans, að hann hefur glatað frelsi sínu og sjálfstæði og komist undir manna hendur. Hann hefur glatað traustinu á sjálfum sér og hjá öðrum samþegnum og er því gersamlega varnarlaus og ósjálfráður um gerðir sínar að nálega öllu leyti. Há siðferðisvitund er því nauðsynleg til þess að skapa sjálfstæði almennings og einstaklinga, sem birtist í reglubundnu og siðferðilega hreinu lífi og sem um má segja í orðsins fyllstu merkingu: "Hann vildi ekki vamm sitt vita."

Hugrænt sjálfstæði. - Kem ég hér að mjög mikilvægu íhugunarefni. Að ná valdi yfir hugsuninni er mjög þýðingarmikið atriði. Menn halda að hugsanirnar séu þeir sjálfir, en svo er þó eigi. Hugsanir og tilfinning eru eðlisþættir eða tæki, sem sjálfsveran eða hið innsta eðli mannsins notar sem verkfæri til þess að komast í samband við hið ytra umhverfi og skynja það. En sjálfsveran þarf langan tíma til þess að þroska og þjálf þessi verkfæri sín og fullkomna til þess að þau verði fyllilega nothæf og í þessu liggur, meðal annars, þróun einstaklingsins og mannkynsins í heild sinni. Maðurinn þarf að ná fullu valdi yfir hinum hugrænu hæfileikum sínum og halda áfram þangað til að því er komið, að hann getur í raun og veru ævinlega ráðið því, hvað hann hugsar. Menn halda almennt, að þessu sé ekki þann veg farið, en ef menn athuga betur, þá geta menn orðið þess varir með mjög einfaldri tilraun. Ef menn reyna, þó ekki sé nema eina eða tvær mínútur, að halda huganum föstum við eitt ákveðið hugtak og sleppa því ekki og útiloka allar aðrar hugsanir á meðan, þá munu þeir fyrst í stað komast að raun um, að þetta er ekki eins létt verk og menn halda í fljótu bragði. Þá verða menn þess varir, að hugurinn er mesta ótemja, sem hleypur á augabragði frá einni hugmyndinni til annarrar og alls konar óboðnir gestir koma inn í hugann og heimta að sér sé veitt móttaka, og ef sjálfsveran hefur ekki þroskaðan og fastan hugsanaferil, þá ræður hún ekki við þetta nema að mjög litlu leyti.

Mannkynið er nú óðum að feta inn á þá braut, að þroska hugsanahæfileikann og reyna að ná tókum á honum og gera hann sér undirgefinn. Er ýmislegt, einkum nútíðartæknin, sem veitir markverða ytri aðstoð í þessu efni. Á ég þar við vélgæslu ýmiss konar, stjórn á bifreiðum og flugvélum og loftförum. Allt þetta knýr manninn til þess, við og við, að beita ákveðinni fasthygli og æfa hana, sem er fyrsta stigið á braut hinnar hugrænu þjálfunar.

Menn verða að ná það mildum tókum á hugsuninni, að þeir kunni að loka henni þannig fyrir utanaðkomandi áhrifum, að ekkert viðfangsefni, sem berst þeim, verði viðurkennt fyrr en þeir hafa alveg ópersónulega yfirvegað það frá öllum hliðum og athugað kosti þess og galla og að þeirri leið komist að raunverulegri niðurstöðu um það, hvort það sé nothæft og hagkvæmt. Þegar svo er komið má segja, að maðurinn sé búinn að ná sæmilega hugrænu sjálfstæði. Þá lætur hann engin átrúnaðargoð sannfæra sig um gildi hlutanna. Hann gerir það sjálfur.

Andlegt sjálfstæði. - Þegar maðurinn er búinn að ná tókum á athöfnum sínum, siðferðis kennd og hugrænu ástandi, eins og því er lýst hér að framan, þá er búið að opna leiðina að hinu andlega sjálfstæði. Þá getur sjálfsveran, hinn innri maður, ráðið óskorað yfir athöfnum, tilfinningum og hugsunum og þá er öllu óhætt. Þá getur maðurinn í raun og veru ekki gert



neitt það, sem er í sjálfu sér rangt eða ljótt. Upp frá þeirri stundu er hann í raun og sannleika sjálfstæður maður frá almennu sjónarmiði séð og frumskilyrðunum fyrir persónulegu sjálfstæði er fullnægt.

## ÞJÓÐERNI

Ég get eigi lokið við þessar stuttu og ófullkomnu athuganir án þess að fara fáum orðum um þjóðernið.

Hvers vegna er mönnum svo umhugað um að verða sjálfstæðir og mynda sjálfstætt ríki og viðhalda því.

Fyrst og fremst vegna þess, að sjálfstæðishvötin er nátengd hinu innra lífi manna og óaðskiljanlegt því. Í öðru lagi vegna þess, að þjóðernið er sérstök heild, sem vaxið hefir upp frá nokkrum persónum, sem voru eins konar frumfræ, til þess að fæða það af sér og leggja sinn skerf til þess að það gæti orðið til. Í þriðja lagi er það svo hin ytri náttúra, sem hefur lagt hinn síðasta skerf til þess að móta það og halda því við. Þess vegna myndast þjóðir og þjóðerni í ýmsum löndum með mismunandi lyndiseinkennum og útliti, hæfileikum og áhugamálum.

Mótun og myndun þjóðanna er engin tilviljun. (Tilviljun er í raun rétttri ekki til. Við köllum eitthvert fyrirbrigði, sem við verðum vör við, tilviljun af þeirri einföldu ástæðu, að við höfum ekki komið auga á orsök þess.) Þróun alls lífs, allra veralda eða heima, þjóða og einstaklinga, fer í aðalatriðum eftir ákveðnum lögmálum. Hver þjóðin kemur á eftir annarri, fæðist og deyr, eins og mennirnir og lifir í líku hlutfalli við þá, unglingsár, þroskaár, fullorðinsár, og hverfur svo að lokum, til þess að víkja fyrir nýjum þjóðum og þjóðernum. Og hvers vegna gerist þetta? Vegna þess, að hvert þjóðerni hefur ákveðið markmið, ákveðinn tilgang, á að þroska ákveðna tegund af menningu, sem einstaklingar þess tileinka sér og skila svo að lokum fullþroskaðri í hendur nýjum þjóðernum sem á eftir koma. Af þessum ástæðum, meðal annars, hefur mótast úrval, sem sækir brott til nýrra landa og nemur þau, til þess að móta nýja menningu, þroska hana og varðveita og skila henni að lokum í hendur framtíðinni.

Það er því engin tilviljun, að minni hyggju, að hér í landi hefur mótast sérstakt þjóðerni með alveg sérstökum eiginleikum og sérkennum, sem engar aðrar þjóðir eiga. Þetta þjóðerni á að vaxa og fullþroska ákveðnar menningarhliðar og varðveita þær, til þess að á þeim grundvelli verði reist menning, sem eigi sér dagsins ljós fyrr en liðnir eru tugir eða jafnvel hundruð þúsunda af árum.

Íslendingum er fengið í hendur hlutverk sem þeir bera ábyrgð á, og það er á þeirra valdi, hvort þessari áætlun verður fullnægt eða eigi. - Við stöndum nú á alvarlegum tímamótum, og er ekki sama, hvernig menn snúast við lausn verkefnanna. Á því veltur allt. - Ef íslenska þjóðin bregst hlutverki sínu, verður öðru þjóðerni fengið það í hendur.

## JÓN ÁRNASON

## Þjónusta

Í grein minni, "Hin hærri menning", sem birtist í 2. hefti "Ganglera" 1937, leiddi ég athyglina að því, sem ég álití vera heppilegustu leiðina til fullkomunar fyrir menn hér í Vesturlöndum og komst að þeirri niðurstöðu, að eins og nú standa sakir, væri starfið, þjónustan, hagkvæmasta leiðin og sú, sem einna minnstir örðugleikar fylgdu. Þó væri gott að hafa meðfram nokkrar léttar austrænar æfingar, til þess að styrkja hið hugræna líf.

Eins og ég gat um í hinni fyrrnefndu grein, er Karma-yoga starfsleiðin. Krefst hún minni hugrænnar þjálfunar en hinar leiðirnar, en á þó að leiða að sama marki og þær.

Í raun réttari er það sama að gerast og í sambandi við hinar leiðirnar, en driffjöðrin er önnur og viðfangsefnin og hin ytri viðhorf.

Vil ég þá reyna að gera tilraun til þess að skýra þetta nokkru nánar og freista að skilgreina, hvernig það megi verða, að menn í öllum þjóðfélagsstöðum geti í sambandi við daglegu störf, daglegu skyldurnar, komist alla leið að hinu setta marki: Mannlegri fullkomnun.

Enginn má búast við að þetta verði tæmandi. Það verða einungis aðaldrættirnir, sem stiklað verður á, og verður lesandinn sjálfur að halda áfram og fylla í eyðurnar, þegar hann fer að heim færa þetta upp á sig og afstöðu sína til hlutanna, líf sitt og kringumstæður.

## HVAÐ ER ÞJÓNUSTA?

Það virðist tæplega þörf á að skýra þetta orð, því það bendir sjálft á hvað átt er við, en þó vil ég benda á, hvað fyrir mér vakir með þessu hugtaki.

Margir vilja frekar verða ráðendur en þjónar. Það er engu líkara en að þeim finnist það óviðeigandi að vera þjónn, því það sé ekki fínt, það sé auðvirðileg staða og ekki samboðin þeim, sem þykjast menn með mönnum. En það er einmitt þessi hugsunarháttur, sem hefur valdið ótrúlega miklum örðugleikum. Vegna þessa hugsunarháttar hafa menn, sem lítið höfðu til brunns að bera sem stjórnendur, getað komist að yfirráðum og gert ómetanlegt tjón bæði mönnum og málefnum. Þjónustan birtist almennt í því að vilja gera öðrum gagn eftir bestu getu og vera ætíð viðbúinn til þess að vinna með gleði og ánægju þau verkin, sem öðrum þykja lítils virði og jafnvel niðurlæging að fást við. Öll verk eru jafnauðsynleg og lífið, heildin má ekki án þeirra vera og það er besta sönnunin fyrir raunverulegu gildi þeirra. Og hið sanna gildi verkanna er í rauninni ekki árangurinn, sá ytri árangur - þó að hann sé mikils virði - heldur afstaða sú, sem sá hefur til verksins, sem vann það, hjartalag hans og áhugi fyrir því.

Það er þetta síðasta, sem að mínum dómi er meginatriði þjónustunnar sem þroskaleiðar.

Á þessu meginatriði verðum við að byggja frekari athuganir. Við verðum í ljósi þessa skilnings að athuga hinar ýmsu greinar mannlegrar starfsemi og gera okkur það ljóst, hverja afstöðu menn í hinum ýmsu stöðum þjóðfélagsins eigi að taka til þess að þeir geti fetað hina innri þroskabraut.

## RÍKISSTJÓRN ANDINN

Ég byrja á æðsta þegni þjóðfélagsins. Ríkisstjórnandinn, konungurinn, forsetinn eða hvað þið viljið nefna hann, verður fyrst og fremst að skilja það, að hann er þjónn þjóðar sinnar. Fyrir hana og vegna hennar verður hann að vinna öll sín störf. Afstaða hans til allra, inn á við og út á við, verður að byggjast á fullkominni hollustu við þjóðina og föðurlandið með velfarnað hennar fyrir augum og án tillits til nokkurs minnsta votts um sjálfsvirðingu eða eigin vald. Hann verður að hafa gleymt sjálfum sér persónulega, til þess að geta þjónað þjóðinni með heill allra fyrir augum. Hann gefur hið mikla fordæmi þjónsins, hins fullkomna þjóns, svo að þegnarnir fái æ betur skilið mikilleik þjónustunnar og að hin æðsta upphefð er að þjóna og þjóna viturlega.

Hann verður að þekkja hagi þjóðarinnar, viðfangsefni hennar, þroska hennar og þekkingu, skapferli hennar, veikleika hennar, takmarkanir og örðugleika, til þess að hann sé fyllilega fær um að gefa ráð og beina áhrifum sínum í þær áttir, sem bestar og heppilegastar eru - og án alls tillits til einstaklingshagsmuna eða óska. Hann verður að sjá allt í yfirsýn og heildarafstöðu, til þess að hann geti orðið réttlátur, hygginn og dugandi stjórnandi, sem allir geti litið upp til og virt. Yfirsýn hans verður að ná upp yfir pólitískar takmarkanir, vegna þess, að hann er einnig, sem stjórnandi, fyrsti fulltrúi allífsins og auðmjúkur þjónn þess.

## RÁÐHERRAR OG AÐRIR STJÓRNENDUR

Margt af því, sem æðsti stjórnandi ríkisins og þjóðarinnar verður að tileinka sér, er einnig og ekki síður athyglisvert fyrir ráðherra og framkvæmdarvald út af fyrir sig. Þeir verða ekki síður að minnast þess, að þeir eru þjónar, en eigi drottendur eingöngu, sem ætíð og alls staðar þurfi að sýna það og auglýsa, að þeir séu þeir einir, sem viti og geti. Þeir verða að minnast þess, að um leið og þeir eru fulltrúar fyrir pólitískar stefnur og vilji og eigi að koma þeim í heppilega framkvæmd, þá eru þeir einnig embættismenn, sem eigi samviskusamlega að greiða úr málum manna og láta réttlætið njóta sín afdráttarlaust og án tillits til persónulegra hagsmuna eða óska og kunningskapur má þar aldrei koma til greina, því þá er réttlætinu misþyrmt og fordæmi gefið, sem leiðir út á ranga braut. Þeir eru þjónar heildarinnar og hafa umboð hennar til að jafna og safna kröftum hinna sterku í þarfir hinna veiku og minni máttar. Þeir vinna eins og góður og kærleiksríkur húsfaðir. Hann notar afraksturinn af verkum hinna fullorðnu til þess að sjá börnum og unglíngum farborða. Þeir stjórnendur, sem skilja það til fulls, að þeir eru fyrst og fremst þjónar en ekki drottendur, fara ósjálfrátt leið hinnar fullkomnu þjónustu. Þeir eru einnig tækir sem förunautar og samferðamenn á braut hinnar innri þróunar. Þeir eru komnir inn á veginn.

## AÐRIR EMBÆTTISMENN

Það þarf litlu við að bæta viðvirkjandi öðrum embættismönnum þjóðfélagsins, svo sem prestum, læknum, sýslumönnum, dómendum og öðrum sýslunarmönnum. Allir verða þeir að hafa það í huga, eins og hinir fyrrtöldu, að þeir eru þjónar þjóðfélagsins og að þeim ber að sýna yfirráðanda ríkisins og stjórn hans, sem slíkri, fulla hollustu og hins vegar sömu hollustu þeim, sem standa þeim neðar í þjóðfélaginu og þeir hafa umsjón með og þurfa af embættisástæðum að hafa afskipti af. Þetta er nauðsynlegt til þess að fullkomin regla og agi sé ætíð til staðar í þjóðfélaginu og hið nauðsynlega jafnvægi. Þegar þeir hafa skilið til hlítar hlutverk sitt um þjónustuna, er engin .hætta á að örðugleikar eigi sér stað í sambandi við viðleitni þeirra.

## VINNUVEITENDUR

Mörgum vinnuveitanda finnst hann vera vaxinn upp úr þjónustustarfinu. Nú sé hann frjál. Hann geti hagað sér eins og honum sýnist. Hann sé sá, sem valdið hafi. Á þessu bar mjög fyrir nokkrum árum, en er þó nokkuð minna nú, þó að eigi sé það með öllu horfið. Vinnuveitandinn er líka þjónn. Og hafi hann eigi komið auga á hið sanna gildi þjónustunnar, er hætt við að hann fari villur vegar í stjórnarviðleitni sinni.

Vinnuveitandinn er þjónn þeirrar starfsemi sem hann hefur með höndum. Hann er þjónn þeirra hugsjóna, sem hún byggist á. Hann er þjónn þess tilgangs, sem er grundvöllur hennar. En hann er þar af leiðandi ekki síður þjónn verkamanna sinna. Fyrst og fremst ber honum að hugsa um þeirra hag, til þess að þeir séu fullkomlega hæfir til starfans og að af þeim megi vænta þess árangurs, sem tilskilinn er. Ekkert fæst án fyrirhafnar og enginn verkamaður getur til lengdar unnið og afkastað þjóðnýtu starfi nema hann sé sæmilega haldinn og geti sómasamlega séð fyrir sér og sínum. Vinnuveitandinn, sem skilur þetta, veit hve afar mikla þýðingu það hefur fyrir hann, fyrirtæki hans og framtíð þess. En þetta er aftur nátengt framtíðarmöguleikum þjóðfélagsins.

Á þessu byggist það, að unnt sé að viðhalda hraustum kynstofni. Fólkið verður að hafa heilbrigð húsakynni, heilnæm a fæðu, hlý föt og hentug og fullkomin uppeldis- og fræðsluskilyrði fyrir börnin.

Og þessu verður ekki fullnægt nema vinnuveitandinn viti þetta og vinni samkvæmt því. Hann hefur því, öðrum fremur, hagsæld og framtíð þjóðarinnar í hendi sér. Í hans höndum eru lyklarnir að þróttmiklum kynstofni og heilbrigðri þjóð, sem á nálega ótakmarkaða framtíð.

En til þess að þetta verði, verður hann að vera vitur, hygginn og réttlátur þjónn. Hann verður að kunna þá vandlærðu list að gefa og gefa viturlega, því hann ber ábyrgð á afleiðingum góðgerða sinna. Sé hann ríkur eða vel efnum búinn, hefur hann þetta í hendi sér og mikið ríður á, að hann sé vaxinn stöðu sinni einnig sem miðlari fjármunanna.

**KAUPMAÐURINN**

Hann verður að vera þjónn þeirra, sem skipta við hann.

Hann verður að hafa áhuga á velfarnaði þeirra. Með þekkingu sinni getur hann orðið þeim ómetanlegur ráðunautur í vali þeirra vörutegunda, sem þeir þurfa á að halda og þeim henta. Hann verður að hafa lifandi áhuga á fjárhagslegri afkomu þeirra og því efnaðri sem þeir verða fyrir ráðleggingar hans og aðstoð, því tryggari er og verður framtíð hans.

Hann selur þeim vörur með sannvirði og hæfilegri þóknun fyrir ómak sitt og segir hana nákvæmlega í því ástandi sem hún er. En hann á einnig heimtingu á því að allir standi í skilum við hann, því að öðrum kosti getur hann ekki innt hlutverk sitt af hendi í þágu viðskiptavina sinna og þjóðfélagsins, sem hefur veitt honum rétt til atvinnurekstrarins. Hið mikla boðorð viðskiptarekandans má segja í þessum orðum dr. Cannon's í bók hans "Power of Karma" þegar hann á tal um viðskiptin. Kaupmenn segja venjulega: Hvað get ég selt þér. En þeir ættu að segja: Hvað get ég gert fyrir þig. (Hvernig get ég þjónað þér).

Þetta gildir með tilliti til allra, sem hafa með viðskiptamál að gera og reka viðskiptaatvinnu í hvers konar grein sem vera skal.

**IÐNAÐARMÁÐURINN**

Hann er þjónn þeirra, sem hann vinnur fyrir og hann á að gera sér það ljóst, að allt, sem hann vinnur og lætur af hendi, sé vel og hyggilega unnið og fullnægi þeim kröfum, sem gerðar eru og um var samið. Á þann hátt veitir hann viðskiptavinum sínum ómetanlega aðstoð og þeir halda áfram viðskiptum sínum við hann vegna þess hve áreiðanlegur hann er og hve allt er traust og ábyggilegt, sem frá honum fer.

En sama á sér stað með hann og viðskiptarekandann og kaupmanninn, að öll viðskiptin verða að vera hrein og allir viðskiptamennirnir verða að sýna fyllsta áreiðanleik í viðskiptunum ef vel á að fara. Að öðrum kosti getur hann eigi innt af hendi hina mikilsverðu köllun þjónustunnar bæði við þá og þjóðfélagið.

Ef hrein skipti eru við höfð í hvívetna, er öllum unnt að fullnægja kröfunni um þjónustuna.

**VERKAMAÐURINN**

Verkamaðurinn er venjulegast talinn þjónn annarra og er oft álitinn lægsta stéttin og þess vegna megi þjónna honum allt, allt sé nógu gott handa honum. Undir þessum lið á ég einnig við sjómenn, sem eru hásetar, kyndarar og þjónar.

Þegar vinnuveitandinn hefur skilið þjónsstöðu sína, er lítil vafi á því, að verkamaðurinn tekur fljótlega hina réttu afstöðu til vinnuveitanda síns og þess verks, sem hann á að inna af hendi. Honum ber að vinna húsbónda sínum allt það gagn sem honum er framast unnt. Því betur sem honum tekst þetta, því meiri verður árangurinn af vinnu hans og því tryggari verður hann í stöðu sinni. Hann á að vinna án tillits til launanna sem hann fær. Hann á að vinna vegna þess að það er nauðsynlegt fyrir vinnuveitanda hans, fyrir þjóðfélagið, sem veitir honum borgaraleg réttindi og vernd og fyrir mannkynið í heild, sem nýtur góðs af starfsemi hans og atorku. Á honum byggist öll velmegun heildarinnar. Hann er þjónn hennar og sá dýrmætasti, því á hans herðum hvílir í raun réttir öll þjóðfélagsbyggingin fjárhagslega séð. Þjónusta hans er því jafnmikilsverð og hins æðsta ráðanda ríkisins, því hvorugt getur án annars verið. Ríkið

getur ekki verið til án yfirráðanda og því síður án vinnandi, þjónustufúsra þegna. Allt er þetta svo samtvinnuð, að hvergi má bila, ef traust þjóðfélagsbygging á upp af því að vaxa, sem staðið geti í nútíð og framtíð. Öll störf, allar stéttir, eru því í eðli sínu jafnmikilsverðar og í raun réttir engin ein hærri en önnur, því allar eru þjónar hins eina og sama lífs.

## LEIÐ ÞJÓNUSTUNNAR

Eins og ég gat um Í greininni "Hin hærri menning", er ein af yoga-leiðunum nefnd Karma-yoga eða starfsleiðin. Á ég við hana hér að nokkru leyti, þó að ég nefni hana leið þjónustunnar. Er hún að mínum dómi léttasta leiðin og sú, sem best er við hæfi Vesturlandabúa. Þó er ágætt að með henni séu viðhafðar léttar hugleiðslur, jafnvel daglega, en of mikið kapp eða kraft skyldu menn samt ekki leggja í þær, því það getur verið mjög varasamt. Hef ég lítils háttar vikið að því í hinni fyrrnefndu ritgerð.

En aðaluppistaða leiðar þessarar sem sjálfstamningar er þjónusta, starf.

## STUTT YFIRLIT

Þegar að því takmarki er komið á þroskaleið hvers manns, að hann hefur til fullnustu vaknað til meðvitundar um það, að hann á að taka þróun sína og framtíð í eigin hendur, þá verður hann þess brátt var, að hann er kominn að vissum vegamótum. Hann skynjar, að leið sú, er hann lengi vel hefur fetað, hefur í sér höfuðeinkenni þess, að hann hefur oftast nær verið að draga til sín, taka, eignast; ágirndin hefur verið aðaluppistaða og driffjöður athafna hans og viðleitni. Á þessu skeiði hefur hann unnið kraft mikinn og þrótt, sem hann hefur beitt oft og tíðum meira en góðu hófi gegnir í eigin þágu og á kostnað annarra manna. Hann hefur stundum orðið ríkur og voldugur, því hann hefur einskis látið ófreistað til þess að fullnægja þessari hvöt sinni. Hann hefur orðið fyrir ýmiss konar örðugleikum, sorgum og missi, sem afleiðing af misgerðum. Hann stendur nú fyrra lífi sínu augliti til auglitis og sér það allt í öðru ljósi en hann hafði áður skynjað það.

Þegar svo er komið, sér hann fram undan sér nýja leið, leið, sem honum var gersamlega ókunn. Hann sér að hann á að víkja af sinni fyrri braut og hætta að taka, hrifsa, ásælast. Ágirndin á ekki frammar að skipa hásessinn í hjarta hans, heldur þjónustan, fórnin. Og nú á hann að gefa í stað þess að taka. Hann sér því brátt að hann er kominn inn á hina innri leið, þá þroskabraut, þar sem hann sjálfur ræður algerlega ferðinni, en eigi utanaðkomandi atvik og áhrif, sem oftast nær voru sérkenni hinnar fyrrnefndu leiðar.

Að þjóna og starfa í þágu annarra eingöngu er nú driffjöður allrar viðleitni hans, og hann byrjar nýtt líf.



## DAGLEG VIÐLEITNI

Á hverjum degi verður að hafa ákveðin verkefni. Ef menn nota léttar hugleiðingaæfingar, eins og getið er um og sagt frá í greininni "Hin hærri menning", er best að gera það að morgni áður en gengið er til vinnu, helst alltaf á sama tíma. Er þá, eins og þar er vikið að, hugleidd einhver dyggð. Þegar því er lokið, er nauðsynlegt að fara í hugarum yfir öll þau störf, sem maðurinn hefur með höndum yfir daginn og hugleiða hvað hann geti nú þess utan gert í þágu annarra, hjálpað öðrum, frætt aðra og leiðbeint, gefið þeim nýjar hugmyndir eða ný viðhorf við viðfangsefnunum, ritað eitthvað til upplýsingar fyrir aðra, fengist við iðkun lista og vísinda. Hann gerir áætlun um það, hvað af þessu hann geti nú tekið fyrir yfir daginn og í tómsundum sínum, er daglegum störfum og skyldum er fullnægt, því þær, daglegu skyldurnar, eru frumkröfur lífsins, og þeim verður fyrst og fremst að fullnægja, ef lengra skal halda. Auk þess geta birst ýmis tækifæri til þess að þjóna og þá á að hafa opin augu fyrir þeim og vera ætíð á verði til þess að notfæra sér þau. Og því betur og lengur sem nemandinn iðkar þetta, því afkastameiri verður hann og allt skýrist fyrir honum smátt og smátt. Meginþátturinn í þessu er að starfa og þjóna. Og það er sama í hvers konar stöðu og stétt menn eru. Allir geta fetað leið þjónustunnar, eins og ég hef vikið að hér að framan.

Um hádegið eða áður en menn ganga til snæðings, er gott að eyða nokkrum augnablikum til þess að endurnýja hugmyndina frá morgninum, sem hugleidd var, og einnig þau þjónustuverkefni, sem þá voru tekin til athugunar. Þeir, sem ekki hafa næði til þess að gera þetta á þeim tíma dagsins, geta þetta jafnvel við vinnu sína með því að nota nokkur augnablik til þess að láta hugann hvarfla að þessum verkefnum. Þó væri best að þetta væri gert á sama tíma dag hvern, ef auðið er.

Að kvöldi, áður en menn ganga til hvíldar, er nauðsynlegt að setja sig niður á sama stað og menn viðhafa morgunæfingarnar og fara stuttlega yfir störf dagsins og rekja allt upp og athuga hvað hafi áunnist, hvað hafi vel tekist og hvað illa. Reyna að dæma um þetta í þögninni og fullkominni ró eins og óviðkomandi maður og dæma allt hreint og afdráttarlaust og sjá ekki í gegnum fingur við sjálfan sig. Þá kemur viðleitnin til þess að lagfæra það, sem aflaga fór og að láta það ekki endurtakast, sem miður fór.

Þannig verður að endurtaka dag eftir dag, ár eftir ár og áratug eftir áratug, því oftast nær er hinn raunverulegi vöxtur mjög hægfara. En sé allt með felldu, fer varla hjá því, fyrr eða síðar, að hlutaðeigandi verði eigi var við ýmislegt, sem honum var ókunnugt um áður, að ný innri reynsla opnast honum, sem styrkir hann í viðleitni hans og veitir honum fullvissu, aukinn áhuga, staðfestu og þrautseigju til þess að halda áfram lengra og lengra inn í hið óþekkt.

## ÞRÓUN TILFINNINGA

Fátt þróar tilfinningarnar eins vel og þjónustan, sú þjónusta, sem unnin er af einlægni og án allrar þvingunar. Meðan mönnum er þvingun í þátttöku einhvers starfs, viðleitni eða þróunarleið, er hún þeim til tafar og trafala. Þeir, sem ekki eru komnir á það stig að geta þjónað og þjónað með gleði, fórnfýsi og hollustu, geta í raun réttir ekki fetað hina innri leið.

Þjónustunni fylgir óhjákvæmilega kærleikur til þeirra málefna, starfs eða verks, sem unnið er að, og hann glæðir tilfinningarnar og gerir þær næmar og fínar og lyftir þeim smátt og smátt. En af þessu leiðir aftur það, að allur mótblástur verkar um tíma miklu sterkar á hlutaðeiganda

en áður átti sér stað. Hann finnur miklu meira til en almennt gerist um menn, sem ekkert fást við þessa hluti. Og slíkir menn geta tæplega skilið þetta, því þeir hafa enga hliðstæða reynslu við nemandann.

Að sama skapi sem þroskinn vex í sambandi við þjónustuna, vex óhjákvæmilega tilfinningin fyrir réttu og röngu og það styrkir dómgreindina. En þetta gerir nemandanum örðugleika, því fjölda manna er mjög örðugt að skilgreina rétt frá röngu, sæmilegt frá ósæmilegu. Hin stöðuga tröðkun réttlætisins er honum hugarkvöl. En síðar kemst aftur jafnvægi á í sálarlífi hans, og þá hefur þetta lítil eða engin áhrif, því hann skilur smátt og smátt ástæðurnar fyrir öllu og að öll fyrirbrigði eigi sínar eðlilegu orsakir og þá lætur hann sér slíkt vel lynda, jafnvel þó að hann loki aldrei augum sínum fyrir því, sem er rétt og rangt. En hann heldur áfram að þjóna og þjóna án afláts.

## ÞRÓUN HUGANS

Sá, sem fer leið þjónustunnar, nýtur víðtækrar þjálfunar hugans með því að hugsa daglega um og skipuleggja öll störf, því hann kemst ekki hjá því, þegar til lengdar lætur, því verkefnum fjölga eftir því sem tíminn líður. Hugurinn mýkist stöðugt og verður æ þjálla verkfæri. Nemandinn lifir stöðugt í verkum sínum og það verður engu líkara en að þau verði óafvitandi hluti af honum sjálfum. Og á þann hátt nálgast hann smám saman að lifa í núinu, innsæinu, eilífðinni.

Hugleiðslan aðstoðar einnig mjög mikið í þessu tilliti. Hún styrkir hugsunina og gerir hana næma, fína og skarpa, svo að hún geti gripið fljótlega hvert viðfangsefni og skynjað það til botns í aðalatriðum. Og er það nægilegt til þess að geta gert sér þess góða grein, að hve miklu leyti það er nothæft eða eigi.

Á þennan hátt eða líkan fer hin hugræna þróun fram jafnhliða hinni, þróun tilfinninganna.

Í raun rétttri verða allar greinar þróunar að fara fram jafnhliða, jafnvel þó að ein þeirra sé sérstaklega áberandi hjá hverjum einstökum. Það getur enginn komist alla leið einungis að einni einstakri þróunarlínu. Hann verður að komast í kynni við þær allar að meira eða minna leyti, því það er, að minni hyggju, í gegnum þessa fjölbreytni, að maðurinn getur orðið fullkominn og farið að lokum sína eigin leið, sem enginn annar fetar.

Hann verður að vera vinur allra leiða, jafnvel þeirra, sem hann kann ekki við, til þess að ná þessu marki.

## FRÆÐARINN

Þegar vissri þroskahæð er náð og innsæið er nokkuð á veg komið, má búast við því að innri fræðsla fari jafnvel stöðugt að gera vart við sig. Hvaðan hún kemur er ekki gott að vita.

Hún getur komið að mörgum leiðum. Þarf nánar gætur að hafa á því, hvers kyns fræðslan er og gagnrýna hana og sjá, hvort hún sé sennileg og fari í rétta átt. Það skiptir í raun rétttri engu máli, hver fræðir, hvort það er náttúran, hinn innri maður mannsins sjálfs, ofurmenni eða meistari. En eitt mun órækur vottur þess, hvort fræðarinn sé sá rétti, að hann skipar aldrei. Hann gefur aðeins bendingar. Nemandinn á sjálfur að ákveða, hann á að velja og hafna og taka á sig ábyrgðina. Án þessarar aðferðar verður hann aldrei sjálfstæður starfsmaður, hvorki

Þessa heims né annars. Hann á að verða ábyrgur þjónn og borgari í öllum veröldum, og því verður hann eins fljótt og auðið er að taka sjálfstæðar ályktanir og ákvarðanir. Það er alveg eins og í venjulegum skóla. Menn verða fyrst að ná tókum á öllum verkefnum þessa heims áður en það getur komið til mála að þeir geti færst upp í næsta bekk lífsins, hina hærri heima. En ég er í engum efa um það, að undir eins og nemandinn hefur til hlítar lært og náð tókum á viðfangsefnunum hér, þá eru æðri veraldir honum opnar og viðfangsefni þeirra. Þegar nemandinn er tilbúinn, þá er fræðarinn við höndina. Allt veltur á getu nemendanna og viðleitni þeirra. Undir eins og viðleitnin er sýnileg í rétta og heilbrigða átt, þá er farið að ýta undir nemandann og hvetja hann að leiðum, sem eru honum einum persónulega nothæfar, því engir tveir eru eins, og þess vegna er það mesti barnaskapur að halda, að alla sé unnt að setja á sama bekk og meðhöndla á einn og sama hátt. Tilveran þekkir enga slíka aðferð. '

### VEGURINN TIL LÍFSINS

Þegar komið er inn á hina innri leið, verður nemandinn brátt var við það, að á vissum árabílum skiptir um útsýn og jafnvel að nokkru um aðstöðu og viðfangsefni. Þegar hann lítur til baka, sér hann að ákveðin viðfangsefni hafa verið ríkjandi á hverju árabíli fyrir sig. Oftast nær skiptir um á hverjum sjö árum eða nálægt því. Er það sönnun þess að nú er farið að hraða ferð hans. Hann getur þá gegnið í gegnum reynslu og þroska á jafnvel sjö ára fresti, sem áður þurfti heila jarðvist til eða meira. Og geti hann haldið út, þolað þann þunga, sem á hann er lagður, getur honum skilað greitt áfram.

Allir hlutir fá annað gildi. Hlutir, sem áður þóttu eftirsóknarverðir, verða nú minna, en aðrir, sem lítils þótti um vert, verða mikils virði. Líf þessa heims fær allt annað viðhorf í augum vegfarandans en áður átti sér stað og hefur því annað gildi fyrir hann. Hann eygir æ betur hið eilífa og andlega og hefur það stöðugt fyrir hugskotssjónum og miðar alla viðleitni sína við það. En þó missir hann aldrei sjónar á verðmætum þessa heims, því hann skilur enn betur hið sanna gildi þeirra og kann ætíð betur og viturlegar að meðhöndla þau. Vegfarandinn beitir dómgreindinni ætíð frá fyrstu byrjun vegferðar til enda, því án hennar kemst hann ekki langt áleiðis.

En leiðin liggur, eins og allar leiðir, að því takmarki, að þekkja sjálfan sig og að ná fullu vitundarsambandi við sitt innsta og eilífa líf, hið innsta eðli sjálfsins, sem er guðsríkið hið innra.

## FÓRNIN

Fyrr eða síðar á leið þjónustunnar, ekki síður en á öðrum leiðum, verður nemandinn þess var, að hann er kominn á leið fórnarinnar. Hann skynjar, að hann á að skila öllu aftur, sem hann hefur öðlast, fjármunum, hæfileikum alls konar, þekkingu og andlegu a!gervi. Öllu á hann að fórna á altari allífsins. Hann á einnig með gleði að skila sínu eigin lífi. Allífið heimtar aftur allt, sem það hefur veitt, því allt á þetta að notfærast í þágu heildarinnar.

Ein kenning orsaka- og afleiðingalögmálsins er sú, að öll góðverk bindi svo lengi sem menn þrái viðurkenningu og endurgjald og að allar misgerðir bindi einnig og ekki síður. Hið eina lögmál tilverunnar, sem upphefur þetta er fórnin. Hin fullkomna og einlæga þjónusta er í innsta eðli sínu fórn og hún losar manninn við hjól fæðingu og dauða. Nemandinn er þá kominn í samræmi við endurlausnarlögmál tilverunnar, fórnina. Tilveran er orðin til fyrir fórn, og því losnar enginn út úr henni nema fyrir fórn og verður þá fyrst hinn raunverulegi drottnandi hennar.



**1910-1920 Jón Árnason prentari við skrifborð sitt.**